22



Uppspuni er ný spunaverksmiðja sem vinnur íslenska ull

36



Leggur til atlögu við lambakjötsfjallið

44–45



Fíkjur – kóngaspörð með blómafyllingu

TÖLUBLAÐ NÚMER 500 1995 – 2017

Bændablaðið

19. tölublað 2017 • Fimmtudagur 5. október • Blað nr. 500 • 23. árg. • Upplag 62.000 • Vefur: bbl.is




Frænkur og vinkonur, Hólmfríður Katrín, Ása Margrét og Kristín Svala, frá Laxárdal. Í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð hefur mikil nýliðun verið í sauðfjárrækt og er þar nú yngsta bændasamfélag á landinu. Þetta fólk lætur nú í sér heyra um stöðuna í sauðfjárræktinni og kallar eftir markvissri byggðastefnu frá stjórnvöldum og aðgerðum til styrkingar byggða, í viðtölum á bls. 32 til 35. Mynd / Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Áhrif CO_2 mengunar: Sykurmagn eykst í plöntum

Vísbendingar eru um að aukið magn CO_2 í andrúmslofti sé að hafa mun víðtækari áhrif en áður hefur verið talið.

Ein afleiðing aukins koltvísýrings í andrúmslofti er að plöntur innihalda meira af kolvetnum en næringarefnum. Afleiðingin er sú að við þurfum meira af ræktarlandi til að fullnægja næringarefnaþörf mannkynsins.





Mælingar á efnainnihaldi úr þurrkuðum plöntum plöntusafna sýna að næringarefnainnhald þeirra hefur dregist saman um 8% frá upphafi iðnbyltingarinnar.

Erlendis er þróunin kölluð „The junk-food affect“, eða ruslfæðisáhrifin, og vísar til hás sykurinnihalds og lágs næringarefnainnihalds í mörgum skyndibitum eða ruslfæði.

Gæti þetta leitt til járn- og blóðskorts mæðra og barna í fátækari samfélögum heimsins en aukinnar offitu á Vesturlöndum. */VH*


– Sjá nánar á bls. 26

Landssamtök sauðfjárbænda kanna hug félagsmanna til ýmissa hagsmunamála:


Yfirgnæfandi vilji meðal bænda til að stofna sölufyrirtæki fyrir afurðir sínar

Landssamtök sauðfjárbænda gengust nýverið fyrir könnun á meðal félagsmanna um afstöðu þeirra til ýmissa hagsmunamála. Var þar spurt út frá þeirri erfiðu stöðu sem nú er uppi til að betur mætti átta sig á hvað bændur vildu gera.

Sala og markaðssetning kindakjöts er bændum greinilega mjög hugleikin og kom það greinilega fram í könnuninni. Í niðurstöðunum má líka greina megna óánægju bænda með afurðastöðvarnar sem margar hverjar eru þó að stórum hluta í þeirra eigu.



Spurt var: „Að því gefnu að lög heimili eða lagaheimild fáist, telur þú skynsamlegt að stofna eitt sameiginlegt útflutningsfyrirtæki í eigu bænda til þess að sjá um útflutning á öllu íslensku lambakjöti?“



Spurt var: „Að því gefnu að lög heimili eða lagaheimild fáist, telur þú skynsamlegt að stofna eitt sameiginlegt sölufyrirtæki í eigu bænda til þess að sjá um sölu og dreifingu á öllu íslensku lambakjöti innanlands?“

Vilja eitt sameiginlegt sölufyrirtæki fyrir innanlandsmarkað

Þótt skýr afstaða með eða á móti frekari sameiningum afurðastöðva liggi ekki fyrir, þá er sauðfjárbændum mjög umhugað um að stofnað verði eitt sameiginlegt sölufyrirtæki í eigu bænda til þess að sjá um sölu og dreifingu á öllu íslensku lambakjöti innanlands. Horfa menn þar greinilega til þess árangurs sem bændur innan Sambands garðyrkjubænda hafa náð í gegnum Sölufélag garðyrkjumanna. Telja um 57% sauðfjárbænda ýmist mjög eða frekar skynsamlegt að stofna slíkt fyrirtæki. Hins vegar telja 24% bændanna slíkt óskynsamlegt eða mjög óskynsamlegt, en 19,1% voru hlutlausir í afstöðu sinni til spurningarinnar.

Mjög mikill áhugi á stofnun útflutningsfyrirtækis bænda

Þegar bændur voru spurðir um afstöðuna til þess hvort skynsamlegt væri að stofna eitt sameiginlegt útflutningsfyrirtæki í eigu bænda til þess að sjá um útflutning á öllu íslensku lambakjöti var afstaðan mjög skýr. Töldu um 79% bænda það ýmist mjög eða frekar skynsamlegt. Einungis 4% aðspurðra töldu slíkt mjög óskynsamlegt og 5,5% töldu það frekar óskynsamlegt. Þá voru 11,7% bænda hlutlausir gagnvart þessari spurningu.

Sauðfjárbændur voru spurðir fjölmargra annarra spurninga í þessari könnun, eins og um afstöðu þeirra til hugmynda fráfarandi landbúnaðarráðherra á lausn vanda sauðfjárbænda. *– Sjá bls. 2 /HKr.*


FRÉTTIR

Íslenskir sauðfjárbændur vilja efla sölu lambakjöts til ferðamanna:


Mikil ánægja með markaðsátak Icelandic lamb og Markaðsráðs kindakjöts

Unnið hefur verið að sérstöku átaki á vegum Icelandic lamb ehf. sem er í eigu LS og Markaðsráðs kindakjöts um að auka sölu á lambakjöti á innanlandsmarkaði. Virðast sauðfjárbændur almennt vera mjög ánægðir með það framtak ef marka má könnun Landssamtaka sauðfjárbænda.

Icelandic lamb hefur tekist að fá um 100 veitingastaði um allt land til liðs við sig á undanförnum mánuðum til að auka kynningu og sýnileika íslensks lambakjöts fyrir gesti veitingastaðanna. Er mælanleg verulega söluaukning á kindakjöti vegna þessa. Er það sem nemur um 25% að meðaltali á hvert veitingahús sem þátt hefur tekið í átakinu.



Spurt var: Telur þú skynsamlegt að halda áfram að leitast við að selja lambakjöt til erlendra ferðamanna á Íslandi?



Telur þú skynsamlegt að halda áfram útflutningi á kindakjöti?

Í könnun LS var spurt hvort bændur teldu skynsamlegt að halda áfram að leitast við að selja lambakjöt til erlendra ferðamanna á Íslandi. Var svarið við þeirri spurningu mjög afdráttarlaust. Þannig töldu um 97,6% það mjög eða frekar skynsamlegt. Einungis tæplega 1% töldu það mjög eða frekar óskynsamlegt.

Í könnuninni var einnig spurt um hvort skynsamlegt væri að halda áfram útflutningi á kindakjöti. Þar kom fram að um 79% sauðfjárbænda telja slíkt mjög eða frekar skynsamlegt. Einungis 2,6% telja það mjög óskynsamlegt og 6,5% telja það frekar óskynsamlegt.


Greinilegt er af niðurstöðum úr þessum tveim spurningum að sauðfjárbændur eru mjög ánægðir með framgöngu Icelandic lamb í markaðsmálum á sauðfjárafurðum. */HKr.*

Sauðfjárbændur telja tillögur ráðherra ekki til þess fallnar að leysa þeirra vanda:


Ríkur vilji til að halda áfram búskap en mikil óánægja með afurðastöðvarnar

Nýleg könnun sem Landssamtök sauðfjárbænda gerði meðal félagsmanna sinna um afstöðu þeirra til ýmissa hagsmunamála þykir um margt athyglisverð. Þar kom m.a. fram megn óánægja bænda með hugmyndir fráfarandi landbúnaðarráðherra um lausn á þeirra vanda.

Alls töldu 83% aðspurðra að tillögur ráðherra væru ekki til þess fallnar að leysa þann bráðavanda sem steðjaði að sauðfjárræktinni. Mikil óvissa ríkir þó greinilega einnig meðal bænda um hvernig skuli bregðast við vandanum.



Spurt var: Telur þú líklegt að tillögur ráðherra séu til þess fallnar að leysa þann bráðavanda sem steðjar að sauðfjárræktinni?




Spurt var: Ert þú ánægð/ur með hvernig afurðarstöðvar standa að slátrun, úrvinnslu, sölu og markaðssetningu kindakjöts?


Ríkur vilji bænda til að halda áfram búskap

Spurt var hvort sauðfjárbændur teldu líklegt að þeir myndu nýta sér þann möguleika í framkomnum tillögum ráðherra að hætta sauðfjárrækt haustið 2017 og halda 90% af greiðslum samkvæmt sauðfjársamningi í 5 ár ef það byðist. Svarið var mjög afgerandi og ótvírætt. Kom þar fram greinilegur og ríkur vilji sauðfjárbænda til að halda áfram búskap þótt á móti blási. Þannig sögðust 80,7% bænda ekki, eða líklega ekki, vilja nýta sér slíkan möguleika ef hann stæði til boða. Jafnframt kom þar fram að 8,2% bænda svöruðu þessari spurningu játandi og um 5% töldu það mjög líklegt. Talið er að í þeim hópi sé talsvert af yngstu bændunum sem eru oft einnig mjög skuldsettir.

Afstaða bændanna breyttist lítið þótt spurningin væri orðuð aðeins öðruvísi og miðað við að þeir hættu 2018 og væri boðið 70% af greiðslum til þriggja ára samkvæmt sauðfjársamningi. Að vísu voru enn færri tilbúnir að stökkva á þann vagn.



Spurt var: Telur þú líklegt að þú munir nýta þér þann möguleika að hætta sauðfjárrækt haustið 2017 og halda 90% af greiðslum samkvæmt sauðfjársamningi í 5 ár ef það býðst?



Spurt var: Að því gefnu að lög heimili eða lagaheimild fáist, telur þú skynsamlegt að sameina afurðastöðvar?

Mikil óánægja með afurðastöðvarnar

Þegar spurt var um afstöðu bænda til afurðastöðvanna er yfirgnæfandi meirihluti þeirra óánægður með hvernig afurðastöðvarnar standa að slátrun, úrvinnslu, sölu og markaðssetningu kindakjöts.



Þær höfðu greinilega ekki miklar áhyggjur af stöðu mála þessar kindur sem voru á beit í Hvalvatnsfirði í sumar. Enda nóg að bíta og brenna. Mynd / HKr.

Nær 86% aðspurðra sögðust vera mjög eða frekar óánægðir með framgang afurðarstöðvanna. Virðist þar einkum endurspeglast megn óánægja bænda með mjög mikla lækkun á afurðaverði til bænda. Vekur þetta ekki síst athygli þar sem bændur eiga bæði hluti í flestum afurðastöðvunum og einnig aðild að stjórnum þeirra. Virðist sem þessi afstaða bænda sé jafnvel ekki að skila sér inn í þeirra eigin fyrirtæki.

Mikil umræða hefur verið um markaðssetningu kindakjöts að undanförnu og m.a. hart deilt á afurðastöðvarnar og verslanafyrirtækin um að sinna ekki kröfum neytenda, m.a. um annan skurð á kjöti og pökkun afurða. Hefur þar t.d. flogið hátt í fjölmiðlum gagnrýni á að ekki hafi verið hægt að fá íslenskt kindahakk í verslunum fyrr en erlenda verslunin Costco fór að bjóða slíkt í sinni verslun.

Bændur jafn mikið með og á móti frekari sameiningu afurðastöðva

Í könnun LS var einnig spurt um hvort sauðfjárbændur teldu skynsamlegt að sameina afurðastöðvar ef lagaleg forsenda væri fyrir hendi. Þar voru bændur nokkurn veginn jafn mikið með frekari sameiningu og á móti. Þess má geta að á liðnum árum og áratugum hefur orðið mikil samþjöppun í þessum geira með mikilli fækkun sláturhúsa. Hefur því líka komið fram töluverð gagnrýni á að heilu landsfjórðungarnir séu nú án sláturhúsa og fyrir suma bændur því mjög langt að fara með fé til slátrunar. */HKr.*

Sýningarferð John Deere 2017

Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600

Íslyft býður bændum að skoða og prufa John Deere dráttarvélar. Einnig verða liðléttingar og Merlo skotbómur með í för.



Íslyft býður bændum að skoða og prufukeyra John Deere dráttarvélar á eftirtöldum stöðum frá 9 - 13 Október.

Mánudagur kl. 8-10 Selfoss við Bílanaust
Mánudagur kl. 12-14 Flúðir
Mánudagur kl. 16-18 Hvolsvöllur við Lífland
Þriðjudagur kl. 8-10 Vík við Víkurskála
Þriðjudagur kl. 12-14 Kirkjubæjarklaustur
Miðvikudag kl. 8-10 Höfn-hjá Skinney
Miðvikudag kl. 14-17 Egilsstaðir-Verkstæði Svans
Fimmtudag kl. 8-10 Húsavík - GPG fiskverkun
Fimmtudag kl. 14-18 Akureyri við Lífland
Föstudagur kl.8-10 Sauðárkrókur á höfninni
Föstudagur kl. 11:30 - 13:30 Blönduós - Lífland
Föstudagur kl. 16 - 18 Borgarnes - Lífland

JOHN DEERE



John Deere Gator verður frumsýndur í ferðinni.

FRÉTTIR

Jarðræktarstyrkir og landgreiðslur:

Frestur til að skila umsóknum ekki framlengdur

Matvælastofnun opnar fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur á Bændatorginu föstudaginn 6. október.

Að sögn Heiðrúnar Sigurðardóttur, sérfræðings hjá Búnaðarstofu Matvælastofnunar, verður frestur til að skila inn umsóknum á Bændatorginu ekki framlengdur en bændur skulu skila rafrænni umsókn eigi síðar en 20. október ár hvert.


Heiðrún Sigurðardóttir.

Heiðrún vekur athygli á því að nú verða bændur að skila lögbundnu skýrsluhaldi í jarðrækt í skýrsluhaldskerfinu JÖRÐ.IS áður en gengið er frá umsókn á Bændatorginu.

Tölvudeild Bændasamtakanna hefur unnið að nýrri útgáfu af JÖRÐ.IS samkvæmt faglegri leiðsögn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins í þeim tilgangi að tryggja að ákvæði reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016 séu uppfyllt um fullnægjandi skil á skýrsluhaldi. „Þegar skráningu er lokið í JÖRÐ.IS og skýrsluhaldinu hefur verið skilað þar, þá tekur ekki langan tíma að ganga frá rafrænni umsókn á Bændatorginu. Ástæðan er að öll gögn eru forskráð í JÖRÐ.IS og ekkert þarf að skrá í sjálfa umsóknina, heldur velja bændur einfaldlega spildur á jörðum sínum sem birtast í umsókninni.

Forsendan er að sjálfsögðu að búið sé að skrá allar upplýsingar Jarðarmegin, túnkort sé til staðar og uppskeruskráning í hekturum ef um umsókn um landgreiðslur er að ræða o.s.frv.

Ég geri ráð fyrir að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins verði bændum innan handar við frágang á skýrsluhaldinu í JÖRÐ.IS svo þetta gangi allt vel fyrir sig," sagði Heiðrún að lokum.


Verið var að þreskja korn á akri við Ytra-Hvarf í blíðskaparveðri í lok september. Ábúendur á Hofi hafa keypt jörðina og eru þar m.a. með þennan fína kornakur. Í baksýn sést fram í Skíðadal og yfir að Gljúfrárjökli. Myndir / Sigurgeir Hreinsson

Kornskurður í Eyjafirði langt kominn:

Meðaluppskeran í þokkalegu lagi

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, var á ferðinni í Svarfaðardal og leit á akurinn, hann segir uppskeru með ágætum.

Mikil og góð spretta var í sumar enda veður að mestu ljómandi gott. Bleytutíð í byrjun ágúst hafði þó í för með sér að korn lagðist og uppskera fyrir vikið ekki alveg eins góð og hún hefði ella orðið. „Menn væla nú samt ekki neitt, uppskera verður með ágætum, en kannski ekki þessi úrvals sem annars hefði orðið," segir Sigurgeir. /MÞÞ


Kornakur við Grund í Eyjafjarðarsveit, undir Jómfrúnni, sem er tindurinn fyrir miðri mynd, framan við Kerlingu.


Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri í tilraunareitnum á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Mynd / Magnus Göransson

Hrannar Smári, tilraunastjóri í jarðrækt við LbhÍ:

Góðar uppskeruhorfur um allt land

„Kornhorfur eru almennt góðar um allt land," segir Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands á Korpu.

„Þetta er sérstakt því oft vill verða lakari uppskera í sumum landshlutum þegar hún er góð annars staðar. Byggið hefur þornað vel í vel flestum ökrum, en miklar rigningar norðanlands snemma í sumar virðast hafa skolað út áburði í mörgum ökrum," segir Hrannar Smári.

Samtals 768 tilraunareitir á átta stöðum

„Þetta er síðasta árið í fimm ára átaksverkefni í byggkynbótum sem styrkt er af Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Verkefnið hefur leitt af sér nokkur nemendaverkefni og vísindagreinar sem og fjölda kynbótalína sem Jónatan Hermannsson skildi eftir sig þegar hann fór á eftirlaun," segir Hrannar Smári, sem tók við stöðunni af Jónatan seint á síðasta ári. „Það er ætlunin að prófa þær sem víðast í samanburði við þau yrki sem þegar eru á markaði. Með því að prófa á svo mörgum stöðum er hægt að sjá hvaða yrki eru best hvar og hvort um samspil erfða og umhverfis sé að ræða. En nú eru 32 yrki og línur í prófunum í þremur endurtekningum á átta stöðum um allt land, samtals 768 tilraunareitir."

Byggtilraun í Vopnafirði í fyrsta sinn

„Byggyrkjatilraunir fara fram á fleiri stöðum í ár en á undanförnum árum," segir Hrannar Smári. „Við erum með tilraunir á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, Gunnarsholti, Hvanneyri, Vindaheimum í Skagafirði, Möðruvöllum í Hörgárdal, Hálsi í Kaldakinn, Engihlíð í Vopnafirði og Hoffelli í Hornafirði. Allt er þetta unnið í góðu samstarfi við bændur.

Undanfarin ár hafa tilraunir farið fram á Þorvaldseyri, Vindheimum, Möðruvöllum og Korpu, en var bætt við fleiri stöðum og Korpa er ekki með. Aldrei fyrr en nú hefur farið fram byggtilraun í Vopnafirði."

Hálmurinn líka til athugunar

Hrannar Smári segir að í ár sé hálmurinn vigtaður og hæð hans mæld, en mikill breytileiki er að hans sögn á hálmmagni milli yrkja. „Það er alls ekki víst að hæðin sé besti mælikvarðinn á magnið, en það á eftir að koma í ljós.

Frumniðurstöður þessara tilrauna verða birtar í jarðræktarskýrslu eins og undanfarin ár en ítarlegri greining í vísindagrein síðar," segir Hrannar Smári. /smh

Sýklalyfjanotkun fólks hér á Íslandi eykst, segir í skýrslu sóttvarnalæknis:

Efla þarf eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum

Sýklalyfjanotkun fólks hér á landi jókst um 5% árið 2016 frá fyrra ári, samkvæmt nýrri skýrslu sóttvarnalæknis. Sýklalyfjaónæmi er lítið á Íslandi en hefur aukist. Sýklalyfjanotkun í dýrum er með því sem minnst þekkist í Evrópu.

Sóttvarnalæknir gefur árlega út skýrslu um sýklalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum, ásamt faraldsfræði sýklalyfjaónæmra baktería. Skýrslan fyrir árið 2016 leiðir í ljós að notkun sýklalyfja hjá mönnum fer vaxandi.

Vonbrigði

Í tilkynningu sóttvarnalæknis segir að þessar niðurstöður valdi ákveðnum vonbrigðum því á sama tíma hafi sýklalyfjanotkun



hjá mönnum minnkað hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Þar segir einnig að athygli veki að notkun sýklalyfja hjá börnum yngri en 5 ára og fólki eldra en 65 ára aukist milli áranna 2015 og 2016 en notkunin hjá þessum aldurshópum hafði aftur á móti dregist saman árin á undan.

Barátta við sýklalyfjaónæmi

Sóttvarnalæknir segir í skýrslunni vona að skýrslan muni reynast gagnleg í baráttunni við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Enn fremur að ljóst sé að hér á landi þurfi að leggja í verulegt átak með læknum við að bæta notkun sýklalyfja.

Efla þarf eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í innlendum og erlendum matvælum.

Starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra skilaði í apríl á þessu ári skýrslu um aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Hópurinn lagði þar fram tíu tillögur, meðal annars um hvernig draga megi úr sýklalyfjaónæmi í mönnum, en óskynsamleg og mikil sýklalyfjanotkun er ein helsta ástæðan fyrir aukinni útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería, líkt og fram kemur í umfjöllun sóttvarnalæknis. /VH

Evrópuþingið:

Tollasamningur ESB og Íslands um landbúnaðarvörur staðfestur

Staðfesting tollasamnings ESB og Íslands felur í sér að felldir eru niður tollar af 101 tollnúmeri sem koma til viðbótar við þau númer sem tollar hafa þegar verið felldir niður af.

Gildistaka samningsins er háð samþykki bæði íslenskra stjórnvalda og ESB en hinn 13. september 2016 samþykkti Alþingi þingsályktun sem heimilaði ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Evrópusambandsins um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur.

Dæmi um vörur sem bera núna ekki toll eru sykurvörur, sósur og gerjaðir drykkir. Aftur á móti munu með samkomulaginu falla niður tollar



á vörum eins og súkkulaði, sætu kexi, pitsum og fylltu pasta.

Þá felur samkomulagið í sér að stórauknir eru tollkvótar á kjöti, svína-, alifugla- og nautakjöti en þess ber að geta að tollkvótar þessir verða innleiddir í áföngum en koma að fullu til framkvæmda að fjórum árum liðnum frá gildistöku samningsins. /VH



5-línan frá DEUTZ-FAHR

- liprar og þægilegar vélar í öll algengustu bústörfin

5 - línan frá DEUTZ-FAHR stendur fyrir fjölbreytni. Við hönnun 5-línunnar frá DEUTZ-FAHR var lögð áhersla á það að allir geti fundið réttu vélina fyrir þau verkefni sem fyrirliggjandi eru.

5-línan er ný hönnun frá grunni þar sem þægilegt vinnuumhverfi, þægindi og lipurð er haft í fyrirrúmi. Nýtt útlit, stærra ökumannshús og samlit ámoksturstæki gera 5-línuna að einhverjum glæsilegustu vélum í sínum stærðarflokki.

5-línan er fáanleg með úrvali af gírskiptingum, mótorum og nær ótæmandi valmöguleikum.

5-línan er framleidd í 3 grunnúgáfum: **G** - **C** og **TTV**

Við eigum vélar af öllum þremur útgáfum 5 - línunnar fyrirliggjandi á lager hjá okkur.

DEUTZ-FAHR 5105.4 G - 105 hö

Kúplingsfrír vendigír.
20 gírar áfram / 20 gírar afturábak.
Flotdekk
Stoll FZ10 samlit ámoksturstæki með skóflu.
Verð frá kr. 7.660.000,- án vsk *m.v. gengi á EUR=125,00*

DEUTZ-FAHR 5110C - 110 hö

Kúplingsfrír vendigír.
30 gírar áfram / 30 gírar afturábak
Flotdekk
Rafmagnsbeisli
Tvöföldun á stýrisdælu, færri snúningar á stýri
Stoll FZ20 samlit ámoksturstæki með skóflu
Verð frá kr. 8.330.000,- án vsk *m.v. gengi á EUR=125,00*

DEUTZ-FAHR 5130 TTV - 130 hö

Stiglaus skipting
Fjaðrandi framhásing
50 km/klst ökuhraði
Rafmagnsbeisli
5 tvöföld vökvaúrtök
Flotdekk.
Tvöföldun á stýrisdælu, færri snúningar á stýri
Stoll FZ20 samlit ámoksturstæki með skóflu
Verð frá kr. 11.940.000,- án vsk *m.v. gengi á EUR=125,00*

Bændur og verktakar hafið samband við sölumenn okkar og leitið tilboða, verðin eru betri en þig grunar þessa dagana.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Speglun í gestsauga

Dominic Barton, forstjóri ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company, hélt fyrirlestur á Íslandi 21. september síðastliðinn í tilefni af 100 ára afmæli Viðskiptaráðs Íslands. Í ræðu hans kom fram að heimsbyggðin horfist nú í augu við meiri og hraðari samfélagsbreytingar en menn hafa nokkru sinni upplifað.

Dominic Barton er hátt skrifaður í ráðgjöf stórfyrirtækja og er jafnframt helsti efnahagsráðgjafi kanadísku ríkisstjórnarinnar. Hann nefndi sérstaklega í ræðu sinni vaxandi mikilvægi landbúnaðar og annarrar matvælaframleiðslu, en uppruna sinn á hann einmitt að rekja í 2000 manna landbúnaðarbæ í Bresku Kólumbíu í Kanada.

Barton kom víða við í ræðu sinni er hann talaði um „fjórðu iðnbyltinguna“ sem hann nefndi svo. Í þeirri byltingu, sem byggir að verulegu leyti á aukinni tölvuvæðingu og sjálfvirkni, mun hátæknivæddur landbúnaður leika stórt hlutverk. Þar gæti Ísland átt mikla möguleika, ekki síst vegna fámennis, stuttra boðleiða og möguleika til að bregðast hratt við breyttum aðstæðum. Máli sínu til stuðnings benti hann m.a. á þann undraverða árangur sem náðst hafi við að rétta íslensku þjóðarskútuna af eftir efnahagshrunið 2008. Eitthvað sem margfalt stærri samfélögum hafi enn ekki tekist. Þrátt fyrir þessi orð Bartons er vert að halda því til haga að enn er mikill fjöldi fólks hérlendis í sárum vegna hrunsins.

Barton sagði að þúsund sinnum öflugri bylgja nýríkra einstaklinga í millistétt væri að flæða yfir heiminn en gerðist í iðnbyltingunni. Í þessu fælust tækifæri vegna stóraukinnar eftirspurnar, en um leið áskorun þar sem allur almenningur væri óánægður með kerfið og leiðtogana.

„Við erum í ójafnvægi og það er enginn sem virðist geta lagað það. Við gerum öll ráð fyrir að þetta lagist en það gerist bara ekki. Þarna verða viðskiptaleiðtogar að stíga fram og koma með öðruvísi lausnir.“

Benti Barton benti á að fjölgun mannkyns og fjölgun í millistétt muni auka eftirspurn um 25% fram til 2025. Fjölgun í millistéttinni leiði auk þess til breyttra neysluvenja þess hóps sem skapaði gríðarleg tækifæri m.a. í mjólkuriðnaði.

Þessi þróun hefur líka sínar neikvæðu hliðar eins og með ofnýtingu ræktarlands og vatnsskort sem mjög er farið að bera á.

Flest það sem Barton talaði um í ræðu sinni hefur verið til umfjöllunar á síðum Bændablaðsins í mörg undanfarin ár. Hefur á síðum blaðsins verið reynt að opna augu Íslendinga fyrir þeim risabreytingum sem eru að eiga sér stað í heiminum. Það er staðreynd að farið er að ganga mjög á grunnvatnsbirgðir heimsins samfara stóraukinni eftirspurn eftir vatni. Vatn er því að verða mun mikilvægara og verðmætara en olían hefur nokkru sinni verið.

Þarna eiga Íslendingar gríðarlega möguleika með allt sitt aðgengi að ógrynni vatns. Lítið hefur þó heyrst um það á pólitískum vettvangi hérlendis að ráðmenn taki þetta alvarlega. Nær engar skorður hafa verið settar við eignarhaldi útlendinga á landi með tilheyrandi yfirtöku vatnsréttinda. Samt er þetta verðmætasta auðlind sem hægt er að hugsa sér hér á jörðinni, því án neysluvatns getur mannfólkið ekki lifað.

Útlendingar ráða nú þegar yfir stórum landsvæðum hér á landi með gríðarlegum vatnsréttindum. Munu verðandi þingmenn opna augu sín fyrir þessu, eða munu þeir fá þann stimpil í sína ferilskrá að verða þeir sem glutra út úr höndunum þessari mikilvægustu sameiginlegu eign Íslendinga? – Tíminn er þar sannarlega að renna mönnum úr greipum. Það á ekki að þurfa menn eins og Dominic Barton til að berja þetta inn í hausinn á okkur. */HKr.*

Gangið eftir svörum



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Fram undan er snörp kosningabarátta. Á þessum rúmum þremur vikum sem eru til kosninga munu fulltrúar framboða, sem gætu náð að fylla tuginn á landsvísu, reyna að sannfæra okkur öll um ágæti sinna hugmynda. Þar á meðal verður talað til bænda og landsbyggðarfólks eins og annarra.

Ég vil hvetja þá sem þetta lesa til að mæta á framboðsfundi og á aðrar uppákomur þar sem tækifæri gefst til að ræða við það fólk sem vill vinna fyrir land og þjóð. En það ætti ekki að vera eingöngu til að hlusta á ræður og þiggja veitingar, heldur til að ganga eftir skýrum svörum um sýn framboðanna á málefni landbúnaðarins og landsbyggðanna. Mörg mál mætti þar nefna – til dæmi eftirfarandi:

- Hver er stefnan í málefnum sauðfjárbænda? Vill framboðið grípa til einhverra aðgerða vegna þess vanda sem þar er uppi? Á að beita sér fyrir einhverri breytingu á umgjörð á sölu sauðfjárafurða, svo sem með því að taka upp möguleika á sveiflujöfnum eins og tíðkast víða erlendis?

- Hverjar eru áherslur framboðsins við endurskoðun búvörusamninga? Við erum að fara inn í endurskoðun samninganna á árinu 2019. Hverju vill framboðið breyta við þá endurskoðun og í hvaða tilgangi?

- Hver er skoðun framboðsins á rekstrarumhverfi mjólkurframleiðslunnar? Sér það fyrir sér breytingar á því og þá hverjar og á hvaða forsendum?

- Hver er afstaða framboðsins til tollverndar í landbúnaði? Á að nýta hana áfram, tryggja að hún þjóni tilgangi sínum eða breyta henni? Ef draga á úr tollvernd, styðja menn þá að beinn stuðningur aukist á móti?

- Hver er afstaða framboðsins til upprunamerkinga á matvörum? Hvernig telur framboðið að ástand merkinga sé í dag og er frekari aðgerða þörf? Styður framboðið merkingar þar sem fram komi enn frekari upplýsingar, svo sem um framleiðsluaðstæður, dýravelferð, lyfjanotkun, umhverfisfótspor og aðra áhrifaþætti?

- Hvernig metur framboðið ástand innviða í hinum dreifðu byggðum, svo sem vega, póstþjónustu, fjarskipta, flutningskerfis raforku og annarrar samfélagsþjónustu? Á að beita sér fyrir einhverjum breytingum þar, þá hverjum og á hvað löngum tíma?

- Hvernig metur framboðið samkeppnisstöðu landbúnaðarins? Hvar er hún best og hvar er hún lökust og hvernig sér það þróun mála fyrir sér til framtíðar? Á að leggja áherslu á sem lægst verð eða er annað í forgangi? Er landbúnaðarstefna og byggðastefna það sama að mati framboðsins?



Margt fleira mætti nefna og víða eru auðvitað staðbundin mál þar til viðbótar. En það skiptir verulegu máli að bændur og landsbyggðarfólk spyrji framboðin gagnrýninna spurninga á þessum stutta tíma sem kosningabaráttan stendur og gangi eftir því að svarað sé skýrt og greinilega. Síðan verðum við að vona að kosningarnar skili þeirri niðurstöðu að hægt verði að mynda ríkisstjórn fljótt og vel sem njóti trausts bæði inn á við og út á við. Við vonumst auðvitað til að það verði ríkisstjórn sem hafi skilning á málefnum bænda og landsbyggðanna, en valdið er kjósendanna og þannig á það að vera.

Skipan nýrrar verðlagsnefndar búvöru

Síðustu daga hefur verið mikil umræða innan landbúnaðarins og víðar um skipan nýrrar verðlagsnefndar búvöru. Nefndin ákveður verð á mjólk til bænda sem og heildsöluverð á mjólk til vinnslu, drykkjarmjólk, rjóma og smjöri og nokkrum öðrum mjólkurafurðum. Aðrar landbúnaðarafurðir eru ekki verðlagðar með opinberum hætti. Í nefndinni hafa setið fulltrúar bænda, mjólkuriðnaðarins, launþega og stjórnvalda.

Mikilvægt þótti að launþegar kæmu þar að enda er hér um nauðsynjavörur að ræða og mjólkuriðnaðurinn hefur leyfi til að skipuleggja sig sem eina heild – í hagræðingarskyni, en ræður ekki verði afurða sinna á móti. Átök hafa oft verið um verðákvarðanir. Mörg dæmi eru um að hagsmunir launþega hafi þar ráðið för. Árið 2015 ákváðu ASÍ og BSRB að hætta að tilnefna í nefndina. Þá var umframeftirspurn eftir mjólk og samtökin völdu að halda ekki samstarfinu áfram, en tóku þó fram eftirfarandi í tilkynningu:

„Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur skýrt fram að starf verðlagsnefndar búvara hefur verið farsælt og til hagsbóta fyrir bæði neytendur og bændur. Niðurstaða nýrrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er á sama veg.“ Undir það skal tekið hér.

Við þetta féll tilnefningarrétturinn til ráðherra félagsmála sem reyndi að finna fólk með bakgrunn í launþegahreyfingunni þó þeir væru ekki fulltrúar ASÍ eða BSRB. Þeir fulltrúar voru, þar til nú, annars vegar skrifstofustjóri Verkalýðsfélags Akraness sem kom af almenna vinnumarkaðnum og hins vegar þáverandi formaður Samtaka slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna af opinbera markaðnum. Formaðurinn var embættismaður af landbúnaðarskrifstofu atvinnuvegaráðuneytisins. Fulltrúar núverandi ráðherra hafa ekki tengingu við samtök launþega (prófessor og lögmaður sem er einn eigenda stofunnar þar sem hún starfar). Formaður er svo hagfræðingur hagsmunasamtaka fyrirtækja sem eru helst þekkt fyrir að berjast fyrir aukinni markaðshyggju. Þetta eru alltént ekki fulltrúar sömu sjónarmiða. Auk þess er gengið framhjá þeirri þekkingu sem til er á málaflokknum í ráðuneytinu. Ráðherrar Viðreisnar hafa talað mikið um sjónarmið neytenda. Ekki varð þó vart við að samtökum neytenda væri boðin nein aðkoma að þessari uppstokkun.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Regnbogi yfir Tungnaá. Hún á upptök sín í Tungnaárjökli vestast í Vatnajökli. Rennur áin í mörgum kvíslum niður með austurhluta Veiðivatna og rennur í Krókslón sem er uppistöðulón Sigölduvirkjunar. Í Krókslón rennur einnig vatn úr Þórisvatni sem virkjað er í gegnum Vatnsfellsvirkjun. Úr Krókslóni rennur vatnið í Hrauneyjalón og í gegnum Hrauneyjafossvirkjun. Það er síðan að hluta leitt í gegnum Búðarhálsvirkjun út í Sultartangalón ásamt vatni úr Köldukvísl og Sporðöldukvísl. Fyrir neðan Sultartangalón sameinast Tungnaá endanlega Þjórsá. Þaðan rennur vatnið í gegnum aðveituskurð í gegnum aflvélar Búrfellsvirkjunar. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Bændablaðið í stöðugri sókn síðan 1995:

Tölublað númer 500 er komið út

Bændablaðið kom fyrst út undir merkjum nýstofnaðra Bændasamtaka Íslands hinn 14. mars árið 1995. Á blaðið því 22 ára afmæli á þessu ári. Með þessu blaði núna, 5. október 2017, eru tölublöðin orðin 500.



Auk hins hefðbundna Bændablaðs sem gefið er út í dagblaðaformi þá hefur verið gefið út í þrígang Tímarit Bændablaðsins í tengslum við setningu Búnaðarþings. Fyrsta tímaritið kom út 1. mars 2015. Var því fylgt eftir með útgáfu nýs blaðs í tengslum við Búnaðarþing 2016. Í fyrra var ekki haldið Búnaðarþing vegna breyttra samþykkta 2016 um að halda það framvegis annað hvert ár. Eru ársfundir Bændasamtakanna haldnir þess á milli og kom þriðja tímaritið út af því tilefni í mars 2017. Er nú byrjað að kynda undir kötlum á ritstjórn Bændablaðsins vegna útgáfu fjórða árgangs Tímarits Bændablaðsins. Stefnt er að útgáfu þess við setningu Búnaðarþings 3. mars 2018.

Eins og mörgum er kunnugt á nafn Bændablaðsins sér þó lengri forsögu. Það var snemmsumars 1987 að nokkrir bændasynir á mölinni, með Bjarna Harðarson í fararbroddi, komu sér saman um að stofna til blaðaútgáfu fyrir bændur landsins. Blaðið var nefnt Bændablaðið en á bak við það stóð félagið Bændasynir hf. Blað þetta kom út í tæplega 8 ár og skapaði þegar best var 2–3 störf á ritstjórn sem fyrst var til húsa á Skúlagötu í Reykjavík en flutti síðar austur að bænum Einarshöfn á Eyrarbakka. Síðasta árið var blaðið gefið út af Jóni Daníelssyni á Tannstöðum í Hrútafirði sem seldi Bændasamtökum Íslands nafnið í árslok 1994.

Frá því Bændasamtökin keyptu



Blað númer 100 kom út 26. október 1999 og ritstjóri var Áskell Þórisson.



Blað númer 1. Fyrsta tölublað fyrsta árgangs Bændablaðsins eftir að það komst í eigu Bændasamtaka Íslands. Það kom út þriðjudaginn 14. mars 1995. Ritstjóri þess var Áskell Þórisson og auglýsingastjóri Eiríkur Helgason sem gegndi því starfi fram í marslok 2013. Í upphafi var starfandi útgáfunefnd, en í henni sátu Gunnar Sæmundsson, sem var formaður, og Hákon Sigurgrímsson var varaformaður. Auk þeirra í nefndinni voru Hörður Harðarson, Jónas Jónsson og Þórólfur Sveinsson. Áskell segir að fyrstu blöðin hafi verið send í prentsmiðju á rafrænu formi á disklingum, sem voru arftaki gömlu mjúku „floppy“ diskanna. Þurfti á milli 30 til 40 diska undir hvert blað sem síðan var ekið með í loftköstum frá Bændahöllinni í prentsmiðju Morgunblaðsins. Nú fer blaðið tilbúið rafrænt um ljósleiðara í prentsmiðju Landsprents í Hádegismóum í Reykjavík.



Bændablaðið og hófu útgáfu þess 1995 hefur blaðið dafnað og eflst mjög. Að jafnaði er það nú gefið út í 32 þúsund eintökum 24 sinnum á ári og blaðsíðufjöldinn yfirleitt 56 til 64 síður. Blaðinu er dreift um allt land á ríflega 420 stöðum og hefur auk þess verið sent á öll lögbýli landsins. Mun það framvegis fylgja með í aðild bænda að Bændasamtökunum Íslands, en samkvæmt lögum um félagafrelsi þá eru bændur á lögbýlum ekki lengur sjálfkrafa aðilar að samtökunum.

Ekki má gleyma vef Bændablaðsins, bbl.is. Var honum hleypt af stokkunum árið 2007 og endurnýjuð 2014. Þar er hægt að nálgast PDF-útgáfu af blaðinu frá árinu 2003 og á vefsíðunni timarit.is frá upphafi útgáfunnar.

/HKr.



Blað númer 300 kom út 12. mars 2009 og ritstjóri var Þröstur Haraldsson, en hann tók við blaðinu af Áskeli í september 2006. Var Bjarnason ritstýrði blaðinu fram í janúar 2011.



Blað númer 400 kom út 1. ágúst 2013. Hörður Kristjánsson tók við ritstjórn blaðsins á bóndadaginn 2011, en Tjörvi Bjarnason ritstýrði 15. tölublaði 2013 sem var númer 400.



Blað númer 200 kom út 6. júlí 2004 og ritstjóri var Áskell Þórisson.

MÆLT AF MUNNI FRAM

187

Braghenduforminu hefur ekki verið hossað sérstaklega hér á þessum síðum. Braghendur eru sérlega vel syngjanlegar, einkum meðal smalamanna í réttum. Helsti merkisberi braghendunnar sem ég þekki, var **Brynjólfur heitinn Guðmundsson** í Núpstúni, Hrunamannahreppi. Brynjólfur fæddist í Núpstúni þann 10. apríl 1936, en lést 3. júlí síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu. Allþekktar eru Svínárnessvísur Brynjólfs, enda lýsa þær einkar vel hugheimi skáldsins eftir eina dægilega dvöl á fjöllum. Að Brynjólfi öllum urðu ýmsir til að minnast þessa einstaka manns. Af mikilli hógværð orti norðlenskur vísnagerðarmaður einkar fallegar braghendur í minningu Brynjólfs í Núpstúni. Af einhverri áður óþekktri hlédrægni setti sá ekki nafn sitt undir minningarkvæðið um Brynjólf, en ef grannt er gáð, má vel þekkja „Höllustaðaheilkenni“ á hugverkinu, enda vísurnar eftir hinn velþekkta vísnasmið **Pétur Yngva Pétursson** lækni á Akureyri. Með góðfúslegu leyfi Péturs birtast hér samrímaðar braghendur hans ortar eftir Brynjólf látinn:

Burt er kvaddur bragendunnar besti smiður.
Lýkst nú um þig fró og friður,
frómi, prúði skáldaniður.

Orðstír góðan ævinlega upp vel skarstu.
Sómi þinnar sveitar varstu,
söng og gleði með þér barstu.

Bóndann heillar blíðutíð og bjargir kunnar,
örœfanna yndisbrunnar
og unaðsfegurð náttúrunnar.

Oft í fjallferð aldavinir örir mættust.
Settust þá að sumbli og kættust,
sumardraumar þínir rættust.

Gjörhugull í lífsins leik og laus við smjaður.
Fáki beittir frjáls og glaður
fræðasjór og bókamaður.

Ellin grimma allt of snemma önd þig svipti.
Þér í skáldakynið kippti,
kvæðaauður hugsun lyfti.

Gætinn þú að geði varst með glóð og funa,
sýndist kjörum sáttur una.
Svona dreng er gott að muna.

Næsta vísa, einnig eftir **Pétur**, er ekki síður en minningarkvæðið, raunsönn lýsing á flestum hestaferðum Péturs:

Þegar hendist hausinn á
hrokafullur glanni,
dável hjálmur dugir þá
drukknum hestamanni.

Það lifa ekki síður en braghendurnar margar lausavísur eftir **Brynjólf í Núpstúni**:

Gleði hlýna glöggt ég finn,
gáska sýnir Blesi.
Nóg skal vínið, vinur minn,
verða í Svínárnesi.

Ef að fjandans ellin köld
að þér vanda setur,
súptu á landa sérhvert kvöld
svo þér standi betur.

Látum svo nokkrar haustvísur **Ingólfs Ómars Ármannssonar** fylla þáttinn þetta sinnið:

Kári gnauðar, kólnar tíð
kveður bára í nausti.
Sölna grösin foldar fríð,
finn ég keim af hausti.

Hafa gránað hæstu fjöll
héla völlinn klæðir.
Blómin fallin eru öll
úti kylja næðir.

Frystir óðum, fölnar björk,
fugla hljóð er raustin.
Skrælnar gróður, skógarmörk
skartar rjóð á haustin.

Blöðin híma, æpir eik,
úti gríma næðir.
Mánaskíma blaktir bleik
blöðin hrímið klæðir.

Herðir maldur, heyrast kvein,
hvítu falda tindar.
Lemur aldan unnarstein
emja kaldir vindar.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com


FRÉTTIR

KS og SKVH greiða 13% viðbótarálag til sauðfjárbænda

Kaupfélag Skagfirðinga og Kaupfélag Vestur-Húnvetninga sendu sauðfjárbændum, sem leggja inn hjá KS og SKVH, bréf í síðustu viku þar sem fram kemur að félögin muni greiða 13% viðbótarálag á það verð sem gefið var út í upphafi sláturtíðar. Í bréfinu, sem er undirritað af Ágústi Andréssyni, forstöðumanni Kjötafurðastöðvar KS, er farið yfir sviðið og rekstrarhorfur fram undan.

„Greitt verður fyrir innlegg í september og október samkvæmt áður útgefinni verðskrá, en 13% viðbótarverð verður greitt til sauðfjárbænda 20. nóvember nk. Þetta er meðal annars gert á grundvelli heldur betri rekstrarhorfa en lagt var upp með í sumar. Þar má nefna að gengi erlendra gjaldmiðla (evru) virðist ætla að verða heldur hagstæðara en á síðustu verðtíð," segir Ágúst.

Hann væntir þess að kostnaður af útflutningi dilkakjöts jafnist betur milli sláturleyfishafa en á síðasta framleiðslutímabili. Í ljósi þess að aðstoð ríkisvaldsins við sauðfjárbændur er óljós og óvissa í stjórnmálum séu sauðfjárbændur í miklum vanda.



Ágúst Andrésson. Mynd / HKr.

KS og SKVH stærstir í útflutningi

Ágúst segir að stór hluti útflutnings sé á hendi KS og sláturhússins á Hvammstanga. „Markaðsátakið sem skilaði 857 tonna útflutningi með ærnum kostnaði fyrir sláturleyfishafa, var að stærstum hluta borið uppi af sláturhúsunum á Sauðárkróki og Hvammstanga (2/3hlutar). Því er ljóst að KS og SKVH báru stærstan hluta kostnaðar sláturleyfishafa af þessu útflutningsátaki.

Til upplýsingar má geta þess að heildarútflutningur dilkakjöts á síðasta verðlagsári var 2.693 tonn alls. Af því flutti KS út 1.018 tonn og Hvammstangi 620 tonn. Þessi tvö sláturhús voru því með yfir 60% heildarútflutnings dilkakjöts."

Í bréfinu kemur fram að því miður séu ýmsir þættir enn neikvæðir og þar er nefnt lágt verð á gærum, útflutningur á hliðarafurðum til Asíu og gengisskráning krónunnar, sem sé mjög óhagstæð í sögulegu samhengi. „Kaupfélag Skagfirðinga lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi góðs samstarfs við aðra sláturleyfishafa, Félag sauðfjárbænda og stjórnvöld um lausn þess mikla vanda er við er að fást. Öll vonum við að fyrr en síðar rætist úr og þetta séu tímabundnir erfiðleikar," segir Ágúst í bréfinu og segir jafnframt óhjákvæmilegt að draga úr framleiðslu og koma upp betra kerfi til að geta stjórnað framleiðslumagni í takt við horfur á mörkuðum hverju sinni. „Mikilvægt er að hið opinbera styðji áframhaldandi átaksverkefni í útflutningi dilkakjöts. Það skilar mestum árangri við þessar aðstæður."

Í lok bréfsins kemur fram að bæði félögin, KS og SKVH, muni ekki síðar en í mars 2018 endurmeta stöðuna varðandi lokaverð til bænda.

Minnkar lækkun á landsvísu niður í 30,4%

Samkvæmt útreikningum Bændasamtakanna hefur 13% álagsgreiðsla KS og SKVH þau áhrif að meðalverð á lambakjöti hækkar úr 348 kr. í 393 kr. og minnkar þannig heildarlækkun fyrirtækjanna á milli ára úr 35,3% í 26,9%.

Á landsvísu þýðir hækkunin að hún minnkar tekjutap bænda um 156 milljónir króna, eða úr 1.776 m. kr. í 1.620 m. kr. Ákvörðun KS og SKVH hefur í för með sér að lækkun milli ára á verði til sauðfjárbænda yfir allt landið endar í 30,4%. */TB*

Reglugerð um vegi í náttúru Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögnum um drög að reglugerð um vegi í náttúru Íslands.

Drögin fela í sér að við gerð aðalskipulags eða svæðisskipulags sveitarfélaga geri þau tillögu að skráningu vega utan þjóðvega, í náttúru Íslands, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Skráin verði leiðbeinandi við skipulagsgerðina.

Vegaskrá gerð í samráði

Slík vegaskrá verður háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða eftir atvikum stjórnvalda þjóðgarða þegar við á. Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Náttúruverndarsjónarmið

Í þriðju grein draganna segir: „Við gerð tillögu að skrá um vegi ber að leggja mat á það hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, ákveðið tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa."

Flokkaðir eftir heimild til notkunar

Í fjórðu grein draganna segir: „Sveitarfélög skulu í tillögu að skrá um vegi flokka vegina í samræmi við flokkun Vegagerðarinnar á landsvegum. Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun.

Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennskur, veiði, viðhald veitumannvirkja eða rannsóknir."

Skila skal umsögnum um drögin fyrir 13. október, en þau má nálgast í gegnum vef stjórnarráðsins, stjornarradid.is. */smh*

Tap Norðlenska á slátrun og úrvinnslu yfir 400 milljónir síðustu þrjú ár:

Lækkun afurðaverðs til að draga úr líkum á áframhaldandi taprekstri

Norðlenska hefur tapað yfir 400 milljónum króna á slátrun og úrvinnslu sláturafurða á árunum 2014 til 2016, á sama tíma hefur augljóslega engin arðsemi verið á eigin fé fyrirtækisins.

Undanfarin misseri hefur verið ráðist í umtalsverðar aðgerðir til að hagræða í rekstri félagsins, en þrátt fyrir þær vantaði um 180 milljónir króna upp á afkomuna árið 2016 til að komast hallalaust frá slátrun, vinnslu og sölu sauðfjárafurða.

Hækkanir á kostnaði eru fyrirsjáanlegar nú í ár og á því næsta, þannig stefnir í að starfsmannakostnaður hjá Norðlenska í yfirstandandi sláturtíð hækki um rúmar 40 milljónir króna vegna launahækkana og aukins kostnaðar vegna húsnæðis fyrir starfsfólk í sláturtíð.

Þetta kemur fram í bréfi sem Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, ritaði nýverið í kjölfar mikillar umræðu undanfarið vegna verðskrár sauðfjárinnleggs afurðastöðvar þetta haustið. Í bréfinu útskýrir hann ástæður þess að verð til bænda fyrir sauðfé fellur jafn mikið milli ára og raun ber vitni.



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir verðskrá fyrir sauðfjárafurðir sem birt var síðsumars það skref sem þurfti að stíga til að koma í veg fyrir áframhaldandi taprekstur félagsins. Norðlenska hefur tapað yfir 400 milljónum króna á slátrun og úrvinnslu sauðfjárafurða á árunum 2014 til 2016. Mynd / MÞÞ

Afleit afkoma í útflutningi

Ágúst nefnir í fyrstu að söluverð sauðfjárafurða hafi ekki verið í takt við innkaupsverð undanfarin ár. Afkoma af útflutningi hafi verið afleit, bæði á kjöti og aukaafurðum, þar sem haldist hafa í hendur sterk íslensk króna og erfiðar aðstæður á flestum erlendum mörkuðum sem selt hefur verið inn á. Aðstæður hafi ítrekað þróast til verri vegar milli sláturtíða. Afurðastöðvar sem staðgreiða innlegg bænda að hausti hafi ekki náð þeim verðmætum út úr vörunni sem væntingar stóðu til þegar verð fyrir afurðir var ákveðið. Þetta hafi valdið afurðastöðvum tapi. Norðlenska hafi þannig tapað yfir 400 milljónum króna á slátrun og úrvinnslu sauðfjárafurða á tímabilinu frá 2014 til 2016. Arðsemi eigin fjár sé á þessum tíma engin.

Átak í útflutningi skilaði árangri

Ágúst gerir birgðastöðu afurðastöðvanna að umtalsefni enda mikið um rætt hina síðustu daga. Heldur birti til í þeim efnum frá því sem útlit var fyrir, einkum vegna átaks í útflutningi sem gerði stöðvunum kleift að minnka tap af útflutningi á kjöti frá síðustu sláturtíð. Um 850 tonn af kjöti voru seld utan í þessu sérstaka átaki, þar af fór umtalsvert magn í nýliðnum ágústmánuði.

„Hefði ekki komið til þessa verkefnis er líklegt að birgðir hefðu verið mun meiri nú við upphaf sláturtíðar en raunin var," segir hann og bætir við að ekkert í tillögum stjórnvalda bendi til að framhald verði á verkefninu.

Fátt bendir nú til þess að ytri aðstæður verði betri á næstu 12 mánuðum heldur en þær hafa verið hina síðustu mánuði hvað afkomu á sölu sauðfjárafurða varðar. Nefnir Ágúst að á milli áranna 2009 til 2016 hafi meðalkostnaðarverð þeirra sauðfjárafurða sem Norðlenska selur hækkað um 29%, útsöluverð þessara vara hafi á sama tíma hækkað um 21%. Að frátöldum útflutningi hafi kostnaðarverð hækkað um 25% en meðalútsöluverð um 23%. Á sama tíma hafi undirvísitala vísitölu neysluverðs miðað við júlí ár hvert hækkað um 26% fyrir kjöt almennt en 19% fyrir lambakjöt.

Hækkandi kostnaður innanlands

„Þrátt fyrir að Norðlenska hafi náð þeim árangri, m.a. með umtalsverðri vöruþróun, að auka virði sauðfjárafurða umfram almenna þróun markaðarins dugar það ekki til þegar ytri aðstæður þróast með þeim hætti sem verið hefur í útflutningi sauðfjárafurða," segir Ágúst Torfi. Meðalútsöluverð útflutnings hafi raunar einungis hækkað um 3% frá árinu 2009. Á sama tíma hefði kostnaðarverð útfluttra vara hækkað um 44%.

„Þær kostnaðarhækkanir eru að hluta til hærri kostnaður innanlands, s.s. hærra innkaupsverð frá bændum, launahækkanir, hækkandi eftirlitsgjöld og auknar álögur vegna förgunar úrgangs auk þess sem flutt hefur verið út meira unnin vara, með hærra kostnaðarverði, í þeirri viðleitni að auka virði útflutnings," segir hann.

Starfsmannakostnaður hækkar um 40 milljónir frá í fyrra

Ágúst Torfi bendir á að ráðist hafi verið í miklar hagræðingaraðgerðir hjá félaginu að undanförnu. Þær hafi skilað sér í lægri kostnaði við stjórnun og sauðfjárslátrun, en þrátt fyrir þær vanti um 180 milljónir króna upp á afkomuna til að komast hallalaust frá slátrun, vinnslu og sölu sauðfjárafurða. Ofan á leggist svo fyrirsjáanlegar hækkanir á kostnaði á þessu ári og því næsta, m.a. vegna kjarasamningsbundinna launahækkana sem hefði áhrif á launakostnað fyrirtækisins og aðkeypta þjónustu. Þannig stefndi nú í að starfsmannakostnaður Norðlenska hækki um rúmar 40 milljónir króna í yfirstandandi sláturtíð vegna launahækkana og aukins kostnaðar vegna húsnæðis fyrir sláturtíðarfólk.

„Þegar þessi áhrif voru lögð saman var niðurstaðan sú að áður birt verðskrá væri það skref sem þyrfti að stíga til að draga verulega úr líkum á áframhaldandi taprekstri félagsins. Þeir sem að þeirri ákvörðun komu, gera sér grein fyrir því að verðlækkun hefur veruleg neikvæð áhrif á afkomu sauðfjárbænda en eru einnig upplýst um þá skyldu sína að starfa fyrir hönd allra hluthafa og með hagsmuni félagsins að leiðarljósi." */MÞÞ*

Langanesbyggð:

Þekkingarnetið tekur við þjónustu við framhaldsskóladeild

Samningur milli Þekkingarnets Þingeyinga og Framhaldsskólans á Laugum í Reykjadal um þjónustu Þekkingarnetsins við deild skólans á Þórshöfn hefur verið undirritaður.

Framhaldsskóladeildin hefur verið rekin í Menntasetrinu í samvinnu við Langanesbyggð og starfsstöð Þekkingarnetsins síðan haustið 2009 en nemendafjöldi við deildina hefur verið misjafn eftir árum. Í ágúst hætti Hildur Stefánsdóttir sem verkefnastjóri en hún hafði starfað við deildina í 6 ár.

Á haustönn eru tveir nemendur í hlutanámi en enginn nemandi í fullu námi og var því gripið til þess ráðs að ÞÞ þjónusti nemendur í vetur ásamt því að vinna að þróunarvinnu um áframhald og framtíðarsýn fyrir deildina. */MÞÞ*



Frá undirritun samningsins, frá vinstri er Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistari Framhaldsskólans á Laugum, og fulltrúar Þekkingarsetursins, þær Heiðrún Óladóttir og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu



HÓTEL

Jöklar – Hótel er hentug lausn fyrir þá sem vilja hefja hótelrekstur eða bæta gistiálmu við núverandi rekstur.

- Stærð herbergja er breytileg og fjöldinn er ótakmarkaður.
- Stærð, fjöldi og útlit glugga og hurða fer eftir óskum hvers og eins.
- Hótelið er fljótlegt í uppbyggingu og hagkvæmt í innkaupum.
- Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“.
- Uppsetningarteymi getum við útvegað á föstum verðtilboðum.
- Afhendingartími eru 3 mánuðir frá staðfestri pöntun.

Jöklahúsin hafa fengið afar góðar viðtökur hjá ferðaþjónustu-aðilum á Íslandi og má finna þau um allt land í ýmsum útfærslum.



Hugmynd að útfærslu - 10 herbergja gistiálma miðherbergi 24 fm og hornherbergi 30 fm.

Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

NJARÐARNES 4 — STEINSMIÐJA AKUREYRAR — MINNISMERKI.IS — NJARÐARNES 4


HAUSTTILBOÐ - FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 280 þúsund með grafskrift

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 219 þúsund með grafskrift

101
100x57 frá sökkli



150 cm sökkull
GRÁR - 295 þúsund með grafskrift

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 180 þúsund með grafskrift

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

Ráðherra skipar nýja verðlagsnefnd búvöru:

Þingflokkur Viðreisnar er í heilögu stríði við bændur

– segir formaður Landssambands kúabænda

Landbúnaðarráðherra hefur skipað nýja fulltrúa í verðlagsnefnd búvöru. Öllum fulltrúum stjórnvalda er skipt út úr nefndinni. Athygli vekur að formaður nefndarinnar er hagfræðingur Viðskiptaráðs og einn nefndarmanna er prófessor við HÍ sem hefur gagnrýnt landbúnaðinn harðlega í ræðu og riti síðustu ár.

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara.


Kristrún M. Frostadóttir.

Nýr formaður verðlagsnefndar er Kristrún M. Frostadóttir, sem er fulltrúi landbúnaðarráðherra. Hún er að aðalstarfi hagfræðingur Viðskiptaráðs en starfaði áður hjá bandarísku fjárfestingabankanum Morgan Stanley og sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu. Þórólfur G. Matthíasson, hagfræðiprófessor við HÍ, og Dóra Sif Tynes lögfræðingur og varaþingmaður Viðreisnar, eru skipuð í nefndina sem fulltrúar Þorsteins Víglundssonar félagsmálaráðherra.


Þórólfur G. Matthíasson.


Dóra Sif Tynes.

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands í nefndinni eru tveir, þeir Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ og Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda.

Jóhanna Hreinsdóttir, bóndi í Káraneskoti og Rögnvaldur Ólafsson, bóndi í Flugumýrarhvammi, eru fulltrúar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þá tilnefndi landbúnaðarráðherra Októ Einarsson, stjórnarformann Ölgerðarinnar, sem áheyrnarfulltrúa. Það er þá í krafti þess að Ölgerðin á núna Kú og hann er skipaður fyrir hönd minni mjólkurvinnslufyrirtækja.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Skipunin ekki ógnun

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra segir enga ástæðu fyrir forsvarsmenn bænda að bregðast illa við skipuninni í verðlagsnefnd búvara.

„Það vilja allir íslenskum landbúnaði vel og menn eiga frekar að fagna víðtækari þekkingu og breiðari skírskotun í nefndinni. Allir í nefndinni, bæði þeir sem voru þar fyrir og þeir sem eru nýir, er allt fólk sem ég þekki til af vönduðum vinnubrögðum og mun beita þeim í þessu máli sem öðrum. Ég er sannfærð um að þótt aðferðin sem ég tala fyrir um meira samtal milli bænda og neytenda teljist erfið sé hún ekki ógnun við neinn. Miklu frekar er samtalið tækifæri til að styrkja landbúnaðinn.“ /VH

Er tilgangurinn að efna til ófriðar við bændur?

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir þessa ráðstöfun vekja furðu.


Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ.

„Lögmæti ákvörðunarinnar er ekki dregið í efa, en það er í meira lagi sérkennilegt að ráðherra taki þessa ákvörðun. Öllum fulltrúum stjórnvalda er skipt út af ráðherrum sem sitja í starfsstjórn fyrir fulltrúa sem augljóslega er ætla að vinna að framgangi ákveðinnar pólitískrar stefnu sem er ekki í samræmi við gildandi landbúnaðarstefnu í landinu. Ég spyr mig hvort að hér sé einfaldlega tilgangurinn að efna til ófriðar við bændur. Ég þekki ekki til starfa nýs formanns nefndarinnar, en Viðskiptaráð hefur ekki stutt innlendan landbúnað hingað til. Jafnframt þekki ég ekki til starfa annars fulltrúa félagsmálaráðherra, en hinn fulltrúann þarf ekki að kynna. Bændur hafa átt í langvarandi deilum við hann um árabil og gert margvíslegar efnisathugasemdir við hvernig hann fjallar um landbúnaðinn en fengið fá eða engin efnisleg svör. Hann hefur einfaldlega ekki traust bænda og ég sé það ekki breytast.“

LK mun skoða sína stöðu í nefndinni

Arnar Árnason, formaður LK, er ómyrkur í máli um skipan nefndarinnar og segir að kúabændur muni í framhaldinu íhuga sína stöðu.


Arnar Árnason, formaður LK.

„Það er augljóst að þingflokkur Viðreisnar er í heilögu stríði við bændur án þess að skilja almennilega hvernig íslenska landbúnaðarkerfið virkar. Skipan Þórólfs Matthíassonar í nefndina er greinilega gerð til þess að valda úlfúð og ringulreið í kringum starf hennar. Ráðherra var fullljóst hvert þetta myndi leiða. Það eru að mínu mati engar líkur á að neitt gagnlegt komi út úr nefndinni. Við hjá Landssambandi kúabænda munum í kjölfarið skoða okkar stöðu. Það er ekkert ólíklegt að við drögum okkur út úr nefndinni en það er of snemmt að segja um það á þessu stigi,“ segir Arnar.

Verðlagsnefnd búvara er skipuð sjö einstaklingum og skulu tveir fulltrúar vera tilnefndir af samtökum launþega, tveir af Bændasamtökum Íslands, tveir af Samtökum afurðastöðva í mjólkurframleiðslu auk þess sem ráðherra landbúnaðarmála skipar formann nefndarinnar.

Samtök launþega, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og stjórn Alþýðusambands Íslands hafa ákveðið að nýta ekki rétt sinn til tilnefningar. Samkvæmt lögum féll það því í hlut velferðarráðherra að tilnefna þessa tvo fulltrúa. /TB


Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá RML.

Veirusmit staðfest í tómötum á þremur íslenskum býlum

– Vírusinn er landlægur í Marokkó á Spáni en er ekki hættulegur fólki

Upp er komin vírussýking í íslenskum tómötum. Búið er að staðfesta smit í tómatplöntum á þremur býlum og grunur er um smit á fleiri garðyrkjustöðvum. Smitið er ekki hættulegt fólki og ekki eru líkur á því að það berist í aðra ræktun en tómata í gróðurhúsum.

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), hefur staðfest við Bændablaðið að fundist hafi tómataplöntur sem smitaðar eru af Pepino mósaík vírus á þremur býlum á Suðurlandi. Grunur um smit kom upp í einu tilviki á síðasta ári.

Landlæg óværa á Spáni og í Marokkó

„Vírusinn sem um ræðir er landlægur í löndum eins og Marokkó og Spáni, sem eru mikil tómataræktarlönd. Þar eru menn nánast hættir að reyna að uppræta vírusinn þar sem hann finnst nánast úti um allt. Það segir manni að það er hægt að rækta tómata þrátt fyrir vírusinn en uppskeran verður alltaf lélegri.“

Helgi segir að ekki séu til neinar tölur um hversu mikið uppskeran dregst saman við sýkingu enda fari það eftir því á hvaða tíma ræktunarinnar sýkingin komi fram og hversu móttækilegar plönturnar eru hverju sinni. Hann segist ekki vita til að til séu nein tómatplöntuyrki sem eru þolnari gegn vírusnum en önnur né að sýkingin hafi gengið yfir og horfið af sjálfsdáðum nokkurs staðar.


Tómatar sýktir af Pepino mósaík vírus.

Bráðsmitandi vírus

„Líklegt er talið að veiran hafi borist hingað með innfluttum tómötum þó það fáist líklega aldrei staðfest.

Vírusinn er mjög smitandi og smitast meðal annars með ávöxtunum sjálfum sem eru stanslaust í dreifingu og meðan svo er er verulega erfitt að uppræta sýkinguna.

Sýking getur borist á fingur fólks heima í eldhúsi þegar það sker tómata ofan á brauð og ef síðan er farið út í gróðurhús að afblaða eða vefja plöntur upp getur veiran borist í plönturnar. Þannig að smit getur borist mjög hratt yfir,“ segir Helgi.

Viljum útrýma vírusnum strax

Helgi segir að í fyrstu hafi verið vonast til að sýkingin væri bundin við einangruð tilfelli en að svo sé því miður ekki. „Sýkingin er að því er við best vitum bundin við nokkur garðyrkjubýli á Suðurlandi. Við eigum reyndar eftir að kortleggja sýkinguna betur en með vissu getum við sagt núna að hún sé staðfest á þremur býlum og að grunur sé um hana á fleiri stöðum.

Á Norðurlöndunum, sem eru í svipaðri stöðu og nánast öll tómataræktun á sér stað í gróðurhúsum, hefur víða tekist að ráða niðurlögum vírussins. Ég tel því að slíkt ætti einnig að vera hægt hér á landi og er hóflega bjartsýnn á að okkur takist að uppræta þetta.

Til þess að hægt sé að útrýma vírusnum getur þurft að henda öllu út, brenna plönturnar, sótthreinsa húsin og leggja niður ræktun í ákveðinn tíma, líklega tvo til þrjá mánuði. Hér er því um töluverða og kostnaðarsama aðgerð að ræða.“ /VH

Stuðningur við bændur

Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, segir að hjá Sambandi garðyrkjubænda sé verið að skoða hvaða stuðning hægt sé að veita félagsmönnum sem kunna að þurfa að fara út í aðgerðir vegna veirusýkingarinnar.

„Eins og gefur að skilja er ekki um einfaldar aðgerðir að ræða þegar útrýma þarf vírussýkingu úr gróðurhúsi.“

Getur þurft að hreinsa allt út úr húsum

„Það getur þurft að hreinsa allt út úr húsunum og sótthreinsa þau og alltaf er hætta á að vírussýking geti sprottið upp aftur. Kostnaðurinn við slíkar aðgerðir getur verið verulegur og á stærstu tómatabýlunum getur hann numið tugum milljóna króna.


Katrín María Andrésdóttir.

Sú staða getur hugsanlega komið upp að garðyrkjubændur leggi ekki í kostnaðinn ef þeir þurfa að taka skellinn einir og ákveði að hætta framleiðslu.

Í 32. grein búvörulaga nr. 99/1993 er heimild til að halda tímabundið áfram samningsbundnum stuðningi ef framleiðsluskilyrði raskast af ástæðum sem framleiðandi getur ekki haft áhrif á.

Við erum að skoða hvort það geti átt við nú en þrátt fyrir þann stuðning er ljóst að þeir sem þurfa mögulega að fara út í kostnaðarsamar aðgerðir sitja væntanlega eftir með töluvert fjárhagslegt tjón,“ segir Katrín María. /VH

HEILBRIGÐ MELTING MEÐ ACTIVE LIVER

Fita getur sest víða á líkamann, meðal annars innan í líffærin, þar á meðal lifrina. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum. Jóna Hjálmarsdóttir hefur mjög góða reynslu af Active Liver.

Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Mikil neysla kolvetna getur haft áhrif á óhóflega uppsöfnun þríglýseríða í lifrinni Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.



Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa." Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri," segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

BRIZO VEITIR LAUSN VIÐ ÓÞÆGINDUM VIÐ ÞVAGLÁT


Nú vakna ég útsofinn og hvíldur.

„Ég hef notað Brizo og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 69 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið," segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðrunni og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf."

Skúli Sigurðsson

Brizo hjálpar eftirfarandi

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát



ENZYMEDICA®

Ein öflugustu meltingarensím á markaðnum í dag

- Áttu við meltingarvandamál að stríða?
- Ensím eru nauðsynleg fyrir meltingu og öll efnaskipti líkamans.
- Betri melting, meiri orka!
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- 100% vegan hylki. Án fylliefna, bindiefna eða annarra flæðiefna.



Ekki lengur útblásin eftir máltíðir!

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur".



Fæst í flestum apótekum, heilsuverslunum og Fræinu Fjarðarkaupum

FRÉTTIR

Hafsteinn kokkur ársins 2017

– Matreiðslu- og framleiðslunemar ársins einnig útnefndir

Hafsteinn Ólafsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Sumac Grill + Drinks á Laugavegi í Reykjavík, bar sigur úr býtum í keppninni Kokkur ársins 2017 sem haldin var í Hörpu laugardaginn 23. september.

Eftirfarandi fimm matreiðslumenn kepptu til úrslita:

- **Hafsteinn Ólafsson (1. sæti)**
  Sumac Grill + Drinks
- **Garðar Kári Garðarsson (2. sæti)**
  Deplar Farm/Strikið
- **Víðir Erlingsson (3. sæti)**
  Bláa Lónið
- **Bjarni Viðar Þorsteinsson**
  Sjávargrillið
- **Rúnar Pierre Heriveaux**
  Grillið Hótel Saga



Hafsteinn Ólafsson fagnar með þá Garðar Kára Garðarsson (t.v.) og Víði Erlingsson við hlið sér.
Myndir / Sigurjón Sigurjónsson







Réttirnir þrír sem Hafsteinn bauð upp á: fyrst skötuselur, þá öndin og loks íslensk aðalbláber og grísk jógúrt.

Fyrirkomulagið á keppninni var þannig að faglærðir matreiðslumenn sendu uppskrift í keppnina ásamt mynd af réttinum. Valnefnd skipuð fimm faglærðum dómurum völdu nafnlaust þær 12 uppskriftir sem þóttu lofa góðu þar sem tekið var mið af frumleika, nýtingu á hráefni og útliti réttar. Það voru síðan fimm sterkustu keppendurnir sem komust áfram í úrslitakeppnina í Hörpu.

Þriggja rétta matseðill úr leynikörfu

Keppendur elduðu þar þriggja rétta matseðil úr svokallaðri leynikörfu, sem hulunni var svipt af deginum áður. Þar kom í ljós að í forrétt skyldi nota heilan skötusel, fersk ígulker og ferska hörpuskel. Í aðalrétt þurftu keppendur að útfæra sína útgáfu af klassíska réttinum „Önd orange“. Keppendur fengu tvær heilar franskar Barberie-endur sem skylduhráefni. Í eftirrétt voru frosin íslensk aðalbláber, Cacao Barry mjólkursúkkulaði (38%) og grísk jógúrt. Aðalatriðið í eftirréttinum varð að vera borið fram heitt.

Hafsteinn, sem er landsliðsmaður í kokkalandsliðinu, hafði þrjú síðustu árin lent í öðru sæti áður en kom að sigri í fjórðu tilraun. Hann mun keppa fyrir Íslands hönd í „Nordic Chef Of The Year“ í Danmörku á næsta ári.

Fjölskipuð dómnefnd valdi sigurvegara. Hún fylgdi eftir vinnubrögðum keppenda í þaula og smakkaði allan matinn. Yfirdómari var Krister Dahl frá Svíþjóð.

Hinrik og Steinbjörn matreiðslunemar ársins

Matreiðslunemakeppnin var deginum á undan, föstudaginn 22. september, auk þess sem framleiðslunemar kepptu sín á milli.

Hinrik Lárusson, matreiðslunemi á Radisson Blu Hótel Sögu, og Steinbjörn Marvin Björnsson, matreiðslunemi í Hörpu, voru útnefndir matreiðslunemar ársins 2017.

Verkefni matreiðslunema var að matreiða forrétt, aðalrétt og eftirrétt fyrir níu manns.

Í forrétt var íslenskt haustgrænmeti. Rétturinn mátti ekki innihalda mjólkurafurðir eða hnetur, en hann var framreiddur af fati. Í aðalrétt var kjúklingur og risottó ásamt heitri sósu.

Aðalréttur var framreiddur á fati og í eftirrétt voru jarðarber, marens og heit sósa. Eftirrétturinn var framreiddur á diskum.

Sigurður Borgar og Axel Árni framleiðslunemar ársins

Sigurður Borgar, framleiðslunemi á Radisson Blu Hótel Sögu, og Axel Árni Herbertsson, framleiðslunemi í Bláa Lóninu, voru útnefndir framleiðslunemar ársins 2017.

Verkefni framreiðslunemanna voru skriflegt próf um fagtengd málefni, blöndun áfengra og óáfengra drykkja, eldsteiking, fyrirskurð á heilum kjúklingi, sérvettubrot, kvöldverðaruppdekkning fyrir fjóra rétti ásamt blómaskreytingu og framreiðsla á fjórum réttum ásamt vínum.

Nemarnir öðlast þátttökurétt í Norrænu nemakeppninni sem fram fer í Kaupmannahöfn dagana 20.–21. apríl á næsta ári. /*smh*

Nýr rektor Landbúnaðarháskóla Íslands tekinn við:

Efling hagnýtra búvísinda- og umhverfisrannasókna

– í auknu samstarfi við bændur og hagsmunasamtök þeirra



Þann 1. október síðastliðinn tók Sæmundur Sveinsson við stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) af Birni Þorsteinssyni. Sæmundur er settur í stöðuna til eins árs.

„Ég vil frekar tala um þær áherslur sem ég ætla að leggja upp með og þá þætti sem ég vil efla í starfi skólans, heldur en einstaka verkefni sem bíða mín. Enda er ég nýtekinn við stofnun sem sinnir geysilega viðamiklum og fjölbreyttum verkefnum. Hún sinnir kennslu á tveimur skólastigum með margþættum rannsóknaverkefnum,“ segir Sæmundur spurður um verkefnin sem bíða nýs rektors.

Áhugi á auknu samstarfi við bændur

Eitt af því sem Sæmundur hefur áhuga á að efla í skólastarfinu eru tengingar við bændur og samstarf við þá. „Mörg verkefni sem skólinn sinnir eru unnin í nánu samstarfi við bændur, til dæmis kornkynbótaverkefni skólans sem ég kom heilmikið að á síðustu þremur árum. Kornræktin á Íslandi á sér margra áratuga langa sögu þar sem brautryðjendur börðust hetjulega við að sanna að hún gæti gengið hér á landi.



Sæmundur Sveinsson er nýr rektor LbhÍ. Mynd / Áskell Þórisson

En sá mikli áhugi sem er hjá bændum núna er tilkominn vegna átaks sem var samstillt af RALA – sem var einn forvera LbhÍ – ráðunautaþjónustunni og bændum. Ég tel að það megi gera enn betur í þeim efnum og vinna fleiri rannsóknaverkefni í þessum anda. Ég vil sjá að bændur upplifi sig sem liðsmenn skólans og sjái að LbhÍ sé að vinna fyrir bændur og byggðir landsins. Ég geri því ráð fyrir að ferðast um landið til að heyra hljóðið í bændum og ráðunautum þeirra varðandi hvað þeir telji betur megi fara í starfi skólans.“

Góð fjárhagsstaða skólans

Sæmundur segir rekstur skólans í góðu standi og hann taki við virkilega góðu búi. „Fjárhagsleg staða Landbúnaðarháskóla Íslands hefur sjaldan verið betri. Enda hefur rekstur skólans verið mjög aðhaldssamur og tryggur undanfarin ár. Það bíða hins vegar afar mörg knýjandi verkefni á sviði rannsókna og viðhaldi húsakynna skólans.

Varðandi skólastarfið þá er heilmargt sem huga þarf að. Ég tel í fyrsta lagi að skólinn þurfi að stórauka samstarf við aðra innlenda háskóla og stofnanir. Það eru víða sérfræðingar dreifðir á öðrum stofnunum sem eru að vinna að svipuðum verkefnum og mér finnst mjög mikilvægt að við eflum samstarf á þeim sviðum. Ég hef enn fremur áhuga á því að efla hagnýtar landbúnaðarrannsóknir. Skólinn stendur mjög framarlega í þeim efnum en ég tel að við þurfum að gera enn betur. Forsenda þess að við getum sótt hér fram er tryggt styrkjaumhverfi í landbúnaðarrannsóknum,“ segir Sæmundur.

Öflugar umhverfisrannsóknir

„Það var í umræðunni fyrir nokkrum misserum að stofna ætti nýjan rannsóknasjóð, þar sem lögð yrði áhersla á hvernig megi auka virði landbúnaðarafurða. Ég tel að slíkur sjóður myndi verða mikil lyftistöng fyrir íslenskar búvísindarannsóknir. Ég vil enn fremur leggja áherslu á að samhliða hefðbundnum búvísindarannsóknum þarf LbhÍ að halda áfram að sinna öflugum umhverfisrannsóknum, því það er nauðsynlegt að skilja þær umhverfisafleiðingar sem landnýting hefur í för með sér. Við þurfum að halda áfram að sækja fram í rannsóknum til að skilja vistfræðilega ferla á svæðum sem við erum að nýta með einhverjum hætti, svo sem til sauðfjárbeitar, túnræktar eða skógræktar. Enn fremur er aukin þekking í ferlum í kolefnishringrás jarðvegs gríðarlega þýðingarmikil fyrir okkur Íslendinga, sérstaklega á gróðurlitlum svæðum og í framræstu votlendi,“ segir Sæmundur.

Samanburður norrænna kynbótalína

Sæmundur lauk BS-prófi frá líffræðideild Háskóla Íslands í júní 2007. Hann lauk mastersprófi frá sömu deild sumarið 2009. Í mastersnámi kannaði Sæmundur skyldleika ýmissa meltegunda (Leymus) með frumuerfðafræðilegum aðferðum.

Hann varði doktorsritgerð sína frá grasafræðideild háskólans í Bresku Kólumbíu í Vancouver í Kanada árið 2014. Doktorsritgerð Sæmundar ber titilinn Þróun plöntuerfðamengja könnuð með næstu kynslóðar raðgreiningartækni.

Sæmundur var aðstoðarkennari við grasafræðideild háskólans í Bresku Kólumbíu í Vancouver í Kanada á árunum 2010 til 2014. Eftir doktorsnám starfaði hann sem sérfræðingur við auðlindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands og vann meðal annars við byggrannsóknir í samnorrænu PPP (Public Private Partnership) verkefni. Snerust þær um að bera saman norrænar kynbótalínur af byggi og kanna erfðafræðilegan fjölbreytileika þeirra.

Sæmundur hefur einnig kennt í Háskóla Íslands, Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Landbúnaðarháskólanum. Hann hefur setið í erfðanefnd landbúnaðarins fyrir hönd Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2015. /*smh*

FYRSTA BLANDA NIVEA
AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI

NÝTT

NIVEA

Q10 plus C

ANTI-WRINKLE
+ ENERGY

SKIN SLEEP CREAM

FOR TIRED SKIN
& FINE LINES

ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.

NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.

NIVEA.co.uk

* prófað í tilraunaglasi

FRÉTTIR



Frá munna Dýrafjarðarganag í Arnarfirði. Myndir / Haukur Már Hartðarson

Gröftur Dýrafjarðarganga kominn á fullt skrið:

Verk loks hafið eftir 36 ára undirbúning

Framkvæmdir eru komnar á fullt við gerð Dýrafjarðarganga sem koma eiga í stað erfiðs fjallvegar um Rafnseyrarheiði á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Jón Gunnarsson samgönguráðherra sprengdi hátíðarsprengingu Dýrafjarðarganga í gangamunna Arnarfjarðarmegin með aðstoð Hreins Haraldssonar vegamálastjóra þann 14. september síðastliðinn, en Vestfjarðagöng voru einmitt vígð á sama degi árið 1996. Verkefnið Eiði-Þverá á sunnanverðum Vestfjörðum var líka vígt á sama degi árið 2015. Hugsanlega verða Dýrafjarðargöng svo opnuð 14. september 2020.

Verktakarnir Suðurverk og Metrostav frá Tékklandi vinna verkið. Samningar við verktaka hljóða upp á um 9 milljarða króna og heildarkostnaður verður talsvert meiri.

Þegar Jón Gunnarsson þrýsti á hnappinn sem kom sprengingunni af stað varð honum að orði að nú rynnu ekki eingöngu öll vötn til Dýrafjarðar heldur líka fullt af peningum.

Hugmyndin að Dýrafjarðargöngum er búin að vera lengi á teikniborði Vegagerðarinnar. Var þetta m.a. eitt af fyrstu verkum Hreins Haraldssonar, núverandi vegamálastjóra, við störf hjá Vegagerðinni árið 1981, að kanna aðstæður fyrir Dýrafjarðargöng og hvar best væri að fara í gegn. Þrjú ár tekur að klára verkið og því líða 39 ár frá því hann kannaði aðstæður á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar verður lengd ganganna í bergi áætluð 5.301 metri, vegskálar 144 m og 156 m, eða samtals 300 metrar. Heildarlengd ganga með vegskálum er áætluð 5.601 metri og breidd ganganna verður 8 metrar en þverskurðarflatarmál er 53 m^2.




Við gangagerðina þarf að nota mikið af sementi, m.a. við svokallaða grautun við bergþéttingar. Sementsílóin við gangamunna í Arnarfirði taka líka slatta, eða heil 700 tonn.

Hæð vegskálaenda er 35 m yfir sjávarmáli (y.s) í Arnarfirði og 67 m y.s. í Dýrafirði. Gólf í göngum fer mest í 90 m y.s. í miðjum göngunum og er mesti lengdarhalli 1,5%. Þversnið er samkvæmt norskum reglum og nefnist T8.

Í göngum verða 10 útskot, þar af fjögur snúningsútskot. Inni í göngunum verða fjögur steypt tæknirými og tvö lítil fjarskiptahús utan ganga. Göngin verða malbikuð með steyptum upphækkuðum öxlum. Nýr vegur verður byggður beggja vegna gangamunna.

Nýir vegir eru u.þ.b. 3 km Arnarfjarðarmegin og 4,8 km Dýrafjarðarmegin, samtals um 7,8 km auk tenginga. Vegurinn verður 8 m breiður með 7 m akbraut. Rafmagnsbúnaður og öryggisbúnaður er fjölþættur, mest af búnaðinum er í fjórum tæknirýmum meðal annars fjórar spennistöðvar. Símaskápar eru einu skáparnir sem festir eru á veggi ganga, allir aðrir rafbúnaðarskápar eru í tæknirýmum. Loftræsiblásarar, 1 m í þvermál, eru 16 og eru tveir og tveir saman á fjórum svæðum við tæknirýmin inni í göngunum. /HKr.

GISTIHÚS



Nova Zembla - Grensásvegi 50 - 108 Reykjavík
S. 774 7090 - Netfang eggert@brix.is
www.kelfort.is/en - kelfort.is

FRÁBÆRT VERÐ OG GÆÐI!



Haustsmölun í Botni í Súgandafirði. Mynd / Haukur Már Harðarson

Stéttarfélagið Framsýn ályktar um vanda sauðfjárbænda:

Hverfi sauðfjárrækt úr sveitum landsins munu fleiri störf fylgja með

„Framsýn stéttarfélag lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim mikla vanda sem steðjar að sauðfjárrækt á Íslandi, enda ljóst að mikil lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda kemur sér afar illa við greinina og ýtir undir frekari byggðaröskun en orðið er.“

Þett kemur fram í ályktun sem stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkti á dögunum í tilefni þeirrar stöðu sem sauðfjárbændur eru í og félagið hefur verulegar áhyggjur af.

Fram kemur að mikil tekjuskerðing til bænda síðustu ár geri að verkum að ekkert stendur eftir til að greiða launakostnað eftir að framleiðslukostnaður hefur verið greiddur. Verði boðaðar verðlækkanir á afurðaverði og hækkandi sláturkostnaður til sauðfjárbænda að veruleika í haust er rekstrargrundvöllur margra sauðfjárbúa brostinn.

Hrun í greininni snýst ekki eingöngu um tekjulækkun bænda

„Sauðfjárrækt er ein af grunnstoðum byggðar í Þingeyjarsýslum líkt og í flestum öðrum dreifbýlissveitarfélögum landsins, margir byggja afkomu sína á sauðfjárrækt, bæði sem bændur og/eða við önnur afleidd störf tengd landbúnaði,“ segir enn fremur í ályktuninni. Bent er á að hverfi sauðfjárrækt úr sveitum landsins munu fleiri störf fylgja með þar sem margir hafa afkomu sína af vinnu við afurðastöðvar og ýmiss konar þjónustu við bændur, þau störf munu einnig hverfa. „Hrun í greininni snýst því ekki eingöngu um tekjulækkun til bænda heldur er fjöldi starfa í hættu, samfélagið allt er undir.“

Framsýn skorar á forystumenn sauðfjárbænda, sláturleyfishafa og ráðamenn þjóðarinnar að vinna markvisst að lausn mála með það að markmiði að leysa þennan grafalvarlega vanda sem blasir við þjóðinni allri. /MÞÞ

Alþjóðlega RIFF-hátíðin er líka á landsbyggðinni:

Þrjár kvikmyndir sýndar í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði og í Sláturhúsinu á Egilsstöðum

Kvikmyndahátíðin Reykjavík International Film Festival, eða RIFF, hefur verið haldin árlega frá 2004. Hefur hátíðin markað sér veglegan sess á alþjóðavísu.

Hátíðin teygir anga sína út fyrir höfuðborgarsvæðið og að þessu sinni eru þrjár „RIFF-myndir“ sýndar í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði og í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Hátíðin hófst að þessu sinni 28. september og stendur til 8. október.

Í hópi áhugaverðustu kvikmyndahátíða heims

Sem dæmi um þá virðingu sem hátíðin nýtur á alþjóðlega vísu, þá hefur breska vikublaðið The New European nýverið gefið út lista yfir 14 evrópskar kvikmyndahátíðir sem ekki má missa af á árinu 2017. Þar er RIFF nefnd á meðal stórhátíða á borð við kvikmyndahátíðina í Cannes, Feneyjum og Edinborg, auk 10 annarra hátíða.


Til þess að aðskilja sig frá hátíðum eins og í Cannes og Berlín var ákveðið að aðalverðlaun hátíðarinnar yrði Gyllti lundinn sem gæti aðeins farið til leikstjóra sem væru að kynna sína fyrstu eða aðra kvikmynd. Þetta hefur gert það að verkum að þessi íslenski viðburður er orðinn að markmiði fyrir hæfileikafólk sem er að koma nýtt inn á svið kvikmyndagerðarinnar um allan heim.

Á lista The New European yfir þær evrópsku hátíðir sem ekki má láta framhjá sér fara á árinu 2017 eru:

1. Cannes Film Festival – „Þessi stóra“
2. Edinburgh International Film Festival – „Þessi svala“
3. Il Cinema Ritrovato – „Þessi retro“
4. Karlovy Vary International Film Festival – „Þessi austræna“
5. Locarno International Film Festival – „Þessi ferska“
6. Frightfest – „Þessi ógnvekjandi“
7. Venice International Film Festival – „Þessi virta“
8. Deauville American Film Festival – „Þessi ameríkulega“
9. Oldenburg International Film Festival – „Þessi framsækna“
10. San Sebastián International Film Festival – „Þessi kraftmikla“
11. Reykjavik International Film Festival – „Þessi unglega“
12. BFI London Film Festival – „Þessi með bestu myndirnar“
13. Trieste International Science+Fiction Film Festival – „Þessi úr geimnum“
14. Gijon International Film Festival – „Þessi fyrir krakka“

Sýningar á landsbyggðinni

Á vegum RIFF 2017 verða þrjár kvikmyndir sýndar á landsbyggðinni. Það eru:



Náttúruafl - A Force of Nature eftir Hayden de Maisoneuve Yates (ISL, USA 2017). Náttúruafl er sjálfsíhugun Jóhanns Eyfells, 93 ára íslensks manns sem flutti frá Flórída til Texas þegar konan hans dó. Jóhann lýsir þeim öflum sem mótuðu ungdómsár hans á Íslandi, landi elds og ísa, og síðar hvernig lífið varð sem listamaður og kennari í Bandaríkjunum.

Nothingwood - eftir Salim Shaheen. Salim er afganskur leikstjóri og er þetta 111. mynd hans.



Hann hefur tekið með sér sama leikarahóp og venjulega þar sem hver er öðrum furðulegri. Shaheen hefur verið að gera lággæða Z myndir í meira en 30 ár. Glamúrfrítt er saga um mann sem eyðir ævinni í að láta bernskudraum sinn rætast. Myndin var tilnefnd til þriggja verðlauna í Cannes.



Tom of Finland eftir Dome Karukoski (FIN 2017). Þetta er sönn saga um hvernig finnski listamaðurinn Touko Laaksonen hlaut alþjóðlega frægð fyrir teikningar sínar af óþvinguðum, stoltum og vöðvastæltum hommum. Hann merkti myndirnar með nafninu „Tom of Finland“.

Myndirnar urðu vinsælar víða og settu aukinn kraft í hreyfingu samkynhneigðra. Myndin vann FIPRESCI verðlaunin í Gautaborg. Kvikmyndin sem um ræðir hefur fengið formlega tilnefningu sem framlag Finnlands til Óskarsverðlauna. Myndin er ein burðarmynda á sérstökum finnskum fókus á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í ár.



IRON 450 Kr. 1.259.000 með vsk

- Lengd: 2.130 mm
- Þyngd: 371 kg
- Vél: Vatnskæld fjórgengis SOHC
- Drif: 2x4 / 4x4 / 4x4 LOCK
- Driflæsing 100% læsanleg framan og aftan
- Stillanlegir demparar, sjálfstæð afturfjöðrun
- Rafléttistýri (EPS)
- Diskabremsur framan og aftan
- Bensíntankur 18 L
- Bein innspýting (EFI)
- Götuskráð
- Dekk framan 25x8x12
- Dekk aftan 25x10x12

IRON MAX 450 Kr. 1.299.000 með vsk

- Lengd: 2.330 mm
- Þyngd: 383 kg
- Vél: Vatnskæld fjórgengis SOHC
- Drif: 2x4 / 4x4 / 4x4 LOCK
- Driflæsing 100% læsanleg framan og aftan
- Stillanlegir demparar, sjálfstæð afturfjöðrun
- Rafléttistýri (EPS)
- Diskabremsur framan og aftan
- Bensíntankur 18 L
- Bein innspýting (EFI)
- Götuskráð
- Dekk framan 25x8x12
- Dekk aftan 25x10x12

COBALT MAX 550 Kr. 1.499.000 með vsk

- Lengd: 2.330 mm
- Þyngd: 383 kg
- Vél: Vatnskæld fjórgengis SOHC
- Drif: 2x4 / 4x4 / 4x4 LOCK
- Driflæsing 100% læsanleg framan og aftan
- Stillanlegir demparar, sjálfstæð afturfjöðrun
- Rafléttistýri (EPS)
- Diskabremsur framan og aftan
- Bensíntankur 18 L
- Bein innspýting (EFI)
- Götuskráð
- Dekk framan 25x8x12
- Dekk aftan 25x10x12

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



STEKKUR

Góðir matsveppir

Kóngssveppur finnst í skógum og kjarri um allt land. Þar sem kóngssveppur vex á annað borð er yfirleitt mikið af honum. Stafurinn stuttur, en getur orði 20 sentímetra langur og gildastur neðst. Hatturinn allt að 25 sentímetrar í þvermál. Ljós- yfir í dökkbrúnn að lit og með matta og þurra áferð þurr, en glansandi þegar hann er blautur. Holdið er hvítt.

Kúalubbi:
Algengur um allt land og vex með birki og fjalldrapa. Hatturinn 4 til 20 sentímetrar í þvermál, hvolflaga í fyrstu en verður flatur eftir því sem sveppurinn verður stærri. Mattur og ljós og yfir í dökkbrúnn að lit. Hatturinn yfirleitt þurr viðkomu. Stafurinn hvítur um 10 til 20 sentímetra hár og mjókkar upp. Kragalaus. Holdið hvítt og þétt á ungum sveppum en verður svampkennt með aldrinum.

Furusveppur – Smjörsveppur:
Fylgir furutrjám og vex oft mikið af honum lengi sumars og fram á haust. Bestir eru ungir stinnir sveppir. Pípusveppur. Hatturinn 5 til 12 sentímetrar í þvermál, hvolflaga í fyrstu en verður flatur eftir því sem sveppurinn verður stærri. Hatturinn súkkulaðibrúnn á ungum sveppum en gulbrúnn á þeim eldri. Hatturinn mjög slímugur og dökkur í röku veðri en glansandi og ljósbrúnn í þurru. Pípurnar gular í fyrstu en fölna með aldrinum. Stafurinn stuttur, um 4 sentímetrar. Hold stafsins er hvítt og þéttara en í hattinum.

Lerkisveppur:
Auðþekktur á skærgulum og rauðgulum lit þar sem hann vex í kringum lerki. Pípusveppur. Hatturinn 5 til 12 sentímetra hár. Hvelfdur i fyrstu en fletts út með aldrinum. Í fyrstu er hatturinn rauðgulur eða appelsínugulur að lit en verður síðan gulur eða jafnvel skærgulur. Slímugur í bleytu. Pípurnar skærgular í fyrstu en verða svo gulbrúnar. Stafurinn brúnleitur. 4 til 10 sentímetra hár og eins til tveggja sentímetra breiður. Holdið gult og þéttara í stafnum en hattinum.

Ullblekill – Ullserkur:
Algengur í þéttbýli þar sem hann vex í litlum þyrpingum í grasi við vegkanta. Ágætur matsveppur en nauðsynlegt að tína unga og hvíta sveppi og best er að tína hann þar sem umferð er lítil. Hatturinn langur og mjór 5 til 30 sentímetra hár, í fyrstu egglaga og þakinn gráhvítum eða brúnleitum og ull- eða bómullarkenndum flygsum sem brettast upp með aldrinum þegar hatturinn verður klukkulaga. Fanirnar þéttar eins og blöð í bók, hvítar í fyrstu en síðan rauðleitar og að lokum svartar. Liturinn breytist neðan frá og upp. Stafurinn hvítur, langur og holur.

Kantarella:
Vex í skógum eða í grennd við þá. Fremur smávaxinn en þybbinn sveppur með lykt sem minnir á apríkósur. Rauðgulur eða eggjarauðugulur á litinn. Hatturinn hvelfdur í fyrstu en síðan flatur og að lokum trektlaga, 2 til 12 sentímetrar í þvermál. Holdið fölgult eða hvítleitt. Þurr og seigur viðkomu. Kantarella er ekki með fanir heldur grunn og þykk rif sem líkjast fönum. Engin eiginleg skil eru milli hattsins og stafsins. Stafurinn þriggja til sjö sentímetra hár og eins til tveggja sentímetra breiður. Stafurinn er sléttur viðkomu og svipaður á litinn og hatturinn. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Heimaáin Langá á Mýrum



Ingvi, Díana og Alexander með lax úr Langá á Mýrum. Mynd / G.Bender

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



„Þótt maður hlakki aldrei til þess að sumarið taki enda þá er alltaf tilhlökkun til haustveiðinnar í heimaánni, Langá á Mýrum," sagði Ingvi Örn Ingvason, en hann var í ánni fyrir skömmu, en þetta er veiðiá sem fjölskyldan þekkir vel.

„Ég er alinn upp á bökkum Langár og hef starfað sem leiðsögumaður með einhverju móti þar flest sumur síðan ég var sautján ára gamall. Það er orðin hefð að kaupa septemberdaga þegar búið er að loka veiðihúsinu og veitt er frá 8 að morgni til 20 um kvöldið, samfleytt. Þá útbýr maður gott nesti ásamt heitu kaffi og kakó á brúsa. Kannski líka einn til tveir kaldir á klaka fyrir seinni vaktirnar. Þá er maður tilbúinn í daginn.

Í ár vorum við öll fjölskyldan mætt í Borgarfjörðinn föstudaginn 22. september. Ég, Díana kærastan mín, Alexander, sjö ára frumburðurinn og upprennandi veiðimaður, og Gunnar Berg, 1 árs. Gunnar Berg þurfti þó að sætta sig við dekur hjá ömmu og afa á meðan við hin veiddum.

Við byrjuðum daginn á fjallinu og vorum því mætt á Gilsbreiðina og Campari rétt upp úr 8. Þetta byrjaði rólega hjá okkur og greinilega enginn lax kominn „á fætur".

Eftir smá nesti og heitt kakó var haldið í Hornhyl. Eftir létt rennsli með „micro hitch" setti ég litla tvíkrækju nr. 14 undir sem ég held að heiti „purple overtaker". Eftir nokkur köst kemur svo hörku taka. Var 60 sentímetra hæng landað og eftir myndatöku var honum svo sleppt.

Nú verður Alexander svakalega spenntur og vill ná í einn lax sjálfur, og pabbi má alls ekki hjálpa. Ég reyni að gefa honum góð ráð en þau fara misvel í drenginn sem er farinn á minna á mjög erfiðan viðskiptavin úr „gædamennskunni", vill gera allt sjálfur og finnst að „gædinn" viti ekkert í sinn haus. Ekki tókst okkur að ná öðrum í Hornhyl og höldum því næst í Hrafnseyri.

Alexander fær að taka fyrsta rennslið og kemur flugunni merkilega vel út og veiðir hylinn vel en allt kemur fyrir ekki og hann tekur ekki í þetta sinn. Díana fer svo yfir með „Black´n teal micro hitch" og þegar hún er að verða búin með rennslið sitt segir hún óþreyjufull:

„Mig langar bara að fá einn lax!"

Hún var varla búin að sleppa orðinu þegar lax birtist á yfirborðinu og tekur fluguna. Eftir góða baráttu landar hún honum eins og fagmaður. Eftir mælingar og myndatöku er honum svo sleppt aftur í ána.

Á þessum tímapunkti var Alexander orðinn mjög óþreyjufullur og vildi sko fara að veiða lax. Hann vildi helst að enginn annar enn hann fengi að veiða það sem eftir lifði dags, enda við bæði búin að fá lax. Ég fékk samt að veiða einn hyl og náði að landa einum til viðbótar í Rennum á „night hawk einkrækju hitch". Hafsteinn Orri, bróðir minn (aka Súpergæd), kom til okkar, rétti mér þessa flugu og sagði mér að setja „hitch" á hana á þessum tiltekna veiðistað. Hann reyndist sannspár enda kom ekta „hitch" taka sem fær hjartað til að taka kipp.

Fleiri urðu laxarnir ekki þrátt fyrir mikinn dugnað og eljusemi hjá Alexander sem er heldur betur kominn með veiðibakteríuna. Það ætlaði samt allt um koll að keyra, aðallega þó hjá pabbanum, þegar drengnum tókst að reisa tvo laxa á „hitch" á Kríubreiðinni rétt fyrir klukkan 20, en hann vildi ekki taka í þetta sinn. Við gengum samt sátt frá hylnum og erum strax byrjuð að telja dagana niður í næstu veiðiferð," segir Ingvi Örn enn fremur.

Veiðitölurnar að detta inn

Það eru ekki margar laxveiðiár sem eru opnar enn þá, jú Ytri- og Eystri-Rangá. Hinar hafa flestar lokað fyrir veiðimenn.

„Við erum að loka hjá okkur, það eru bændadagar. Það hafa veiðst 240 laxar og mikið af silungi," sagði Þórarinn Birgir Þórarinsson í Hvítadal er við spurðum um Hvolsá og Staðarhólsá í Dölum.

Þverá í Borgarfirði endaði í 2.060 löxum. Norðurá líka ættuð úr Borgarfirði endaði í 1.719 löxum. Langá stoppaði á 1.701 laxi og Blanda í 1.433 í löxum svo við skoðum örfáar veiðiár. Ytri-Rangá er með toppsætið öruggt sem fyrr.



Flott 80 sentímetra hrygna veidd af Agnesi Viggósdóttur i Efri Eyrarhyl í Svalbarðsá á „micro hich örtupu"
Mynd / Júlíus

Silungsveiðin gengið víða vel

Silungsveiði hefur verið góð hjá mörgum í sumar, flottar bleikjur og urriðar. Margir veiðimenn byrja sinn veiðiskap í silungsveiðinni, enda gaman að veiða fallega silunga.

„Þessi mynd er tekin í júlí þegar við fórum á Seleyrina svokölluðu," sagði Gunnar Örn Pétursson, en Seleyrin er rétt fyrir utan Borgarnes, yfirleitt veidd sunnan megin við Borgarfjarðarbrúna.

„Það hefur oft gefið góða veiði að fara klukkutíma fyrir háflóð og fram yfir liggjandann. Þá er gott að nota pungsökku og beita makríl.



„Á þessari mynd er Ásdís, dóttir mín (9 ára), sem er einn þolinmóðasti veiðimaður sem ég þekki, að vakta færið meðan allir aðrir voru farnir inn í bíl. Við fengum nokkra fallega silunga í þetta skiptið."

Þetta verður árleg ferð hjá okkur

Sjóbirtingsveiðin er flott þessa dagana og veiðimenn eru að fá fína veiði. Fiskurinn er vænn og það virðist vera mikið af honum víða. Ómar Smári Óttarsson var að koma úr veiði við Kirkjubæjarklaustur. Gefum honum orðið.

„Við fórum nokkrir félagar í Tungulæk og gekk nú bara frekar vel, náðum að landa í kringum 50 fiskum og misstum eitthvað svipað. En maður þurfti nú heldur betur að vinna fyrir því samt. Við vorum að kasta á Breiðuna fullt af fiski, örugglega í kringum þúsund fiska, en þeir voru bara ekki í miklu tökustuði. Þeir voru þó að sýna sig mikið á svæðinu.

Þær flugur sem virkuðu á þá voru þurrflugur, „hitce" og litlir „stremerar" eins og „sunrey, black ghost" og „Flæðarmúsin". Þá vorum við að vinna með þunga „stremera" og sökkutaum.

Það komu fjórir risar á land, stærsti 88 sentímetrar og 52 sm í ummál. Svo komu tveir 83 cm



Ómar Smári Óttarsson með flottan sjóbirting úr Tungulæknum.

alveg nákvæmlega jafn stórir, en mjög ólíkir á litinn. Síðan kom einn silfraður og flottur í kringum 80 og eitthvað cm. Meðalstærðin var býsna góð, í kringum 60–70 cm og feitir og sterkir.

Eins og ég sagði, þá var þetta ekki gefin veiði. Við þurftum að vinna vel fyrir þessu og myndi ég segja að við hefðum verið grjótharðir, því það var hræðilegt veður. Engu að síður var þetta rosalega skemmtileg ferð og ætlum við að hafa þetta árlegt," sagði Ómar enn fremur.

Flottur lax úr Húseyjarkvísl

Veiðin í Húseyjarkvísl í Skagafirði hefur verið allt í lagi í sumar, lax, bleikja og urriði, en þar var veiðinni að ljúka í síðustu viku. Gunnar Norðdahl var í lokahollinu.

„Ég fékk þennan lax í lokahollinu í Húseyjarhvísl og þar hefur veiðin gengið vel í sumar, laxinn veiddi ég í Langhyl og hann tók lítinn „cone". Fiskurinn var 95 sentímetrar og hollið fékk fína veiði," sagði Gunnar enn fremur. Veiðinni er víða að ljúka þessa dagana en sjóbirtingsveiðin gengur vel.



Gunnar Norðdahl með 95 cm lax úr Húseyjarkvísl.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús

naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar




Rastaðir gólfbitar



Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is



ÓDÝR

Gleraugu með glampa- og rispuvörn



Verð 19.900 kr

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Í Rjúpnaveiðina

Vesturröst - 60 ÁRA 1957 - 2017

Rjúpnavesti

Tenzing Bakpokavestið
hefur hefur hlotið verðlaun
fyrir einstaklega góða hönnun.
Það er mjög þægilegt í notkun
og vel stillanlegt á alla.
13 vasar og hirslur
Hólf og vasar fyrir skot.
2 vasar fyrir talstöðvar
eða önnur tæki
Stæðir M / L - XL / XX



Kr. 29.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is

DANUBE UniMac

Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar

Þvottavélar



Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.

IceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is



Ertu í góðum skóm?

Sterkir öryggisskór með stáltá og stál í sóla. Gott grip. Vatnsþolið leðurlíki. Stærðir: 39-48.
Verð: 4.954 kr.
Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

FRÉTTIR

Sameinuðu þjóðirnar – Global Land Outlook:

Landnotkun í heiminum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Sameinuðu þjóðirnar sendu nýlega frá sér skýrslu sem kallast Global Land Outlook og fjallar um notkun landgæða í heiminum og framtíð þeirra út frá mörgum hliðum.

Í skýrslunni eru landgæði og landnotkun skoðuð út frá mörgum hliðum eins og fjölgun mannkyns, fólksflutningum, loftslagsbreytingum, líffræðilegum fjölbreytileika þéttbýlismyndun, átökum um fæðu, og orku- og vatnsbúskap.

Global Land Outlook er viðamikil skýrsla en í samantekt segir að álag á land sé mikið og að það eigi eftir að aukast. Samkeppni um land og landgæði er þegar mikið og fer harðnandi þegar kemur að framleiðslu á matvælum og nýtingu á orku og vatni og öðrum gæðum sem eru nauðsynleg til að viðhalda hringrás lífsins.

Bændablaðið mun á næstu vikum fjalla um einstaka þætti Global Land Outlook og birta útdrætti úr henni. Eftirfarandi texti er lausleg þýðing á lykilatriðum skýrslunnar.

Hnignun vistkerfa

Vistkerfi, hvort sem þau eru náttúruleg eða manngerð, eru á undanhaldi. Á tveimur síðustu áratugum hefur um 20% af grónu yfirborði jarðar sýnt merki um hnignun og minni framleiðslu vegna slælegrar stjórnunar í nýtingu á landi og vatni.

Líffræðilegur fjölbreytileiki á undanhaldi

Loftslagsbreytingar undanfarinna áratuga vegna aukins koltvísýrings í andrúmslofti hafa hafa letjandi áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Auk þess munu loftslagsbreytingar í auknum mæli í framtíðinni hafa áhrif á veðurfar, uppblástur og möguleika á nýtingu lands til fæðuframleiðslu og búsetu.

Umhverfisstreita og minna þolgæði

Hnignun landgæða mun auka varnarleysi fátækra í heiminum, sérstaklega kvenna og barna, og valda aukinni samkeppni um minnkandi náttúrugæði. Slíkt mun leiða til aukinna fólksflutninga, óstöðugleika og átaka.

Rúmlega milljarður í sjálfheldu

Meira en 1,3 milljarðar manna eru nú þegar bundin við ræktarland í hnignun. Bændur, sérstaklega á þurrkasvæðum, hafa takmarkaða getu til að framfleyta sér á annan hátt og eru oft og tíðum ekki hluti af stærri innviðum samfélaga eða áætlunum um efnahagslegar endurbætur.

Breytingar á lífsháttum

Breytingar síðustu áratuga á lífsháttum á landsbyggðinni hafa aldrei verið meiri. Milljónir manna um allan heim hafa yfirgefið heimaslóðirnar og land forfeðranna og flutt í þéttbýli. Þetta hefur iðulega haft í för með sér aukna fátækt, breytingar á landnotkun og að þekking innfæddra glatist.

Ósjálfbær fæðuframleiðsla

Óhagkvæm og ósjálfbær fæðuframleiðsla ógnar heilsufari jarðarbúa og hefur slæm áhrif á umhverfið. Mengun og misnotkun á landi vegna skammtíma gróða við fæðuframleiðslu og fólksdreifingu tekur ekki á yfirstandandi vanda.

Matarsóun

Bilið milli framleiðslu og neyslu og síaukin matarsóun eykur enn á þörfina fyrir aukið land til fæðuframleiðslu og aukins skógar og landeyðingar. Slíkt á aðallega við í fátækari löndum heims þar sem helsta ástæða matarsóunar er skortur á viðeigandi geymslurými og takmarkaðir flutningar. Matarsóun hjá efnuðum þjóðum stafar aftur á móti af ofgnótt og óráðsíu neytenda.

Álag á smábændur

Landbúnaður í þeirri mynd sem hann er rekinn í dag miðar að ávinningi fárra á kostnað hinna mörgu. Smábændur eru undirstaða lífsviðurværis fólks í dreifðum byggðum um allan heim og hafa þeir verið grundvöllur fæðuframleiðslu um aldir alda. Í dag eru smábændur undir miklu álagi vegna hnignunar landgæða, deilna um umráðarétt yfir landi og aukinnar hnattvæðingar, vélvæðingar og einsleitni í fæðuframleiðslu.

Landhremmingar


Stórfelld uppkaup og ásælni hinna efnameiru og stórfyrirtækja í matvælaiðnaði í land hafa aukist gríðarlega síðustu áratugi. Í flestum tilfellum er um að ræða landhremmingar á ræktarland, land með vatnsréttindum eða greiðum samgöngum.

Ákvörðun einstaklinga

Samanlögð ákvarðanataka einstaklinga er drifkraftur ástandsins í heiminum í dag. Hvort sem við komum fram sem neytendur, framleiðendur, fyrirtæki eða stjórnvöld er ekki ásættanlegt að við lítum svo á að allt sé í góðu lagi. Umfang vandans er meiri en það.

Land er takmörkuð auðlind

Þrátt fyrir að land sé takmörkuð auðlind er með því að breyta núverandi notkun þess, neysluvenjum, betra skipulagi og sjálfbærni hægt að nýta það betur og tryggja langvarandi nýtingu þess til framleiðslu á margvíslegum lífsnauðsynjum.



Virðing fyrir takmörkunum

Í samantekt Global Land Outlook segir að hægt sé að grípa til upplýstra ráðstafana strax án þess að draga úr núverandi lífsgæðum eða væntingum til framtíðarinnar. Það sem aftur á móti þarf að gera er að nýta betur það sem við höfum á milli handanna og hætta óþarfa sóun í daglegu lífi og draga þannig úr álagi á landi.

Réttur, jafnrétti og ávinningur

Til þess að hægt sé að bregðast við núverandi ástandi og aðsteðjandi vanda er nauðsynlegt að auka réttindi og ávinning og byggja slíkt á ábyrgð samfélagsins. Vitneskja um réttinn til að nytja land þarf að vera tryggð og aukið jafnrétti kynjanna nauðsynlegt til þess að hægt sé að tryggja skynsamlega landnýtingu.

Innleiðing og markmið

Möguleikar okkar til innleiðingar verndunar, stjórnunar á nýtingu lands og vatns og endurheimt jarðargæða mun endanlega ákvarða hvernig til tekst við að koma á markmiðum um sjálfbæra nýtingu lands og landgæða.

Skynsamleg landnýting

Rétt nýting lands felur í sér að taka skynsamlegar áætlanir og rétta ákvarðanatöku, á réttum stöðum og í réttum hlutföllum. Fjölbreytt nýting á landi er skynsamlegri en einsleit ræktun eða eldi. Auk þess sem líta þarf til staðbundinna auðlinda og endurvinnslu til að draga úr sóun. Allt þetta þarf að vinna í samvinnu og þátttöku íbúa.

Arðeðni og fjárfestingar

Djarfar ákvarðanir og fjárfestingar sem teknar eru í dag munu ákvarða lífsgæði vegna landgæða í framtíðinni. Global Land Outlook er ætlað að benda á leiðir til að sýna landi tilhlýðandi virðingu og tryggja öruggari framtíð með réttri nýtingu þess.



Hér má sjá myndrænt hvað vantar mikla peninga til framkvæmda í vegagerð og til viðhalds. Glæra sem Ásmundur Friðriksson birti á Samgönguþinginu. Myndir / MHH

Þörf á 378 milljónum króna í vegagerð og 215 milljónum í viðhald vega

„Til að koma þjóðvegakerfinu í sambærilegt horf og í nágrannalöndunum er áætlað að þurfi 378 milljarða króna, þar að auki þyrfti 215 milljarða í viðhald til að mannvirki rýrni ekki og til að halda verðgildi fjárfestinga.



Jón Gunnarsson, fráfarandi samgönguráðherra á Samgönguþingi í Hveragerði.

Á þessu ári er ráðgert að verja um 9,5 milljörðum til framkvæmda og 8 milljörðum í heild til viðhaldsþátta sem er lágmark. Þetta merkir áframhaldandi rýrnun eigna," sagði Ásmundur Friðriksson, alþingismaður og formaður samgönguráðs, þegar hann fjallaði um 20 ára fjárfestingaþörf Vegagerðarinnar til framkvæmda og viðhalds á Samgönguþingi sem haldið var 28. september á Hótel Örk í Hveragerði.

Samkvæmt tölunum sem hann lagði fram myndi það því taka 40 ár miðað við núverandi framkvæmdafé að koma þjóðvegakerfinu í það horf sem við viljum. „Eigi vel að vera miðað við gríðarlega aukningu í umferð og kröfum, þyrfti í raun að þrefalda framkvæmdafé í um 20 milljarða á ári og auka fjárveitingar til viðhalds um 50%. Þá ættum við sambærilegt þjóðvegakerfi og hin Norðurlöndin í lok tímabils árið 2030," sagði Ásmundur enn fremur. */MHH*

Málþing um úrbætur í reiðvegamálum

Landssamband hestamannafélaga stendur fyrir málþingi um úrbætur í reiðvegamálum 14.október 2017 í Menntaskóla Borgarfjarðar Borgarnesi.

Málþingið stendur yfir frá kl.10:00-16:00
Fulltrúar reiðveganefnda hestamannafélaga eru sérstaklega hvattir til að mæta en málþingið er opið öllum sem hafa áhuga á málaflokknum.

Enginn þátttökukostnaður en tilkynna þarf þátttöku á lh@lhhestar.is fyrir 9.október

Vonumst til að sjá sem flesta

Hundraðasti veitingastaðurinn í samstarf við Icelandic lamb

Icelandic lamb hefur gert samstarfssamninga við hundrað veitingastaði sem setja íslenskt lambakjöt í öndvegi. Hundraðasti veitingastaðurinn er Dill við Hverfisgötu, sem er eini íslenski veitingastaðurinn með Michelin-stjörnu. Með því er hann kominn í flokk bestu veitingastaða í heimi.

Samstarfið við veitingastaðina hófst í fyrra og er hluti af þeirri viðleitni Icelandic lamb að ná til erlendra ferðamanna á Íslandi og segja þeim frá íslensku lambakjöti. Sala á lambakjöti jókst að jafnaði um fjórðung hjá þeim þrjátíu veitingastöðum sem voru með í samstarfinu í fyrra.

Að auki hefur samfélagsmiðlaherferð náð til milljóna og unnið er að vöruhönnun og sérstökum vörulínum og umbúðum fyrir erlenda ferðamenn. Sala á íslensku lambakjöti innanlands jókst um rúm 5% í fyrra eftir samdrátt árin þar á undan. Sala það sem af er ári hefur einnig verið góð.



Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri hjá Icelandic lamb og Hinrik Carl Ellertsson, rekstrarstjóri veitingastaðarins Dill skrifa undir hundraðasta samninginn. Mynd / Geirix

TIL SÖLU

Til sölu **Scania 143** með krókheysi.
Verð kr. 1.900.000,- án vsk.



Til sölu **brúkrani** 10,5 m.
Verð kr. 1.200.000,- án vsk.



Nánari upplýsingar í síma 772 0030.

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur





Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

UXI GÆÐASTÍGVÉL

Þrautreynd við íslenskar aðstæður
og hafa reynst afar vel.



Öryggisstígvél
Verð: **10.800**



„UXA stígvélin eru mjúk, þægileg og slitsterk, þau henta mjög vel í bústörfin“
Sigurjón Hjaltason
Kúa og fjárbóndi í Raftholti, Holtum

Vinnustígvél
Verð: **9.800**

„Ég hef notað UXA stígvélin nær daglega í allan vetur og þau eru ennþá eins og ný! Þau eru létt og þægileg og ég get hiklaust mælt með þeim“
Kristinn Guðnason
Fjallkóngur á Landmannaafrétti og bóndi í Árbæjarhjáleigu.

SÖLUAÐILAR:
- Lífland Lynghálsi
- Lífland Borgarnesi
- Lífland Blönduósi
- Lífland Akureyri
- Lífland Hvolsvelli
- Baldvin og Þorvaldur, Selfossi
- Varahlutaverslun Björns, Hellu
- Kaupfélag Borgfirðinga
- KM Þjónustan, Búðardal
- Kaupfélag V-Húnvetninga
- Kaupfélag Steingrímsfjarðar
- Ferrozink Akureyri
- Verslunin Eyri, Sauðárkróki
- Verslunin Tákn, Húsavík

Þægileg og endingargóð
Einangrun gegn kulda (-20)
Gripgóður og stamur sóli

FJALLI.IS Vild ehf • Bæjarlind 6 • 201 Kópavogi • Sími: 578-5050 • vild@vild.is



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðs-menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Bændablaðið
Kemur næst út
19. október

Uppskeruhátíð hestamanna

LAUGARDAGINN 28.10.2017 Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA

Taktu daginn frá



Veislustjóri: Atli Þór Albertsson
Hljómsveit kvöldsins: Albatross

Forréttur: Vox skelfiskssúpa
Aðalréttur: Nautalund chimmichurri
Eftirréttur: Pistasíu hvít súkkulaði mousse með hnetucrumble

MIÐAVERÐ 11.800 kr.
MIÐASALA OG FREKARI UPPLÝSINGAR:
MEETINGS@ICEHOTELS.IS

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Lífeyrissjóðir landsmanna soga til sín gríðarlega fjármuni úr samfélaginu:

Göfug markmið um sjóði sem eru að breytast í martröð eigenda sinna

– Umsvif sjóðanna og ávöxtunarkrafa kallar á hátt vaxtastig í landinu, stöðugt hærri iðgjöld og óheyrilegan rekstrarkostnað

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Mikið hefur verið rætt og ritað um lífeyrissjóði landsmanna. Með stofnun þeirra töldu flestir launþegar að búið væri að tryggja framfærslu þeirra á efri árum, en á liðnum misserum og árum hafa verið að koma upp miklar efasemdir um ágæti sjóðanna. Nær 14 þúsund milljóna króna rekstrarkostnaður stærstu 15 sjóðanna á síðasta ári stingur þar óneitanlega í augu launþeganna sem eiga sjóðina. Þetta er um þrem milljörðum króna hærri upphæð en allur rekstrarkostnaður Akureyrarbæjar.

Heildareignir lífeyriskerfisins eru metnar á 3.633 milljarða króna. Þar af eru innlendar eignir 2.872 milljarðar króna, eða um 78% af heildareignum. Þegar talað er um þessar risaeignir verður fólk að hafa það í huga að það eru alls ekki peningar sem eru fastir í hendi.

Fjármunirnir eru að verulegum hluta bundnir í hlutabréfum og fyrirtækjum sem eiga það til að vera ansi fallvölt. Ein myndarleg fjármálakreppa, nú eða óáran í heimsmálunum, getur þurrkað út þessar meintu eignir á ótrúlega skömmum tíma. Það sýnir reynslan af síðustu fjármálakreppu mjög vel þegar sjóðirnir töpuðu hundruðum milljarða. Þrátt fyrir það hefur verið haldið áfram á sömu braut í áhættufjárfestingum.

Nýjasta dæmið um áhættuna sem verið er að taka má sjá í fregnum af milljarða fjárfestinga lífeyrissjóða í United Silicon í Reykjanesbæ. Þá hefur hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í skráðum félögum í íslensku Kauphöllinni fallið um milljarðatugi í kjölfar þessa að Björt framtíð ákvað að slíta stjórnarsamstarfinu aðfaranótt 15. september. Strax eftir fall ríkisstjórnarinnar þurrkuðust út á pappírunum 35 milljarðar króna.

Beinn lífeyrisskattur í stað lífeyrissjóðssöfnunar

Ýmsir hafa bent á að lífeyrissjóðirnir, eins og þeir eru reknir í dag, séu orðnir ósnertanlegt kerfi í kerfinu. Þeir séu líka beinlínis skaðlegir fyrir launþega vegna vaxtaáhrifa sem rekstur sjóðanna skapar í samfélaginu. Auk þess hafi venjulegt launafólk litla sem enga aðkomu að stjórnun þeirra.

Þessu til viðbótar telja margir að enginn ávinningur sé af því fyrir sjóðsfélaga að greiða í þá þar sem þær uppsöfnuðu greiðslur eru síðan nýttar til að skerða bætur Tryggingastofnunar á móti. Það sem eigi því að vera til að bæta lífskjör launþega sé ekkert annað en skattur en ekki lífeyrissöfnun.

Gegnumstreymisgreiðslur úr sjóðunum kalla á stöðugt hærri iðgjöld

Stór eignarhlutur í fyrirtækjum í verslun og flugrekstri hafa líka sýnt að stjórnendur sjóðanna eru hræddir við að selja þar eignarhluti af ótta við að það leiði til verðfalls og þar með skerðinga á bókfærðum eignum. Þess vegna virðist eina færa leiðin til að halda uppi vaxandi lífeyrisútgreiðslum úr sjóðunum til sjóðsfélaga vera að hækka iðgjöld. Sterkar líkur eru því að fljótlega verði sett fram krafan um að hækka iðgjöldin enn frekar og treysta á að mæta útgreiðslum með gegnumstreymisfjármagni, en ekki með sölu eigna. Kerfið er því að verða stöðugt þyngri baggi á launþegum þvert á upphaflegan tilgang.

Slík dæmi hafa menn ljóslifandi fyrir framan sig, eins og þegar lykilmenn í Högum seldu sína eign vegna ótta við að hún rýrnaði þegar áhrifa af innkomu Costco færi að gæta á markaðnum. Eðlilegt hefði verið að lífeyrissjóðirnir reyndu líka að koma sínum eignum í félaginu í skjól með því að selja. Það var hins vegar ekki hægt í ljósi stórs eignarhluta, því þá hefði hlutabréfaverð í fyrirtækinu hrunið. Til að halda hlutabréfaverðinu uppi neyddust lífeyrissjóðirnir því til að styrkja sína stöðu í félaginu. Sama gerðist í raun í Icelandair. Það getur því reynst afar snúið fyrir lífeyrissjóðina að innleysa bókfærða eign sína í áhættusömum rekstri til að mæta vaxandi þörf á lífeyrisgreiðslum. Til þess finnst aldrei heppilegur tími.Eina færa leiðin virðist vera að hækka iðgjöld launþega í sjóðina til að mæta auknu útstreymi. .

Iðgjöldin eru nú að fara í 15,5% með hlut launagreiðenda, hvað þau verða eftir næstu kjarasammninga veit enginn. Svona þróun getur ekki leitt til annars en vaxandi óánægju launþega og hruns kerfisins.

„Eignaupptaka og þjófnaður“

Eins og kerfið er rekið í dag þá er inneign sjóðsfélaga ekki erfanleg við andlát. Flestir greiðendur iðgjalda andast án þess að klára reiknaðar úttektarheimildir og því hverfur ætluð inneign inn í svarthol sjóðanna. Þrátt fyrir þetta dugar þessi eignaupptaka ekki til að halda uppi útreiknuðum greiðsluskuldbindingum sjóðanna.

Helgi Pétursson, fyrrverandi talsmaður „Gráa hersins“ svokallaða, lýsti afskiptum ríkisins af eignum lífeyrisþega ágætlega í viðtali við Morgunblaðið í apríl síðastliðnum þegar hann sagði:

„Lágmarksframfærslunni sem við eigum að fá frá ríkinu er velt yfir á lífeyrissjóðina og þetta segjum við að sé bara eignaupptaka og þjófnaður,“ sagði Helgi. Þar kom líka fram að Grái herinn vildi láta reyna á lögmæti þessa fyrir dómstólum og það er hann að gera í máli sem höfðað hefur verið í samvinnu við Flokk fólksins. Var Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður fenginn til að taka málið að sér.

Skylduiðgjöldin hækka stöðugt

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands gerðu með sér samkomulag um hækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði 2016. Mótframlag átti samkvæmt því að hækka um 3,5% í þremur áföngum til 2018. Gengið var frá samkomulaginu 15. júní 2016.

„Skylduiðgjald til lífeyrissjóðs“ samkvæmt samningi þessum verður þá samtals 15,5% frá 1. júlí 2018, sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekanda.

1. júlí 2016 hækkaði mótframlag atvinnurekenda um 0,5 prósentustig.
1. júlí 2017 hækkaði mótframlag atvinnurekenda um 1,5 prósentustig.
1. júlí 2018 hækkar mótframlag atvinnurekenda um 1,5 prósentustig.

Hækkun um 0,5% þann 1. júlí 2016 átti samkvæmt hugmyndum SA og ASÍ að renna í samtryggingu sjóðsfélaga.

Frá 1. júlí 2017 gat fólk samkvæmt samkomulaginu ráðstafað allt að 2 prósentustigum í bundinn séreignarsparnað.

Frá 1. júlí 2018 á fólk svo að geta ráðstafað allt að 3,5 prósentustigum í bundinn séreignarsparnað.

Hvort SA og ASÍ eru þess umkomin að ráðskast með hluta af launum fólks hlýtur að vekja spurningar um stjórnarskrártryggðan rétt fólks til að standa utan við félög, eins og lífeyrissjóði. Félagafrelsi er líka hluti af ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfest voru á Íslandi 1995.

ASÍ gerði blákalt atlögu að rétti launþega til að ráðstafa hluta aukinna iðgjalda í séreignarsjóði. Sagði ASÍ ljóst í kjölfar undirritunar samkomulagsins að þáverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefði ekki að geyma ákvæði sem heimilar sjóðsfélögum eða lífeyrissjóðum að ráðstafa hluta af skylduiðgjaldi í bundna séreign. Einnig væri ljóst að tíminn fram til 1. júlí 2016 væri ekki nægur til að lífeyrissjóðirnir gætu sett upp gagnsætt og skilvirkt kerfi svo sjóðsfélagar gætu tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í bundna séreign og áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna.

Samtök atvinnulífsins bættu svo um betur með því að segja:

„Hækkun framlags atvinnurekenda til lífeyrissjóðs um 0,5% frá og með 1. júlí 2016 verður fyrst um sinn ráðstafað í samtryggingu viðkomandi lífeyrissjóðs þar til valrétturinn tekur gildi frá og með 1. júlí 2017.“

Fjármálaeftirlitið tekur SA og ASÍ á beinið

Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsforingi á Akranesi, gerði alvarlega athugasemd við útlistun SA og ASÍ á þessu máli.

Benti hann á að Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafi óskað eftir því við lífeyrissjóðina að þeir héldu aukaaðalfundi þar sem reglugerðum sjóðanna var breytt þannig að búin var til ný séreign, svokölluð tilgreind séreign. Samtök atvinnulífsins, ASÍ og lífeyrissjóðirnir hafi síðan haldið því fram að með þessari breytingu á reglugerðum sjóðanna hefði launafólk ekki kost á að velja sér annan vörsluaðila en lífeyrissjóðina og réðu því þá ekki hvernig það ráðstafaði þessum fjármunum.

Fjármálaeftirlitið sendi lífeyrissjóðunum bréf vegna svokallaðrar tilgreindrar séreignar en í þessu bréfi voru gerðar alvarlegar athugasemdir við útlistun fulltrúa Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og lífeyrissjóðanna á meðferð þessarar viðbótar lífeyrisgreiðslu.

Fyrsta hækkunin kom 1. júlí 2016, næsta hækkun kom 1. júlí 2017 og sú síðasta kemur 1. júlí 2018, eða samtals 3,5%. Í endurskoðuninni í janúar 2016 var skýrt kveðið á um að einstaklingar eigi að hafa val um að geta sett þetta viðbótar framlag upp á 3,5% í bundna séreign eða í samtrygginguna. Í bréfi FME segir:

„Vegna villandi fréttaflutnings og upplýsinga á heimasíðum lífeyrissjóðanna þess efnis að sjóðsfélögum beri að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar til sama lífeyrissjóðs og tekur við iðgjaldi vegna samtryggingar, telur Fjármálaeftirlitið rétt að vekja athygli á þeim reglum sem gilda um rétt sjóðsfélaga til að ráðstafa iðgjaldi sem renna skal til séreignar.“

Yrði staðan betri með gegnumstreymiskerfi?

Því hefur verið velt upp að með því að leggja lífeyrissjóðina niður og taka upp 8% beinan lífeyrisskatt í gegnumstreymiskerfi í staðinn, myndu launþegar geta sparað sér gríðarlega fjármuni. Þessi skattur rynni óskertur til öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Sú prósenta myndi skila ríkinu mun hærri hreinum tekjum í þennan rekstur en umsaminn 15,5% iðgjöld í lífeyrissjóðina. Skattur sem nú er ekki innheimtur fyrr en við útgreiðslu úr sjóðunum kæmi þá strax inn í ríkissjóð. Auk þess yrði afar fjárfrekar afætur á lífeyriskerfinu skornar af. Mismuninn, 7,5% af skattlögðum launum, gætu launþegar svo lagt inn á eigin reikninga ef þeim sýndist svo, eða nota til að auka sín lífsgæði.

Minni áhætta lægri vextir

Ef sjóðirnir yrðu lagðir niður hyrfi líka ryksuguáhrif þeirra í þjóðfélaginu vegna 3,5% ávöxtunarkröfunnar og gríðarlegra umsvifa í fyrirtækjarekstri. Afleiðingin gæti orðið mun lægri vextir á lánum til almennings. Launþegar yrðu þá ekki lengur neyddir til að leggja atvinnulífinu til gríðarlegar upphæðir í formi áhættufjármagns í gegnum skyldugreiðslur til lífeyrissjóðina.


Flestir íslenskir stjórnmálamenn hafa hrósað Íslenska lífeyrissjóðakerfinu í hástert og telja það í alvöru vera akkeri sem geti bjargað þjóðinni þegar í harðbakkann slær og þjóðin eldist. Um leið finna þeir gegnumstreymiskerfi til að halda uppi velferðarkerfinu allt til foráttu. Samt eru slík kerfi notuð víðast hvar annars staðar.

Aldraðir og öryrkjar hafa ekki enn séð þann hag sem í kerfinu á að felast. Ekki eru launþegar heldur upplýstir um þá áhættu sem þeir eru neyddir að taka með drjúgan hluta launa sinna í gegnum skylduinnheimtu iðgjalda.

Fjármagnssuga í íslensku hagkerfi

Lífeyrissjóðakerfið sogar til sín gríðarlegt fjármagn frá launþegum í landinu á hverju ári. Þar nema iðgjöldin um 160 þúsund milljónum króna á ári, en útgreiðslur nema um 119 milljörðum samkvæmt ársreikningum lífeyrissjóðanna. Innheimta iðgjalda í lífeyrissjóðina er framkvæmd samkvæmt lagaboði. Margir eru þó farnir að efast um að slík lög fáist staðist þar sem lífeyrissjóðirnir eru ekki í eigu ríkisins og þarna sé formlega ekki um skattinnheimtu að ræða. Það standist því ekki frekar en skylduaðild að verkalýðsfélögum sem þegar hefur verið dæmd ólögmæt hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Meira að segja hefur Alþýðusamband Íslands neyðst til að viðurkenna þetta. Á heimasíðu ASÍ segir:

„Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, má engan skylda til aðildar að félagi þó kveða megi á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt



„Grái herinn“ svokallaði hefur gagnrýnt mjög ásælni ríkisins í lífeyrissjóðina sem var upphaflega ætlað að tryggja fólki, sem lokið hafði ævistarfi sínu, áhyggjulaust ævikvöld. Greiðslur úr lífeyrissjóðum séu nú óspart notaðar til að skerða greiðslur frá Tryggingastofnun svo ávinningurinn af sjóðssöfnun launþega sé þurrkaður út.

til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“

Örlítið neðar í textanum kemur svo þversögnin:

Ákvæði um greiðsluskyldu til félaga án félagsaðildar er að finna í lögum um starfskjör launafólks nr. 55/1980 svo og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 en greiðsluskyldu fylgir ekki aðildarskylda.“

Hvernig í ósköpunum er hægt að skylda fólk til að greiða iðgjöld sem stjórnarskráin segir að ekki sé hægt að skylda fólk til að vera í? Það hlýtur væntanlega líka að gilda um aðild að lífeyrissjóðunum – eða hvað?

Það kostar 17 milljarða að reka alla sjóðina

Rekstrarkostnaður sjóðanna, sem eru 28 að tölu, er varlega áætlaður um 17 milljarðar króna á ári samkvæmt uppreiknuðum tölum og úttekt Ragnars Ingólfssonar, formanns VR, á ársreikningum lífeyrissjóðanna 2016. Launakostnaður æðstu stjórnenda 14 stærstu sjóðanna nam á síðasta ári hátt í milljarði króna, eða 940.663.521 krónum. Á bak við þessa tölu eru aðeins 46 stjórnendur og 94 stjórnarmenn.

Rekstrarkostnaður 14 lífeyrissjóða var 13.776.237.589 kr. á síðasta ári. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 5.306.469.301 kr. Bein fjárfestingargjöld námu 1.378.170.384 kr. og áætluð fjárfestingargjöld voru 7.091.597.904 kr.

Ragnar hefur áhyggjur af því að lífeyrissjóðakerfið fái ekki staðist til lengdar. Öll slík kerfi má vissulega líkja við Ponzi-svindl að hætti Charles Ponzi, sem fann snjalla leið fyrir fjárfesta til að hagnast á fávisku annarra. Það þarf nefnilega stöðugt hærri inngreiðslur í sjóðina til að halda píramídakerfinu gangandi. Um leið og ein stoð brestur hrynur kerfið.

Þá er innbyggð áhætta í kerfið með þeim hætti að utanaðkomandi áföll geta eyðilagt á augabragði áratuga peningasöfnun almennings. Ragnar hefur því verið að viðra hugmyndir um að trappa niður stöðu lífeyrissjóðanna í þjóðfélaginu. Hann gengur þó ekki svo langt að vilja leggja niður lífeyrissjóðina að svo stöddu, heldur að þeir verði sameinaðir og gerðar verði róttækar breytingar á öllu kerfinu.

Ávöxtunarkrafan sótt að stórum hluta í vasa launþega

Lífeyrissjóðunum er gert að mæta ávöxtunarkröfu upp á 3,5%, eða sem nemur 172,3 milljörðum króna. Til að standa við þá kröfu verða menn að reikna verðtryggingu inn í breytuna. Miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu þurfa lífeyrissjóðirnir að ávaxta innlendar eignir um rúmlega 100 milljarða króna á ári. Ef miðað er við að verðbólga sé 2,5%, eins og verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir, þurfa sjóðirnir að kreista út úr íslensku hagkerfi 172,3 milljarða á hverju einasta ári og sú upphæð fer stöðugt hækkandi.

Til að mæta því hafa sjóðirnir m.a. fjárfest grimmt í fyrirtækjum á markaði hér heima og eiga nú drjúgan hluta fyrirtækja í alls konar rekstri.

Eignir lífeyrissjóðanna í verslunum af ýmsum toga, eins og Högum, þýðir að þær verslanir verða að vaxa til að ná inn ávöxtunarkröfunni. Það gerist ekki síst í gegnum vöruverð. Sama á við um flugfélög og öll önnur fyrirtæki sem lífeyrissjóðirnir koma að. Það er því á endanum almenningur í landinu, sem jafnframt á sjóðina, sem að verulegum hluta greiðir milljarðana sem þarf til að mæta ávöxtunarkröfunni í háu vöruverði.

Lífeyrissjóðirnir geta svo gengið enn lengra í áhættusömum fjárfestingum. Þeir hafa nefnilega heimild til að eiga allt að 25% af eignum sínum í óskráðum félögum og eiga flestir langt í land með að nýta þá heimild.



Því er haldið fram að lífeyrissjóðakerfið fái ekki staðist til lengdar. Það sé í raun eins og svarthol sem gerir það að verkum að þörf sé á stöðugt hærri iðgjöldum til að standa undir skuldbindingum. Mynd /ADI Accounting

Þessi fyrirtæki ganga ekki öll jafn vel, samanber United Silicon í Helguvík. Þar hafa lífeyrissjóðirnir Festa, Frjálsi lífeyrissjóðurinn og EFÍA [Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna] fjárfest fyrir 2.166 milljónir króna. Ef þeir fjármunir tapast, þarf að ná því tapi til að mæta ávöxtunarkröfunni einhvers staðar annars staðar í kerfinu.

Lífeyrissjóðirnir eru ekki eign ríkisins

Greinilegt er að margir stjórnmálamenn líta orðið nánast á lífeyrissjóðina sem eign ríkisins sem þeir eru alls ekki. Skerðingar á lífeyrisgreiðslum frá ríkinu vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum staðfesta að þetta sé skilningur ráðamanna á kerfinu. Lífeyrissjóðirnir eru hins vegar ekki eign neinna annarra en sjóðsfélaga sjálfra. Atvinnurekendur eiga heldur ekkert tilkall til þessara sjóða þar sem hlutur launagreiðenda í iðgjöldum er hluti af umsömdum launakjörum.

Nú hefur fráfarandi fjármálaráðherra lýst því yfir að lífeyrissjóðirnir eigi að vera fyrsta stoðin í lífeyriskerfi aldraðra. Hafa þessi ummæli vakið furðu þar sem ríkissjóður er ekki og hefur aldrei verið eigandi lífeyrissjóðanna. Því geti ráðherrann ekki látið sem svo að lífeyrissjóðirnir taki að sér hlutverk Tryggingastofnunar, því þeim var aðeins ætlað að vera viðbót við lífeyriskerfið til hagsbóta fyrir launþega.

Skattahlutdeild ríkisins í lífeyrissjóðunum

Það flækir vissulega málið að þegar lífeyrisiðgjöld og reyndar viðbótarlífeyrir líka, eru dregin frá launum, þá er skattur ekki innheimtur til ríkisins af þeim tekjum eins og eðlilegt væri, heldur er hann reiknaður eftir á við úttekt. Hvort ríkið hafi svo einhverja heimild til að lána þessa skattafjármuni inn í lífeyrissjóðina er svo annað mál. Með þessu móti eru gríðarlegar upphæðir undir umsjá sjóðanna sem notaðar eru í alls konar fjármálavafstur fólks sem er í litlum sem engum tengslum við raunverulega eigendur sjóðanna. Oft hefur það verið með skelfilegum afleiðingum og tapi.

Miklar skatttekjur sem ríkið setur í bið

Trúlega væri hægt að gjörbreyta stöðu ríkissjóðs á tiltölulega skjótvirkan hátt til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Það mætti einfaldlega gera með því að ríkið innheimti skattahlutdeild sína af inneignum í sjóðunum og nýtti hann í innviðauppbyggingu fyrir sjúka og aldraða. Samhliða yrði tekin upp staðgreiðsla skatta af greiðslum til lífeyrissjóðanna eins og öðrum launum. Eftir stæðu lífeyrissjóðirnir sem hrein eign sjóðsfélaga þeim til ráðstöfunar án nokkurra afskipta ríkisins. Þá ætti ekki að vefjast fyrir mönnum að reisa nýtt landssjúkrahús og byggja upp innviði eins og öldrunarþjónustu og vegakerfi.

Lífeyrissjóðirnir fæddust í kjarasamningum 1969

Tilurð lífeyrissjóðanna er rakin til kjarasamnings ASÍ og VSÍ árið 1969 um stofnun almennra lífeyrissjóða fyrir alla launamenn. Samningurinn skyldar launagreiðanda til þess að taka þátt í að greiða í lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína og tryggja þeim þannig lífeyrisréttindi við starfslok vegna aldurs eða örorku og sömuleiðis „eftirlifandi maka og börnum lífeyri við andlát“. Kerfinu var ætlað að vera „viðbót við almannatryggingarkerfið“ en ekki að koma í stað þess.

Vissulega falleg hugmynd, en þarna hafa menn greinilega ekki haft miklar áhyggjur af að þetta kynni að stangast á við stjórnarskrárvarin réttindi launþeganna.

Áður en samningur um almennu lífeyrissjóðina var gerður voru einungis starfræktir lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankamanna og á almennum vinnumarkaði sjóðir verslunarmanna og sjómanna. Auk þess voru sjóðir fárra annarra stétta og starfandi voru fyrirtækjasjóðir sem aðallega tóku til fastráðinna starfsmanna viðkomandi fyrirtækja.

Lífeyrissjóðir voru eingöngu lögboðnir hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum sem hluti af lögum um kjör þessara stétta. Almennur launamaður sem fór á lífeyri átti hins vegar engin lífeyrisréttindi önnur en í almannatryggingakerfinu. Þrátt fyrir tilkomu lífeyrissjóðanna hefur verið mikið óréttlæti og ójöfnuður í greiðslu lífeyris, þar sem opinberir starfsmenn hafa verið á sérkjörum hvað tryggðar lífeyrisgreiðslur varðar langt umfram almenna launamenn.

Knýjandi nauðsyn á að bæta kjör lífeyrisþega

Árið 1969 voru greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega 36 krónur á mánuði til samanburðar við meðal mánaðarlaun fullvinnandi verkamanns sem voru 214 krónur. Það var því útilokað fyrir allt almennt launafólk að sjá sér farborða af lífeyrinum einum saman, segir í söguágripi Alþýðusambands Íslands um lífeyrissjóðina.

Með kjarasamningi milli Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda frá 19. maí 1969 var gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir söfnunarlífeyrissjóðir á félagslegum grunni samtryggingar og var þeim ætlað að vera **„viðbót við almannatryggingakerfið“** og standa undir verulega bættum kjörum lífeyrisþega sem mikil þörf var á. Til að tryggja öllum launamönnum lágmarksrétt var kveðið á um skylduaðild allra félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem að lífeyrissjóðnum standa og skyldu sjóðirnir veita öllum sjóðfélögum sama rétt fyrir sömu iðgjöld án tillits til aldurs við iðgjaldagreiðslu, kynferðis eða starfs.

„Skylduaðild“

Þessi skylduaðild og skylduinnheimta í lífeyrissjóð hefur verið gagnrýnd. Enda er óheimilt að skylda einstaklinga til að vera í stéttarfélagi eða öðrum félögum samkvæmt stjórnarskrá og EES-samningum.

Samningi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál var í reynd veitt lagagildi með löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem voru fyrst sett árið 1974. Kjarasamningurinn um lífeyrismál hefur síðan verið framlengdur við endurnýjun almennra kjarasamninga og skoðast sem hluti þeirra. Með viðbótarsamningi milli ASÍ og samtaka atvinnurekenda árið 1995 voru grunnstoðirnar þrjár áréttaðar, þ.e. samtrygging, skylduaðild og sjóðssöfnun.

Þá segir einnig í samantekt ASÍ:

„Í þessu endurspeglast hin ríka áhersla sem lögð var á að sjóðirnir störfuðu á félagslegum grunni samtryggingar. Í kjarasamningunum var einnig fjallað um iðgjaldagreiðslur í sjóðina, skipun stjórna og lágmarksréttindi sjóðfélaga. Samtök launamanna og atvinnurekenda skuldbundu sig þannig í sameiningu til gæslu og ábyrgðar á rekstri sjóðanna sem skyldu vera sjálfseignarstofnanir á forræði þeirra.“

Ef iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru hluti af kjarasamningum og þar með launakjörum fólks eins og ASÍ segir, af hverju eru launagreiðendur þá áfram með puttana á kafi í launaumslaginu með heimild til að ráðskast með þennan sparnað?

GÓÐAR & ÓDÝRAR GJAFAGRINDUR




Gjafagrindur fyrir stórgripi.

Verð aðeins kr. 36.900 auk vsk.

Upplýsingar og pantanir í símum 899 1776 og 669 1336.

AURASEL
Meira fyrir aurinn



Hulda og Tyrfingur. Spunavél í baksýn.

Myndir / Brynjólfur G. Brynjólfsson

Uppspuni er ný spunaverksmiðja sem vinnur íslenska ull

Föstudaginn 1. september mæltum við okkur mót, ásamt körlum okkar, að Lækjartúni, sem er rétt austan við Þjórsá, hjá hjónunum Huldu Brynjólfsdóttur og Tyrfingi Sveinssyni en þau eru bændur þar. Erindið var að fá að skoða litla spunaverksmiðju sem hjónin eru að koma á fót og er um það bil að hefja starfsemi.

Umræða hefur verið undanfarin ár um að stofna þyrfti slíka verksmiðju fyrir handverksfólk og þá sem áhuga hafa á að láta vinna eigin ull í litlu magni og er þetta því spennandi framtak. Ævintýrið hófst þegar þau hjónin voru að spjalla um hvernig mætti nýta húsnæði sem þau áttu en var ekki í notkun og í framhaldinu kom upp hugmynd um svokallaða „Mini-Mill“ verksmiðju. Tyrfingur settist strax við tölvuna og leitaði að slíkri verksmiðju. Hún fannst á Prince Edward Island í Kanada og er af tegundinni Belfast Mini-Mill sem framleiðir vélasamstæður fyrir ullarvinnslu í smáum stíl.

Undirbúningur fólst meðal annars í heimsókn til framleiðandans í Kanada og spuna á prufum af íslenskri ull þar, áður en ákvörðun um kaup á vélasamstæðu var tekin. Sölunni var fylgt eftir hjá framleiðanda með aðstoð við uppsetningu vélanna hér. Tyrfingur er sjálfur vélsmiður og á drjúgan hlut í að koma vélunum í gang og lagfæra það sem þurfti í upphafi.

Framtakið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins, þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi og safnað var fé á netsíðunni indiegogo.com.

Vélarnar komu til landsins í júní og voru settar í gang 1. júlí undir eftirliti fulltrúa frá framleiðendum. Síðan þá hefur Hulda æft sig og unnið að því að ná bandinu þannig að það sé frambærilegt, eins og hún orðar það. Hugmyndin er að hafa formlega opnun þegar aðstaðan er öll komin upp og framleiðslan komin á fullt en prófanir hafa gengið vel. Hulda hefur náð góðum tökum á vinnslunni og við skoðuðum ýmsar gerðir af bandi sem hún hefur þegar náð að búa til. Verksmiðjan getur unnið allt niður í eitt kíló í einu þótt tvö sé betra, eins og Hulda sagði.



Hulda við vél sem tvinnar og þrinnar bandið.

Verskmiðjan samsett af 13 vélum

Verksmiðjan er samsett af alls 13 vélum sem ná yfir allan ferilinn að breyta ull í band. Hægt er að taka gróflega ofan af ullinni með svonefndri hárskilju sem er upphaflega hönnuð til að vinna með geitafiðu. Hún tekur burt grófasta togið, snepla og annað rusl sem er hægt að fjarlægja. Með þessu móti fæst mýkra band en ella. Hægt er að velja um grófleika á bandið og einnig er hægt að tvinna það og þrinna allt eftir þörfum. Hulda hefur hingað til aðallega unnið með ull af fullorðnu fé og kom verulega á óvart hversu undurmjúkt það var og níðsterkt. Vörumerki framleiðslunnar er Uppspuni en mismunandi bandgerðir munu fá hver sitt heiti.

Hægt að fá reyfin unnin eftir óskum hvers og eins

Nú þegar getur fólk sent til þeirra reyfi og fengið það unnið eftir ósk hvers og eins. Hægt er að fá reyfið unnið í lyppur og þá er það tilbúið í spuna eða fullunnið í band. Býður þetta upp á óendanlega möguleika á nýtingu á ull af uppáhaldskindum eða heilli hjörð. Hjónin eru með sauðfjárbú og hugmyndin er að vinna eigin ull í verksmiðjunni og auka þannig verðmæti ullarinnar. Jafnframt verður möguleiki á að kaupa ull af öðrum bændum til vinnslu.

Ekki er enn komið í ljós hversu mikil afköstin geta orðið en hafa þarf í huga að þetta er fyrst og fremst aðstaða til vinnslu í litlum einingum en ekki hefðbundin verksmiðjuframleiðsla. Margir hafa spurst fyrir um vinnslu á eigin ull eftir að fréttist af þessu framtaki og svo virðist sem töluverður markaður geti orðið fyrir ullarvinnslu af þessu tagi.

Hulda leggur áherslu á að eitt af markmiðunum með spunaverksmiðjunni sé að auka virðingu fólks fyrir ullinni sem hráefni en til þess að fá góða vöru þarf hráefnið að vera gott. Ekki er hægt annað en að fagna þessu framtaki sem á vonandi eftir að nýtast bæði fyrir bændur og handverksfólk og skapa aukna fjölbreytni í nýtingu á íslenskri ull sem er sannarlega jákvætt.

Jóhanna E. Pálmadóttir og Emma Eyþórsdóttir



Þvegin ull í þurrkbökkum.



Kembivélin.

Eigum ýmsar gerðir af kerrum á lager frá Humbaur og Wörmann Þýskalandi!

Flatvagna, véla og sturtukerrur. Einnig krókheysiskerrur.

WÖRMANN
world of trailers









HUMBAUR

Smiðjuvegi 40, gul gata - Kópavogi
Sími: 517 7718 - Heimasíða: www.topplausnir.is

Topplausnir
topplausnir.is
S: 517 7718

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



11 kg
Þurrkari
· Öflugur > 4500w element
· Tekur 11 Kg · Tengist barka
· Stórt op > auðvelt að hlaða

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Kemur næst út
19. október



Borgarafundur haldinn á Ísafirði undir kjörorðunum „Fólk í fyrirrúm“ ályktaði um mikilvæg verkefni í fjórðungnum:

Vestfirðingar vilja laxeldi í Djúpinu, veg um Teigsskóg og hringtengingu rafmagns



Fjölmennur íbúafundur var haldinn á Ísafirði sunnudaginn 24. september um mikil hitamál er varða laxeldi, samgöngur og raforkuframleiðslu í fjórðungnum. Í ályktun, sem samþykkt var einróma á fundinum, var þess krafist að ráðist verði strax í vegagerð í Gufudalssveit, að raforkumál á Vestfjörðum verði færð í nútímabúning með hringtengingu Vestfjarða og að laxeldi verði áfram heimilað í Ísafjarðardjúpi.

Til fundarins kom Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálaráðherra og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þá var Árna Finnssyni, formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands, einnig boðið til fundarins. Að loknum fjórum framsögum tóku fulltrúar sveitarfélaganna, ráðherrar, fulltrúi KPMG og formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands sæti í pallborði og svöruðu spurningum úr sal.

Samkvæmt greiningu KPMG sem kynnt var á fundinum yrðu áhrif af laxeldi í Djúpinu veruleg. Er þó bent á að forsendur í úttektinni séu háðar óvissu, m.a. um hvort laxeldi verði leyft í Djúpinu. Segja skýrsluhöfundar þó ljóst að um sé að ræða stórt tækifæri til atvinnuuppbyggingar og styrkingar samfélaga í byggðarlögunum við Ísafjarðardjúp. Helstu niðurstöður eru:

- Fjöldi beinna nýrra starfa er áætlaður um 260 og nái hámarki um áratug eftir að ákvörðun um að leyfa eldi yrði tekin.
- Fjöldi afleiddra starfa sem verða til á svæðinu verði um 150 á sama tíma.
- Íbúaþróun snúist við og áætluð fjölgun verði um 900 manns í sveitarfélögum við Djúp á sama tíma og bein störf ná hámarki.
- Heildarumfang 25 þúsund tonna fiskeldis og óbeinna áhrifa er talin skila um 23 milljörðum króna á ári við hámarksframleiðslu.
- Heildarumfang stangveiði á svæðinu og óbeinna áhrifa er metin um 220 milljónir króna á ári, eða um 1% af umfangi laxeldis.
- Ársgreiðslur til ríkissjóðs munu nema um 1 milljarði króna og um 250 milljónir króna renna til sveitarfélaga þegar framleiðsla er í hámarki og flest bein störf verða til.



Um 600 manns mættu á opinn borgarafund í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði sunnudaginn 24. september þar sem fjallað var um brýn hagsmunamál íbúa á Vestfjörðum undir kjörorðunum Fólk í fyrirrúmi.
Myndir / Haukur Már Harðarson



Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálaráðherra mættu til fundarins.

Vilja veg um Teigskóg, hringtengingu rafmagns og laxeldi í Djúpinu

Heimir Már Pétursson fréttamaður var fundarstjóri en á sjötta hundrað mættu á fundinn og voru umræður líflegar. Í pallborði að loknum ávörpum sátu bæjarstjórar sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir svörum, sem og fjórir ráðherrar. Í fundarlok las Heimir Már upp ályktun fundarins við góðar undirtektir, en hún var svohljóðandi:

„Borgarafundur á Vestfjörðum 24. september 2017 vill að mat á samfélagslegum áhrifum verði í framtíðinni lagt til grundvallar stórframkvæmdum og lagasetningu þegar það á við. Jafnframt setur fundurinn fram eftirfarandi þrjár kröfur:

- Ráðist verði strax í vegagerð í Gufudalssveit samkvæmt leið Þ-H (um Teigsskóg), vegna brýnna hagsmuna sveitarfélaganna, atvinnulífsins og íbúa.
- Raforkumál á Vestfjörðum verði færð í nútímabúning með hringtengingu Vestfjarða um Ísafjarðardjúp, þannig að atvinnutækifærum fjölgi á Vestfjörðum.
- Laxeldi verði áfram heimilað í Ísafjarðardjúpi og í því ljósi setji stjórnvöld fram, fyrir árslok, ákvæði um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir til að verja laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi gegn hugsanlegri hættu á erfðablöndun.“



Fulltrúi KPMG kynnti greiningu á áhrifum laxeldis við Djúp.



Pétur G. Markan, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, í pontu.



Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hélt uppi sjónarmiðum náttúruverndar.

Engin sátt né samlyndi í að skilgreina heimkynni fólks sem friðland

Eiríkur Örn Norðdahl, rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld, flutti tölu á borgarafundinum sem vakti mikla athygli. Hann sagði hvorki sátt né samlyndi í því fólgið að skilgreina heimkynni fólks sem friðland sem það megi ekki snerta, sem það megi ekki hafa lifibrauð sitt af – að byggðin verði að víkja fyrir óbyggðunum, því réttur óbyggðanna sé meiri.

„Það er ekki ballans. Það er ofbeldi,“ sagði Eiríkur Örn í ræðu sinni sem hljóðar svo:

„Maður lifir í náttúrunni. Það er ekki nóg með að sólarlögin sprengi hjörtun í elskendum, kyrrðin slái á æsing hugsjúkustu brjálæðinga og skáldin yrki allt sem skiptir máli til vatnsfallanna. Það er ekki heldur nóg með að náttúran færi okkur fæðu til að seðja hungrið, fisk úr ólgandi hafinu, krækling úr spegilsléttum firðinum, grænmeti og ávexti beinlínis upp úr jörðinni og kjöt af beinum skepnanna. Við sleppum nefnilega aldrei úr náttúrunni. Náttúran er óaðskiljanlegur hluti af okkur – við erum ekki utan við náttúruna, ekki utan á henni, heldur í henni. Við erum náttúran.

En maður lifir ekki bara í náttúrunni – maður deyr líka í náttúrunni. Hafið drekkir manni, fjöllin ryðjast yfir mann – þurrka út heilu byggðalögin – fellibyljir leggja samfélög í eyði, flóð sökkva borgum – og náttúran, mannleg náttúra, hefur oft og tíðum þær afleiðingar að við völdum hvert öðru, eða sjálfum okkur, óumræðanlegum skaða. Fólk drepur fólk og fólk drepur sjálft sig. Og lifi maður alla þá náttúru af – sem er tölfræðilega ósennilegt – svíkur mann loks bara líkaminn, náttúra holdsins, og maður hrynur niður og verður að eintómu dufti, jafn örugglega og ef hvað sem er annað hefði drepið mann.

Maður lifir í náttúrunni, maður deyr í náttúrunni og þess á milli beislar maður náttúruna. Maður reisir segl upp í vindinn, lætur stjörnurnar teyma sig um hafið, steypir akkeri úr málmgrýti, smíðar skeifur á hestana, múl á hundana, leggur vegi meðfram fjörðum, brúar firðina, borar göt á fjöllin, sigrar háloftin og sigrar jafnvel sjálft holdið. Því náttúra mannsins er stór og afleiðingar hennar miklar og mikilfenglegar.

Maður beislar náttúruna og maður eyðileggur náttúruna. Nýjustu tölur segja að eftir þrjátíu ár verði meira plast í hafinu en fiskur. Mér skilst að Reykvíkingar séu meira og minna að kafna í svifryksmengun af umferðinni. Fellibyljina sem riðið hafa yfir Karíbahafið upp á síðkastið er ekki hægt að skrá á reikning duttlungafullrar náttúru. Þar á maðurinn, græðgi stórfyrirtækja og fyrirhyggjuleysi samfélaga, hönd í bagga. Olían fuðrar upp í farartækjum svo uppskerur bresta vegna loftslagshlýnunar. Námur tæmast, búskapur breytist í villimennsku – og já, laxeldi hefur, þar sem hirðuleysi réði för, farið allharkalega af hjörunum. Og það viljum við ekki – það vill enginn skíta í deigið. Ef við ætlum að stunda hér sjókvíaeldi þurfum við að geta treyst því að regluverkið sé grjóthart. Búskap þarf alltaf að stunda af virðingu við náttúruna – það er ekki valkvætt.

Maður eyðileggur náttúruna og maður eyðileggur þar með sjálfan sig – en eyðileggingin er mismikil. Með hverjum nýjum vegi hverfur ósnortið víðerni, með hverju nýju húsi gufa óbyggðirnar upp og sjást ekki aftur fyrr en byggðin leggst í eyði og húsin fyllast draugum – og á eftir draugunum koma túristar. Við getum dregið úr vistspori okkar – lágmarkað þau áhrif sem við höfum á umhverfi okkar – en við getum ekki látið vistsporið hverfa. Allri tilveru fylgir bæði fórnarkostnaður og

áhætta. Ef náttúran nyti einfaldlega vafans stæðum við aldrei á fætur, drægjum ekki andann fyrir áhyggjum af fiðrildaáhrifum andardráttarins. Náttúran nýtur ekki vafans nema að svo miklu leyti sem okkur er leyfilegt að telja okkur sjálf til hennar.

Ég hygg að flestum hér inni – þeim sem ekki búa að jafnaði á höfuðborgarsvæðinu, í öllu falli – finnist oft einsog það gildi önnur lögmál um þróun mannlífs í og í kringum smærri byggðir en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem valdið hefur hreiðrað um sig. Í Garðabænum víla menn ekki fyrir sér að draga Ómar Ragnarsson argandi ofan af vinnuvélunum til að leggja veg, þar sem menn telja að vegur þurfi að liggja, en við Reykhóla er hægt að halda vegalagningu í gíslingu í meira en áratug fyrir nokkrar hríslur og einn sumarbústaðareiganda. Á suðvesturhorninu má holufylla og malbika hraunið langleiðina frá Hafnarfirði til Keflavíkur ef með því mætti flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni. Því í Vatnsmýrinni vill fólk víst búa. Það eru kannski fréttir fyrir suma, en fólk vill líka búa á Vestfjörðum.“

„Erum ekki einföld náttúrubörn sem glepjast af gylliboðum siðspilltra útlendinga“

„Og þetta er ballans. Það er alger óþarfi að láta einsog sú sé ekki raunin – svo klisjan um „sátt og samlyndi við náttúruna“ sé bara tuggin enn einu sinni, hún er sönn og við kærum okkur alls ekki um að leggja heimkynni okkar í rúst, einsog einhverjir virðast halda og við erum ekki einföld náttúrubörn sem glepjast af gylliboðum siðspilltra útlendinga og þarfnast þar með verndar siðaðra manna. En stundum er einsog hér rekist stöðugt á tvær ólíkar þjóðir – Vestfirðingar og þeir sem vilja hafa vit fyrir þeim.

Spurningin um líf í Djúpinu er okkur ekki fræðilegs eðlis, ekki ljóðrænn harmsöngur um exótíska og deyjandi byggð, eða dystópísk dæmisaga fyrir börn, heldur kaldhamraður og hversdagslegur veruleiki. Og það er hvorki sátt né samlyndi í því fólgið að skilgreina heimkynni fólks sem friðland sem það megi ekki snerta, sem það megi ekki hafa lifibrauð sitt af – að byggðin verði að víkja fyrir óbyggðunum, því réttur óbyggðanna sé meiri. Það er ekki ballans. Það er ofbeldi.

Eining lýðræðislegrar þjóðar byggir á samstöðu, sjálfsákvörðunarrétti og því að ákvarðanir séu teknar eins nærri þeim sem þær varða og frekast er kostur. Ef þeir sem vilja hafa vit fyrir okkur ætla einfaldlega að ákveða þetta fyrir okkar hönd, hafa af okkur sjálfsákvörðunarréttinn með yfirgangi, þá erum við ekki lengur þjóð. Sama hver niðurstaðan er. Þá er samkomulagið – um að við gætum hagsmuna hvers annars, við séum saman í þessum báti – einfaldlega brostið.“



Eiríkur Örn Norðdahl, rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld í ræðustól.



Margir þingmenn voru á meðal fundargesta, þar á meðal Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi ráðherra.

Þingmenn Norðvesturkjördæmis vilja lög um Teigsskóg

Deilur um staðsetningu vegtenginga úr Reykhólasveit sem tengi byggðir á sunnanverðum Vestfjörðum með sómasamlegum hætti við aðal vegakerfi landsins hafa staðið yfir í áratugi. Hefur þetta staðið atvinnuuppbyggingu, ferðaþjónustu og mannlífi á Vestfjörðum mjög fyrir þrifum og erfiðlega hefur gengið að höggva á þennan hnút. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að löggjafinn grípi um tauma í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari tafir og flýta því eins og kostur er að framkvæmdir geti hafist. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa á undanförnum vikum og misserum sett fram sambærileg sjónarmið.

Í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar var ákveðið að tengja Ísafjörð við vegakerfið með vegalagningu um vestanvert Djúpið og yfir Steingrímsfjarðarheiði. Fyrir var frumstæður vegur yfir sjö fjallvegi í vestur frá Ísafirði og austur eftir Barðastrandarsýslu um tvo fjallvegi í Dölum og suður í Borgarfjörð. Þá var líka hægt að komast að sunnan um dali yfir í Djúp um Þorskafjarðarheiði og taka svo Djúpbátinn Fagranes ýmist í Ísafirði eða í Ögri.

Ráðist var í að tengja Djúpveg frá Álftafirði í Ögur. Vegagerðin vildi þá að tengingin úr Djúpinu yrði úr Ísafirði yfir í Kollafjörð um Kollafjarðarheiði og rökstuddi það m.a. með minni snjóþyngslum og minni hæð vegstæðis yfir sjó. Þá var aftur á móti tekin pólitísk ákvörðun um að fara yfir Steingrímsfjarðarheiði til Hólmavíkur. Ljóst er að sú ákvörðun sló á frest nauðsynlegum endurbótum á vegum í Austur-Barðastrandarsýslu sem enn er ekki búið að tengja með sómasamlegum hætti.

Ekki hefur bætt úr skák að hart hefur verið deilt um hvaða leiðir eigi að fara til að losna við erfiðan fjallveg um Hjallaháls úr Þorskafirði yfir í Djúpafjörð. Þar hafa tvær leiðir verið efstar á blaði undanfarin misseri. Annars vegar jarðgöng í gegnum Hjallaháls eða vegur um svonefndan Teigsskóg sem Vegagerðin hefur lagt til að verði farin ásamt þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar. Mjög harðar deilur hafa staðið í á annan áratug um Teigsskógarleiðina og hafa eigendur sumarbústaðalands farið fyrir því andófi. Sveitarstjórnarmenn um alla Vestfirði hafa hvatt til þess að drifið verði í framkvæmdum en ekkert gerist. Ráðherrar hafa komið og farið og ýmist sett verkefnið í farveg eða kastað því út af borðinu. Fátt virðist vera að gerast á vettvangi stjórnmálanna í þessu máli, nema að Teitur Björn Einarsson alþingismaður kynnti drög að lagafrumvarpi fyrir hönd þingmanna Norðvesturkjördæmis fyrir skömmu sem ætlað er að koma málinu úr þessari sjálfheldu. Óljóst er hvert framhaldið á því máli verður í ljósi stjórnarslita og þingrofs vegna alþingiskosninga sem halda á 28. október næstkomandi. */HKr.*

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt
Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval
500 g
Skordýraeitur til notkunar gegn flugum í byggingum sem ætlaðar eru búpeningi.
STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

STRÚKTÚR
Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni
Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré
WWW.STRUKTUR.is
Við finnum lausn sem hentar Þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ |

LEGSTEINAR
Í MIKLU ÚRVALI
20% AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER
GRANÍT STEINAR
Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

ÞURRAR EÐA SPRUNGNAR HENDUR?
PRÓFAÐU WORKING HANDS
ÞURRIR EÐA SPRUNGNIR FÆTUR?
PRÓFAÐU HEALTHY FEET
FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM, VERSLUNUM HAGKAUPA OG Á HEIMKAUP.IS
Fyrir
Eftir
Working Hands
Healthy Feet


UTAN ÚR HEIMI

Heilsa og aukinn koltvísýringur í andrúmslofti:

Næringargildi plantna minnkar vegna aukins koltvísýrings í andrúmslofti

Nýjar rannsóknir benda til að aukið magn koltvísýrings í andrúmslofti valdi minnkun á næringarefnum í bæði villtum plöntum og nytjagróðri. Sykurinnihald plantna er aftur á móti að aukast. Erlendis er þetta kallað „The junk-food affect“.

Mælingar sýna að magn koltvísýrings á andrúmslofti hefur aukist stöðugt frá upphafi iðnbyltingarinnar og er enn að aukast. Rannsóknir sýna að fyrir iðnbyltinguna var magni 280 hlutar af milljón en árið 2016 mældist koltvísýringur í andrúmslofti hátt í 400 hluta úr milljón. Spár gera ráð fyrir að magnið nái 550 hlutum úr milljón á næstu 50 árum sem er nánast tvöföldun frá því á seinni hluta átjándu aldar, eða um það leyti sem fyrsta dráttarvélin var tekin í notkun.



Aukin koltvísýringur í andrúmslofti leiðir til minni útgufunar um loftaugu á laufblöðum plantna og um leið til minni vatnsupptöku og næringarefnanáms þeirra.



Aukið sykurinnihald matjurta mun án efa leiða til aukinnar offitu í ríkari samfélögum heims í framtíðinni.

Koltvísýringur, ljóstillífun og kolvetni

Við ljóstillífun nota plöntur meðal annars koltvísýring úr andrúmsloftinu til að framleiða súrefni og sykur. Þannig verður til orka í formi kolvetnis eða sykra sem plönturnar nota til vaxtar og sem forða. Súrefni er aukaafurð sem plönturnar gefa frá sér.

Kolvetni eru lífræn efni sem innihalda kolefni, vetni og súrefni í ákveðnum hlutföllum. Hefðbundinn sykur eða glúkósi samanstendur af tólf vetnisatómum, sex súrefnisatómum og sex kolefnisatómum. Tvær eða fleiri sykursameindir geta bundist og myndað flóknari kolvetni. Tvær megingerðir kolvetna í fæðu eru einföld kolvetni eða sykrur og flókin kolvetni, mjölvi og trefjar. Flest kolvetni eru brotin niður í sykursameindir í líkamanum við meltingu.

Stór hluti mannkyns fær orku og næringu úr korni, hrísgrjónum, byggi, hveiti, maís og kartöflum. Þar sem plöntur nýta koltvísýring til að framleiða súrefni og sykrur mætti ætla að aukið magn koltvísýrings í andrúmslofti væri gott fyrir plönturnar og það sem er gott fyrir plöntur sé gott fyrir mannfólkið sem nærist á þeim.

Rannsóknir vísindamanna eins og Irakli Loladze og Lewis Ziska benda til að svo sé ekki. Athuganir þeirra á efnainnihaldi í þurrkuðum plöntum og tilraunir með að auka koltvísýringsmagn í umhverfi plantna og efnagreining þeirra sýnir að magn kolvetna í plöntum er að aukast en að næringarefnainnihald þeirra er að minnka. Er þá sama hvort verið er að tala um helstu korntegundir í ræktun eða káljurtir og ávexti. Rannsóknir sýna einnig minnkandi magn af C-vítamíni í paprikum og verið er að kanna hvort kaffeininnihald í kaffibaunum hafi einnig dregist saman.

Fylgifiskur aukins koltvísýrings í andrúmslofti er að plöntur vaxa hraðar og aukinn vöxtur leiðir til þess að þær verða trefjaríkari. Þrátt fyrir aukinn vöxt dregur úr útgufun plantnanna og þannig dregur úr vatnsupptöku þeirra og á sama tíma upptöku næringarefna úr jarðvegi.

Önnur ástæða er talin vera sú að plöntur safna frekar í sig kolvetnum þegar nóg er af þeim í stað næringarefna.


Afleiðingin er að til verður meira af plöntuafurðum og fæði en hún verður næringarefnasnauðari og við þurfum meira af ræktarlandi til að fullnægja næringarefnaþörf mannkynsins.



Irakli Loladze segir að sykur í matjurtum sé að aukast vegna aukins koltvísýringsmagns í andrúmslofti.



Vísbendingar eru um að próteininnihald hrísgrjóna hafi dregist saman um 6 til 8% frá upphafi iðnbyltingarinnar.



Minnkandi magn næringarefna í matjurtum gæti leitt til járn- og blóðskorts mæðra og barna í fátækari samfélögum heimsins.

Hraðvaxin yrki og aukin áburðarnotkun

Bent hefur verið á að val á hraðvaxta yrkju til ræktunar og aukin notkun á tilbúnum áburði til að auka uppskeru geti haft áhrif á næringarefnainnihald nytjajurta og réttilega sagt að búið sé að rækta bragðið úr mörgum tegundum matjurta.

Irakli Loladze tekur undir þetta en telur þessa þætti einungis vera hluta af skýringunni og að aukið magn koltvísýrings í andrúmsloftinu skipti þar meira máli en talið hefur verið til þessa.

Fóðurjurtir

Á sama tíma og sykurmagn eykst og næringarefnagildi nytjajurtar til manneldis minnkar mun sama gerast með fóðurjurtir. Slíkt mun leiða til verra fóðurs fyrir búfé og óhollari fæðu fyrir neytendur.

Næringarsnauðari fæða

Sé tilgátan rétt er aukið magn koltvísýrings farið að hafa áhrif á efnainnihald plantna og gera fæðuna sem við neytum ríkari af kolvetnum og rýrari af næringarefnum. Eigi aukning á koltvísýringi í andrúmslofti eftir að aukast enn frekar, eins og spár gera ráð fyrir, mun kolefnisinnihaldið aukast enn meira og næringarefnainnihaldið rýrna enn meira.

Mælingar á efnainnihaldi úr þurrkuðum plöntum plöntusafna sýnir að næringarefnainnhald þeirra hefur dregist saman um 8% frá upphafi iðnbyltingarinnar. Vísbendingar eru einnig um að próteininnihald hveitis og hrísgrjóna hafi dregist saman um 6 til 8% á sama tíma.

Efnin sem rýrna eru meðal annars mikilvæg næringarefni eins og járn, magnesíum, kalsíum, fosfór og sink.

„The junk-food affect“

Erlendis er farið að kalla þessa þróun „The junk-food affect“ eða ruslfæðisáhrifin og vísað til hás sykurinnihalds og lágs næringarefnainnihalds í mörgum skyndibitum eða ruslfæði.

Haldi þessi þróun áfram sem horfir er því spáð að um 2050 muni minnkandi innihald næringarefna og próteina í nytjajurtum hafa bein áhrif á að minnsta kosti 150 milljón íbúa í fátækustu löndum heims. Einnig er því spáð að vegna þessa gæti milljarður mæðra og yfir 350 milljón börn þjáðst af járn- og blóðskorti.

Annað vandamál sem líklega mun aðallega herja á ríkari hluta mannkyns er ekki síður alvarlegt, en það er aukin tíðni offitu, sykursýki og æðasjúkdóma vegna aukinnar neyslu á sykri og trefjum í kornvöru eins og brauði og pasta, grænmeti og ávöxtum. /VH



Karvel L. Karvelsson.

Karvel kominn aftur til RML

Karvel L. Karvelsson kom þann 2. október aftur til starfa sem framkvæmdastjóri RML.

Karvel hefur verið í ársleyfi og Vignir Sigurðsson, sem gegndi framkvæmdastjórastöðu RML síðasta árið, er nú farinn í ársleyfi.

Starfsstöð Karvels er á Hvanneyri og er hægt að ná í hann í síma 516 5000 og í gegnum netfangið klk@rml.is.



Sýningarferð Íslyft og John Deere

Íslyft verður á ferðinni með John Deere dráttarvélar frá 8.10 til 13.10. Komið verður við á 12 stöðum þar sem mönnum gefst kostur á að skoða og prófa vélarnar.

Íslyft tók við umboði fyrir John Deere síðastliðið vor og hafa þegar selt fjölda véla og eru að afhenda fyrstu nýju vélarnar.

Einnig verður John Deere Gator með í för, sem er upplagður sem vinnutæki á bændabýlum.

Íslyft mun einnig sýna Pixy liðléttinga og Merlo skotbómulyftara.

Héraðssýning á Snæfellsnesi

Fyrri sýning lambhrútasýningar á Snæfellsnesi 2017 fer fram föstudaginn 13. október á Haukatungu Syðri 2 í Kolbeinsstaðarhreppi og hefst kl. 20.30.

Áframhald fer fram laugardaginn 14. október í Tungu, Fróðárhreppi Snæfellsbæ og hefst kl. 13.00. Á þeirri sýningu verða veitingar í boði gegn vægu gjaldi til að fá aðeins upp í kostnað sýningarinnar. Það verður sem sagt 500 kr. á mann ef menn vilja gæða sér á kræsingum og kaffi og að sjálfsögðu verður frítt fyrir börn.

Það verður svo áfram lambahappdrættið sem vakti mikla stemningu og skemmtun. Þeir sem hafa áhuga á að krækja sér í miða þá mun miðinn kosta 1.000 kr. Vegleg verðlaun í boði.

Enginn posi verður á staðnum. Verðlaunaafhending verður svo að lokinni sýningu í Tungu Fróðárhreppi fyrir báðar sýningarnar.

Allir velkomnir og áhugafólk um sauðfjárrækt auðvitað hvatt til að mæta með sína gripi og sjá aðra.

Starfsstöð Skógræktarinnar á Akureyri:

Tekur fyrsta „Græna skrefið“

Starfsfólk Akureyrarskrifstofu Skógræktarinnar í Gömlu-Gróðrarstöðinni tóku á dögunum við viðurkenningu frá Umhverfisstofnun fyrir að hafa náð fyrsta „Græna skrefinu“ í ríkisrekstri. Markmiðið er að allar starfsstöðvar Skógræktarinnar taki þessi skref.

Metnaðarfullar og framsýnar stofnanir geta nú nýtt sér hvatakerfið Græn skref í ríkisrekstri til að stuðla að aukinni sjálfbærni í rekstri og bættri umhverfisvitund meðal starfsmanna, að því er fram kemur á vef Skógræktarinnar.

Skógræktin hefur undanfarin misseri unnið að því að innleiða þetta kerfi í rekstri sínum og nú fyrr í vikunni fékk fyrsta starfsstöðin, Akureyrarskrifstofan í Gömlu-Gróðrarstöðinni, viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrsta skrefinu af fimm. Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á sjálfbærnisviði Umhverfisstofnunar, afhenti starfsfólkinu á Akureyri viðurkenninguna að viðstöddum Þresti Eysteinssyni skógræktarstjóra.

Í Gömlu-Gróðrarstöðinni hefur verið komið upp söfnunarílátum fyrir alla flokka sorps og lífrænn úrgangur er jarðgerður í moltutunnu að húsabaki, þrír starfsmenn í húsinu hafa gert samgöngusamning við Skógræktina og koma gangandi eða hjólandi til vinnu flesta daga, hugað er að umhverfismerkingum hreinsivara og pappírs og sett upp innstunga fyrir rafbíla, svo eitthvað sé nefnt. */MÞÞ*



Fulltrúi Umhverfisstofnunar og skógræktarstjóri ásamt starfsfólki Akureyrarskrifstofu Skógræktarinnar. Frá vinstri: Rakel Jónsdóttir, Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri, Brynjar Skúlason, Valgerður Jónsdóttir, Hallgrímur Indriðason, Pétur Halldórsson og Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á sjálfbærnisviði Umhverfisstofnunar. Á myndina vantar einn úr starfsliði starfsstöðvarinnar, Bergsvein Þórsson.



Fundir um hugmyndir að nýrri byggða- og landbúnaðarstefnu

Við viljum að ný byggða- og landbúnaðarstefna leggi grunn að náttúruvernd og styðji við sögu og menningu þjóðarinnar. Við teljum nauðsynlegt að samþætta hagsmuni þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að því að höfuðborgin sinni skyldum sínum við landsbyggðina og landsbyggðin við höfuðborgina. Markmiðið er að skapa tækifæri um allt land þannig að ungt fólk hafi raunverulegt valfrelsi um búsetu.

Mánudagur 9. október
- **Blönduós** Sal Búnaðarsambandsins kl. 13.00
- **Ásbyrgi** Laugabakka kl. 20.00

Þriðjudagurinn 10. október
- **Búðardal** Dalakoti kl. 13.30
- **Hvanneyri** Árgarði kl. 20.00

Miðvikudagur 18. október
- **Þingeyjarsveit** Ýdölum kl. 11:00
- **Þórshöfn** Félagsheimilinu Þórsveri 15:30
- **Egilsstaðir** Icelandair hóteli Héraði kl. 20.00

Aðrir fundir verða auglýstir síðar.



Haraldur Benediktsson
1. þm. Norðvesturkjördæmis.



Óli Björn Kárason
8. þm. Suðvesturkjördæmis.



Jón Gíslason er forstjóri Matvælastofnunar. Dýraheilbrigðismál á Íslandi komu ágætlega út í mati Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar frá 2015. Mynd /smh

Mat OIE á dýralæknaþjónustu á Íslandi:

Dýraheilbrigðismálin í nokkuð góðu lagi

– Áskorun að halda hæfum dýralæknum í landinu

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) gaf á dögunum út skýrslu um mat á stöðu íslensku dýralæknaþjónustunnar, en hún var metin um haustið 2015 að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Skýrslan sýnir að staðan er nokkuð góð á Íslandi. Meðal helstu styrkleika kerfisins að mati OIE er góð löggjöf og reglulegt eftirlit sem sé byggt á áhættumati. Sérstaklega er bent á að tilfelli matarsýkinga eru mjög fá og þá komu öll matvælafyrirtæki sem voru skoðuð mjög vel út. Þeir þættir sem mættu vera betri snúa að símenntun, áhættugreiningu og þátttöku framleiðenda í sameiginlegum verkefnum.

Lág tíðni dýrasjúkdóma

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að tíðni dýrasjúkdóma á Íslandi sé lág, sem sé afleiðing þess að ströng löggjöf hafi takmarkað mjög innflutning á dýraafurðum – sérstaklega lifandi dýrum. Ísland njóti líka góðs af því, í þessu tilliti, að vera eyja. Þessi staða hafi skapað tækifæri á útflutningi á margvíslega erlenda markaði; meðal annars með lambakjötsafurðir, hrossakjöt, hesta og fiskafurðir. Dýralæknar á Íslandi eru almennt taldir vera vel hæfir og samviskusamir, þótt ákveðinn skortur sé á þeim og þeim sem sérhæfðir eru. Því hafi verið erfitt að laða íslenska dýralækna til starfa hjá Matvælastofnun, en einnig spili inn í að laun séu ekki eftirsóknarverð sem í boði eru – eða starfsumhverfi.

OIE bendir á að vinnuálag hafi aukist á dýralækna og því hafi þurft að forgangsraða vinnu. Þannig hafi ekki náðst að sinna öllum starfssviðunum nægilega vel. Fjárskortur hefur til dæmis valdið takmörkunum á því að hægt sé að viðhalda varnarlínum á milli beitarhólfa. Hann hefur einnig takmarkað þjálfun starfsmanna, símenntun – og komið í veg fyrir fundar- og ráðstefnuferðir til útlanda.

Áhersla á löggjöf um matvæli og velferð dýra

Vegna þess að Matvælastofnun hefur þurft að forgangsraða verkefnum hefur verið lögð aðaláhersla á að innleiða nýja matvælalöggjöf og nýja löggjöf um velferð dýra. Það hefur verið á kostnað áhættugreiningar og samsvarandi eftirlits með dýraheilbrigði. Þess er þó getið að fleira starfsfólk starfi í eftirliti með dýraheilbrigði en í matvæla- og fóðureftirliti.

Áhætta á kúariðusmiti á Íslandi er talin vera óveruleg. Fram kemur í skýrslunni að til séu eftirlitsáætlanir fyrir fjölda sjúkdóma eins og riðu, salmonellu og kampýlóbakter. Eftirlitsáætlanirnar eru taldar vera góðar, en fáir framandi sjúkdómar hafa komið fram.

Áskorun að halda hæfum dýralæknum í landinu

Helstu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir séu að halda hæfum dýralæknum í landinu og laða til sín nýja. Mikilvægt sé að viðhalda lágri tíðni dýrasjúkdóma í landinu, þrátt fyrir að meira sé flutt inn af dýraafurðum og aukinn fjölda ferðamanna. Þetta þýðir að bæta verður eftirlit og viðbúnaðaráætlanir, auka meðvitund um sjúkdóma og æfa sviðsetningu á sjúkdómstilfellum sem gætu komið upp. Allir hagsmunaaðilar þurfi að vinna betur saman til að sjúkdómavarnirnar gagnvart búfé – og öðrum hlekkjum í fæðukeðjunni – verði skilvirkari.

Þá sé mikilvægt að auka meðvitund ferðafólks um hættuna á því að bera smit til landsins, til að lágmarka möguleikana á að stöðu dýraheilbrigðismála í landinu sé stefnt í voða.

Flestar einkunnir góðar

Alls voru mældir 46 þættir og eru niðurstöðurnar meðal annars birtar á stigatöfluformi. Í stigatöflunni eru gefnar einkunnir frá 1 og upp í 5 sem er hæsta einkunn. Matvælastofnun fær í flestum tilvikum 3 eða 4 í einkunn en þrír liðir fá hæstu einkunn; þeir snúast um eftirlit með fyrirtækjum, reglugerðir, leyfisveitingar, vottorð og samræmi við önnur lönd. Tveir liðir – sem eru liðir í stjórnkerfi dýralæknamála sem ekki eru til staðar í landinu (Veterinary Statutory Body Authority og Veterinary Statutory Body Capacity) – fá einkunnina 1 og þrír liðir fá einkunnina 2, en þeir snúast um þátttöku framleiðenda í sameiginlegum verkefnum, áhættugreiningu og símenntun.

Hægt er að nálgast skýrsluna í gegnum vef Matvælastofnunar, undir Dýraheilbrigði. */smh*

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 19. október



Sveinn og Katrín Helga með grönóttu tvíburana. Myndir / smh

Grönóttir kvígukálfar í Reykjahlíð

Á leið sinni frá Laugarási í Biskupstungum keyrði ljósmyndari fram á þessa fallegu kálfa við Reykjahlíð á Skeiðum. Þar reka Sveinn Ingvarsson, fyrrverandi varaformaður Bændasamtaka Íslands, og Katrín Helga Andrésdóttir, fyrrverandi héraðsdýralæknir, myndarlegt kúabú, en þau fengu Landbúnaðarverðlaunin 2012.

„Við höfum alltaf reynt að hafa litafjölbreytni hér hjá okkur. Sonur okkar, Ingvar Hersir, hefur mikinn áhuga á grönótta litnum þannig að við við höfum keypt grönóttar kvígur. Í Andrésfjósum fengum við kvíguna Ljósku sem reyndist ágæt mjólkurkýr. Undan henni fengum við Birtingsdótturina Skinku, hennar fyrsti kálfur var Laufássonurinn Olaf – auðvitað grönóttur – og sonurinn fékk að nota hann á kvígur. Undan honum eigum við grönóttu kvígurnar Heilvitu, Fönn, Hríð og Ólafíu," segir Katrín Helga.



Staða litarins trygg á bænum

„Næsti burður Skinku voru tvíburarnir og Bambadæturnar Rakel og Lea. Þriðji burðurinn var svo líka tvær grönóttar kvígur undan Bolta, því miður fæddist önnur dauð en hin lifir og heitir QueenB.

Við eigum því núna sjö grönóttar kvígur, þannig að staða litarins á bænum ætti að vera trygg," segir Katrín Helga.

Að sögn Katrínar Helgu er grönótt forn litur og við hann bundin ýmis trú, Keltar hafi til dæmis trúað því að dýr með þennan lit kæmu úr álfheimum.

Um 1,2 prósent af skoðuðum kúm

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgriparækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að grönóttar kýr séu hvítar á skrokkinn en með lit á nösum og eyrum.





Fönn, Hríð og Ólafía voru í kálfahópnum sem ljósmyndari sá á ferð sinni.

„Þær geta verið með mismunandi grunnlit, það er brandgrönóttar, kolgrönóttar og svo framvegis. Í kúaskoðun 2016 voru skoðaðar 67 grönóttar kýr, eða rétt um 1,2 prósent af öllum skoðuðum kúm það ár. Vissulega ekki algengur litur en þó er til töluvert af grönóttum kúm. Ég á von á því að þeim fjölgi aðeins á næstunni þar sem við vorum með grönótt naut á stöðinni fyrir skömmu síðan," segir Guðmundur. */smh*

Startarar og Alternatorar
í flestar gerðir véla og tækja





Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

FASTEIGNASALA NORÐURLANDS

662 4704 GUÐMUNDUR BJÖRNSSON löggiltur fasteigna- og skipasali fastnord.is gummi@fastnord.is

• FASTEIGNASALA NORÐURLANDS • Sala - verðmat - þjónusta •

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 19. október

Bandsagarblöð í úrvali



Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata
Þjónusta við tré- og málmiðnað í 33 ár

limtrevirnet.is



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með steinullareiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og illtendranleg. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.


Fjós


Fjarhús


Hesthús

LímtréVirnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350
Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Tilboð!
Birkitré 2–3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570

Tilboð!
HÖFÐINGJATRÉ aspir 3-5 m til að setja við heimreiðar og brjóta vindstrengi við hús. Takmarkað magn, gott verð.

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570



Sigþrúður, Pálína og Axel á Arnarfelli hinu mikla sumarið 2016. Sigríður starfar í dag hjá Landgræðslu ríkisins. Hún var héraðsfulltrúi á Suðurlandi í 20 ár en nú er hún komin á svið sem fæst við rannsóknir, með áherslu á beit og samspil beitar og gróðurs. Mynd / Úr einkasafni.

Sigþrúður Jónsdóttir fékk Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á Degi íslenskrar náttúru 16. september síðastliðinn:

Hefur helgað líf sitt baráttu fyrir verndun Þjórsárvera

„Þjórsárver eiga svo gríðarlega stóran og öflugan stuðningshóp úti um allt," segir Sigþrúður Jónsdóttir, sem hefur helgað líf sitt baráttu sinni fyrir verndun Þjórsárvera og fékk Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á Degi íslenskrar náttúru 16. september síðastliðinn fyrir þá baráttu.

„Nei, ég átti ekki von á þessu núna, en það gladdi mig auðvitað mjög mikið. Þessi viðurkenning er reyndar hugsuð fyrir fólk sem hefur lagt hart að sér til að vernda náttúruna og það hef ég gert.

Ég vissi ekki að menn hefðu veitt því þessa athygli. Hins vegar hafa ótrúlega margir útlendingar komið til mín og tekið viðtöl við mig um náttúruvernd á Íslandi og aðkomu mína að þeim og svo veit ég ekki meira um það og veit ekki hvernig þeir fundu mig," segir Sigþrúður Jónsdóttir í Eystra-Geldingaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hún hefur helgað líf sitt verndun Þjórsárvera og unnið markvisst að vitundarvakningu um einstæða náttúru þess. „Hún hafi verið meðal stofnenda Áhugahóps um verndun Þjórsárvera, haldið baráttufundi gegn virkjunum í Þjórsá, safnað undirskriftum gegn virkjunum og leiðsagt fjölmörgum hópum í gönguferðum um Þjórsárver. Hún hafi varið tíma, orku og fjármunum í baráttuna svo gengið hafi nærri henni og fjölskyldu hennar. Líkt og Sigríður í Brattholti hafi hún verið rekin áfram af einlægri hugsjón og sannfæringu um mikilvægi þess að umgangast landið og náttúruna af varkárni og virðingu", segir í rökstuðningi umhverfis- og auðlindaráðherra um viðurkenningu Sigþrúðar.



Sigþrúður vill ekki líkja sér við Sigríði í Brattholti þótt þær eigi sameiginlega ást á landi og lífi og að láta ekkert stoppa sig. „Hennar á var Hvítá, mín er Þjórsá. Þá held ég að hún hafi verið mun meiri forkur en ég og stórlyndari," segir Sigþrúður hlæjandi. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Fædd og uppalin í Eystra-Geldingaholti

Foreldrar Sigþrúðar eru Margrét Eiríksdóttir frá Steinsholti og Jón Ólafsson í Eystra-Geldingaholti í Gnúpverjahreppi. Þar ólst hún upp ásamt systkinum sínum fjórum, Eiríki, Ólafi, Árdísi og Sigrúnu.

„Heima var og er enn blandaður búskapur, mjólkurkýr, kindur, hestar, nokkrar hænur og hundur. Pabbi minn lést árið 2001, rétt áður en síðasta baráttulota hófst, en hann hafði unnið mikið að verndun Þjórsárvera, var einn af þeim sem boðaði til fundarins góða 1972 og sat síðar í Þjórsárveranefnd," segir Sigþrúður. Maðurinn hennar er Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur á Suðurlandi, og eiga þau tvö börn, Pálínu, sem er í framhaldsnámi í sálfræði og Jón Karl, nemanda í læknisfræði. Sigþrúður gekk í Ásaskóla í Gnúpverjahreppi, eftir það lauk hún stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð, var einn vetur í líffræði við Háskóla Íslands en fór svo í háskólann í Bangor í Norður-Wales og nam þar landbúnaðarfræði. Þar tók hún síðan mastersgráðu í beitarfræðum.

Þjórsárver er stærsta gróðurlendi á miðhálendi Íslands

Sigþrúður segir Þjórsárver sannarlega skipa stóran sess í lífi sínu enda eru óteljandi þær stundir lífsins sem hafa farið í baráttu fyrir verndun þeirra og stækkun friðlandsins.

„Þessi verkefni hafa verið í forgangi og oft reynt á, ekki síst þegar baráttan var sem hörðust frá 2001 til 2006. Ég heyrði um Þjórsárver þegar ég var barn og fann að þetta var eitthvað merkilegt svæði og átti alltaf þann draum að komast þangað, sem ég síðar gerði. Svæðið fyrir innan Sand, eins og við köllum það, var pabba mjög dýrmætt, sem og öðrum fjallmönnum og ég fann að þetta var eitthvað sérstakt. Ég kom þangað fyrst í fjallferð 1984 og það var stórkostlegt."

Sigþrúður leggur mikla áherslu á friðun Þjórsárvera, það sé grundvallaratriði.

„Já, það er gríðarlega mikilvægt og er prófsteinn á vilja þjóðarinnar til að vernda svæði sem á ekki sinn líka í heiminum. Þjórsárver er stærsta gróðurlendi á miðhálendi Íslands, þar er gróður óvenjulega fjölbreyttur, víðáttumikil votlendi, freðmýrarrústir, víðiheiðar og afar sjaldgæft blómskrúð. Þarna eru kjölfestuvarpstöðvar heiðagæsarinnar. Lífríkið er fjölbreytt og vistkerfin heilbrigð. Þjórsárver njóta líka alþjóðlegrar verndar samkvæmt Ramsarsamningnum og Bernarsáttmálanum. Svo eru þau líka hluti af stóru víðerni á miðhálendinu, sem út af fyrir sig skiptir máli. Það eru bara til ein Þjórsárver og við gætum aldrei búið þau til á ný."

Þriggja kynslóða barátta

Þegar Sigþrúður er spurð hvernig henni finnst baráttan um friðun Þjórsárvera ganga segir hún að það mjakist í rétta átta en hafi tekið afskaplega langan tíma, margir áfangasigrar hafi náðst.

„Baráttan hófst heima í

Gnúpverjahreppi árið 1972, þegar almennur sveitarfundur mótmælti áformum um Norðlingaölduveitu harðlega og hefur staðið með hléum síðan. Það er til ítarleg fundargerð frá þeim fundi. Síðasta baráttulotan hófst síðan 2001 en nú hillir undir að friðlandið verði stækkað. Þetta er því orðin þriggja kynslóða barátta. Mér finnst að viðhorf manna til verndunar Þjórsárvera hafi breyst og æ fleiri átti sig á hvers konar dýrmæti þau eru.“

Ungt fólk í sveitinni sem vill búa þar

Eins og gefur að skilja vegna baráttu Sigþrúðar og fleira fólks um verndun Þjórsárvera, þá kemur ekki til greina að virkja Þjórsá og skapa þannig störf, uppistöðulón og rafmagn?

„Hvaða störf? Er verið að virkja til að búa til störf í sveitinni? Nei, það fer enginn í milljarða framkvæmd til þess. Virkjunin mun ekki skapa nema örfá framtíðarstörf. Það yrðu mjög dýr störf sem að auki kostuðu fórnir á náttúru og landslagi sem gleymist að virða. Framkvæmdatíminn yrði einhvers konar æði og það er ekki hugguleget að hugsa til alls þess brambolts og umferðar sem yrði þá. Það er ekki árennilegt að búa í nágrenni við svona stórframkvæmdir,“ segir Sigþrúður.

„Við verðum líka að hugsa um hvaða störf yrðu ekki til ef virkjun verður reist. Ég vil treysta á frumkvæði manna til að skapa sér vinnu og minni á að ungt fólk í sveitinni sem vill búa þar hefur komið fram með margar atvinnu- og uppbyggingarhugmyndir sem lofa góðu og eru í sátt við náttúru og menn. Þetta er umdeilt og hefur haft slæm áhrif á samfélagið. Uppistöðulón eru í sjálfu sér úrelt fyrirbæri og hafa oftast tortímt gróðri, jarðvegi og vistkerfum. Því verður að linna. Við höfum ekki efni á að eyða meira af þeirri dýru og óafturkræfu auðlind sem jarðvegur er. Hann er undirstaða lífs okkar og nær öll fæða manna kemur úr jarðvegi. Þjórsá er líka iðandi af lífi og ein mesta laxveiðiá landsins. Því er stefnt í hættu. Það er fáviska að horfa einungis á ár renna sem megavött, en ekki lífæð og lifandi vistkerfi.“

Það er allra hagur að fara vel með landið

Blaðamanni lék forvitni á að vita hjá Sigþrúði hvaða skoðun hún hefði á íslensku sauðkindinni og landgræðslu.

„Þetta er samspil margra þátta. Í þessu gildir að fara með gát og ofgera ekki gróðurauðlindinni, því sé það gert hnignar henni og hún gefur minna af sér og það getur leitt til jarðvegseyðingar. Minni uppskera og stundum verri beitarplöntur hafa áhrif á þrif búfjárins. Það er allra hagur að fara vel með landið. Við stöndum hins vegar í þeim sporum að hafa tapað um helming af grónu landi frá landnámi svo við þurfum að byggja upp jarðveg, gróður og virk vistkerfi. Það er mikið verkefni en nauðsynlegt. Annars er hægt að lesa meira um beitarfræði í bæklingi eftir mig sem Landgræðslan gaf út 2010 og nefnist Sauðfjárhagar.“



Sigþrúður og Axel þegar Sigþrúður tók á móti Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á Degi íslenskrar náttúru 16. september sl. Viðurkenninguna fékk Sigþrúður fyrir áralanga baráttu sína fyrir verndun Þjórsárvera. Mynd / Úr einkasafni.

Lúpína á ekki erindi í gróin lönd

Þegar talið berst að lúpínunni hafði Sigþrúður þetta að segja. „Lúpínan er framandi ágeng tegund sem ber að fara varlega með en hún er mjög öflug niturbindandi jurt. Hún er að dreifast mjög hratt og er komin víða inn í gróin lönd þar sem hún á ekkert erindi. Það væri farsælt ef menn gætu lyft sér upp úr skotgröfunum vegna þessarar plöntu og horfst í augu við kosti hennar og galla án þess að missa sig.“

Dýrmætt að eiga góða vini

Nú berst talið að áhugamálum Sigþrúðar og fjölskyldu hennar, þar ber margt á góma.

„Já, okkur finnst gaman að fara í gönguferðir saman, stuttar og langar. Við förum flest sumur í gönguferðir um Þjórsárver og stundum víðar. Einnig hef ég verið önnur þeirra sem í 15 ár hef leitt gönguhópa að fossunum miklu í Þjórsá á Gnúpverjaafrétti, beinlínis til að koma þeim á kortið, það er alltaf gaman. Ég hef óbilandi áhuga á landbótum og sameina því göngur og landbótastörf með ýmsum hætti heima í Geldingaholti. Hef gaman af að sjá góð leikrit og hef tekið þátt í leiklistarstarfi í sveitinni. Við Axel eigum mikið af bókum, margar eru fræðilegs eðlis um náttúruna, landið, gróður, jarðfræði, heilsu og heilbrigðara líf, sögu, andleg málefni, samfélagsmál og manninn í tilverunni. Sjálf er ég heilluð af sauðfé og hef stúderað atferli þeirra lengi. Svo er dýrmætt að eiga góða vini og njóta samfunda með þeim.“

Áformin deyja smátt og smátt

Að lokum er Sigþrúður spurð um Þjórsárver og framtíð þeirra, hvað muni gerast. Það stendur ekki á svarinu.

„Nú verður friðlandið stækkað og síðar verður það stækkað enn meira niður með Þjórsá. Smátt og smátt deyja áform um að setja upp lón á svæðinu og menn átta sig á að það verður ekki liðið. Þjórsárver eiga svo gríðarlega stóran og öflugan stuðningshóp úti um allt.“

/Magnús Hlynur Hreiðarsson

STARFSMENN S.S. SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta 551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

ALLT FYRIR MATVÆLAIÐNAÐINN

- Vacumpokar
- Umbúðir
- Kjötnet og garnir
- Vélar og tæki
- Krydd og hjálparefni
- Hnífar og stál
- Hlífðarfatnaður



NOKK EHF.

Víkurhvarfi 5, 220 Kópavogur - S: 533 5555 - www.nokk.is

Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur



Eigum á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 6 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



Þjónusta í 60 ár 1957-2017



BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is

HAUSTTILBOÐ
10% haustafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar
www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

Staðgreiðslu VISA Lán

www.volundarhus.is



Í liðinni viku komu ungir bændur í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð saman, flestir sem gátu, þó einhverjir væru uppteknir í haustverkum. Þar var glatt á hjalla enda margt að ræða þegar bændur koma saman, auk þess sem barnafjöldinn er nokkur. Hópnum var stillt upp í hlöðustabba á Gunnarsstöðum og eftir myndatöku voru grillaðar pylsur og meðlæti í boði Svalbarðshrepps.
Myndir / Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Ungir bændur kalla eftir aðgerðum

Í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð hefur mikil nýliðun verið í sauðfjárrækt og er þar nú yngsta bændasamfélag á landinu.

Margir hafa sótt sér menntun í búvísindum og iðngreinum, og snúið aftur á æskuslóðir, en grunnurinn að þessu bændasamfélagi er önnur kynslóð bænda sem hafa tekið við búum af foreldrum.

Í byggðarlaginu, sem telur í heildina um 600 manns, eru tvö þorp, Bakkafjörður og Þórshöfn. Bakkafjörður hefur átt undir högg að sækja með fólksfækkun og minnkandi sjávarútvegi en þar eru nú aðeins tvö sauðfjárbú eftir.


Sigríður Jóhannesdóttir, bóndi á Gunnarsstöðum, grillar pylsur ofan í mannskapinn.


Ólafur Aðalsteinn Sigurðsson í Hvammi og Júlíus Þröstur Sigurbjartsson á Gunnarsstöðum. Ólafur er yngsti bóndinn í Þistilfirði og engan bilbug á honum að finna.

Á Þórshöfn er atvinnuástandið gott þar sem Ísfélag Vestmannaeyja rekur öfluga fiskvinnslu. Í janúar er loðnuvertíð og síðsumars og fram á haust má ná góðu uppgripi með makríl- og síldarvöktum, en þar hafa bændur verið liðtækir í að skipa löndunarteymi þegar á þarf að halda.

Núna stendur enn yfir síldarvertíð þar sem unnið er á 12 tíma vöktum allan sólarhringinn. Þessir atvinnuvegir styrkja því hvor annan. Það er alveg ljóst að það skiptir miklu máli fyrir bændur að eiga kost á að sækja vinnu utan bús, hvort sem það er á ársgrundvelli eða uppgrip á vertíðum.

Tilvist samfélagsins ógnað

Að öðru leyti er byggðarlagið hefðbundið sveitasamfélag. Þar er gripið í spil á vetrarkvöldum þegar boðað er til félagsvistar. Kvenfélagið er virkt og síungt, þá er björgunarsveit, leikfélag, kirkjukór, blaklið og ýmislegt hægt að finna sér til gagns og gamans. Aldrei skortir verkefni fyrir þá sem vilja taka þátt í samfélaginu. Núna er tilvist þessa samfélags ógnað með óvissu í sauðfjárrækt og úrræðaleysi stjórnvalda til að grípa til aðgerða.

Mikil lækkun afurðaverðs er þungt högg

Mikil lækkun afurðaverðs nú í haust er þungt högg og þá sérstaklega fyrir ungar fjölskyldur sem margar hverjar hafa nýlega fjárfest í sauðfjárbúum. Þetta unga kraftmikla fólk lætur nú í sér heyra, kallar eftir markvissri byggðastefnu frá stjórnvöldum og aðgerðum sem styrkja byggðir í landinu. */GBJ*

„Við erum í frjálsu falli“

Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir búa á bænum Felli í Finnafirði en Reimar hefur verið bóndi þar síðan 1992. Hann segir að útlitið hafi oft verið svart en aldrei þó eins og nú. Þau hjónin eru samhent og kraftmikil, byrjuðu með rekstur ferðaþjónustu fyrir tveimur árum, sem gæti nú orðið stærri þáttur í þeirra afkomu.

Þau eru búin að senda 370 lömb á sláturhús og meðalfallþunginn er 15,8, sem er aðeins slakara en meðalár. Í heildina eru þau að slátra um 600 lömbum en þau eru með um 420 kindur á vetrarfóðrum. Þau hjónin lóga á Vopnafirði og lækkun þar á meðaltalsverði var 33,5%.

Veruleg kjaraskerðing

Í fyrra var lækkun um 10% og ef dæmið er sett upp í krónur er milljónin árið 2015 orðin að 900 þúsund haustið 2016. Núna í haust er þessi upphæð orðin 598 þúsund og því ljóst að um verulega kjaraskerðingu er að ræða á stuttum tíma.

Þau taka ekki mikið af kjöti heim þótt það gefi meira að selja beint. Dagrún segir að það sé drjúg vinna í kringum það að selja slíkt og akkúrat á þeim tíma þar sem nógu öðru er að sinna. Hún segir að það sé líka kannski óhagkvæmt núna þegar umræðan er þessi og fólk vill líklega fá kjötið á lægra verði, en þau segjast ekki hafa trú á að þessar lækkanir til bænda skili sér til neytenda í lægra verði.

Ekki ginnkeyptur til að fjölga

Í Bakkafirði eru bara tvö sauðfjárbú eftir og þola heiðarlöndin meira af fé. Reimar segist þó ekki vera ginnkeyptur fyrir því að fjölga og framleiða eitthvað sem ekkert fáist fyrir. Það sé nóg að sitja uppi með stöðuna eins og hún er í dag.

Hann segir að það sé ekki auðvelt þegar það sé búið að fjárfesta fyrir fleiri milljónir í hey að sjokkið komi allt of seint. Það hefði í raun þurft að koma fyrir 14 mánuðum, áður en áburður var keyptur fyrir þetta ár. Þau segjast ekki ætla að fjárfesta í áburði núna fyrr en staðan skýrist. Þó svo að áburður hafi verið boðinn á hagstæðara verði ef pantað er snemma þá er ekkert endilega til peningur fyrir áburði.

Skoða stöðuna nánar á vordögum

Reimar segist ætla að gefa sín hey í vetur í þessar 400 kindur og sjá svo til á vordögum. Þau segjast vera ágætlega stödd með að vera búin að byggja upp ferðaþjónustu án þess að steypa sér í skuldir og geta snúið sér að öðru ef ekki verður framhald á sauðfjárbúskap. Það sé þó ekki það sama hjá mörgum yngri bændum og þau hafa áhyggjur af þeim sem eru búin að vera að fjárfesta, til dæmis ungum bændum sem eru nýbúnir að kaupa jörð og fjárfesta í tækjum.



Bændur í Langanesbyggð, Dagrún Þórisdóttir á Felli, Sigríður Ósk Indriðadóttir í Miðfjarðarnesi og Margrét Eyrún Níelsdóttir í Tunguseli.

Er verið að búa til kjötfjall?

Þau hjónin segjast hafa nógu að sinna í sveitinni þó alltaf sé möguleiki á að vinna með búinu þar sem næg vinna sé í nágrenninu. Reimar hefur verið eitthvað í meindýravörnum og tekið uppgrip í löndunum hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn.

Ekki í kortunum að hætta

Sauðfjárbúskapur er þó það sem á hug þeirra og áður en þessar afurðalækkanir komu til var ekkert í kortunum að hætta. Þau segja þó ljóst að aðgerða sé þörf og það strax, ein leiðin sé að setja skýrari reglur um framleiðslu þeirra sem ekki eru með kvóta og í fullri vinnu með smá búskap. Þannig að þeir sem séu að reyna að lifa af sauðfjárbúskap geti gert það. Umræðan um kjötfjallið var mikil í sumar en síðan reyndist fjallið ekki vera til. Reimar veltir upp þeirri spurningu hvort þessar lækkanir séu ekki bein leið til að búa til kjötfjall, þar sem margir hætti og þá komi mikið inn til slátrunar. Hann segir að upplausn í stjórnmálum bætist við í ofanálag og bændur séu bara í frjálsu falli. Í vetur ætli þau að láta þetta danka, þau lifi af einn vetur en kannski ekki annan. Það verði að koma til skýrar og árangursríkar aðgerðir ef halda á áfram með sauðfjárbúskap í Finnafirði. ***– Framhald bls. 34***



Anita Reimarsdóttir, Dagrún Þórisdóttir með Sigurjón, son Anitu, í fanginu, Helga Björg Reimarsdóttir og Reimar Sigurjónsson.

Samfélagsleg áhrif geta orðið alvarleg

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, segir að sveitarfélagið líti stöðuma mjög alvarlegum augum. Það sé augljóst að tuga prósenta lækkun á afurðaverði hafi mikil og jafnvel óafturkræf áhrif á byggð á svæðinu sem og í öðrum héruðum hvar fjárbúskapur er ráðandi. Hann segir að samfélagsleg áhrif geti orðið mjög alvarleg svo ekki sé fastar að orði kveðið.

„Ég tel mjög bagalegt að ekki hafi tekist samkomulag um aðgerðir til hjálpar fjárbændum áður en ríkisstjórnin sprakk. Af sjálfu leiðir að ég tel ákaflega mikilvægt að nýtt þing grípi þegar til aðgerða þá það kemur saman að afloknum kosningum. Þær aðgerðir verða að vera samsettar af bráðaaðgerðum vegna lækkunar afurðaverðs í haust sem og áætlun um aðgerðir til lengri tíma.

Ekki getur gengið að bændur séu á hverju hausti settir í þá stöðu að afurðastöðvar geti kippt stoðum undan rekstri fjárbúa með litlum sem engum fyrirvara,“ segir Elías.

Hann segir það sína skoðun að í landinu sé í raun ekki rekin byggðastefna þó að Byggðastofnun sé að standa sig eins og hægt er ásamt öðrum þeim stofnunum sem um véla.



Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar.

„Vandinn fellst að mínu mati í stefnuleysi og lausatökum Alþingis sem og stjórnmálafólks, skorti á langtímastefnu og langtíma markmiðum settum af því fólki sem við kjósum til að fara með stefnumótun og löggjafarvald. Stefnumótun sú sem ég tel nauðsynlega þarf að ná yfir skemmri og lengri tíma.“

Elías segir að stefnumótun þurfi að vera hafin yfir flokkapólitík, kjörtímabil þingmanna og daglegt þvarg. Ef ekki tekst að mynda langtímasýn til handa íbúum landsbyggðar þá mun landsbyggðin smátt og smátt missa afl og á endanum mun byggð leggjast af. Eitthvað sem er með öllu óásættanlegt.

Hér býr ungt og kraftmikið fólk

„Í sveitunum hér í kring býr margt ákaflega ungt kraftmikið, vel menntað fólk sem valið hefur sér það starf að reka fjárbú. Þetta kraftmikla fólk hefur fjárfest í löndum, húsum og vélbúnaði ásamt og að hafa fjárfest í ræktunarstarfi. Það væri þyngra en tárum taki ef samfélagið á Íslandi heykist á því að standa með þessu fólki nú þegar afurðastöðvar einhliða kippa undan fólkinu fótunum,“ segir Elías og augljóst að hann hefur áhyggjur af stöðu mála.

„Í mínum huga þarf einnig að horfa til afurðastöðva og reksturs þeirra, þar tel ég mikið rúm til úrbóta og mörg tækifæri til þess að gera betur í verkun og framsetningu afurða. Á landsbyggðinni eru fjölmörg tækifæri og miklar auðlindir bæði í fólkinu sem þar býr og landinu sem það yrkir. Okkur Íslendingum ber að standa vörð um það fólk sem nú upplifir þrengingar vegna ástæðna sem erfitt er að kenna þeim um.“ */GBJ*





Á þessu svæði munu menn lifa af

Sigurður Þór Guðmundsson, sauðfjárbóndi og oddviti í Svalbarðshreppi, telur að ef draga eigi úr framleiðslu þá þurfi allir að taka sig saman um að draga úr og spara. Það eina sem hægt sé að gera þegar tekjurnar minnki er að minnka útgjöld um leið.

„Menn verða að nota öll þau tækifæri sem þeir hafa til hins ýtrasta aðhalds, það hefur sýnt sig undanfarin ár að slík tækifæri finnast, það sýna greiningar að það er himinn og haf á milli bænda á milli útgjalda og tekna, á sambærilegum búum, menn verða að nota sér það, það er ekkert val.“

Sigurður segir að þær tillögur sem komið hafi fram síðsumars um mótvægisaðgerðir hafi komið allt of seint fram, það hafi ekki skipt neinu máli þannig séð þótt ríkisstjórnin hefði lifað. Hann segir að þessar tillögur hafi ekki verið vel útfærðar og algjörlega óhugsaðar í framkvæmd. Þær hafi í raun boðið upp á sóðabrask í kringum greiðslur fyrir að hætta búskap og sýnt að þessar tillögur hafi í raun verið unnar af fólki sem þekki ekki til. Ef bændur ætli að bregða búi núna þurfi í raun að ákveða það í næstu viku, því eftir það loka sláturhúsin og næsta framleiðsluár hefst. Sigurður telur að það eina sem stjórnvöld geti gert af alvöru núna strax er að hrinda af stað alvöru nýsköpunar- og atvinnuátaki í dreifbýli til að hjálpa fólki að búa til tekjur þar sem greinin sé lögð af stað í djúpan dal og verði þar næstu tvö árin.



Sigurður Þór Guðmundsson, sauðfjárbóndi og oddviti í Svalbarðshreppi.



Katla Bríet Benediktsdóttir á Brúarlandi og Ragnar Geir Axelsson á Gunnarsstöðum. Myndir / GBJ

Það eru einstaklingarnir sem skipta máli

Einhverjar hugmyndir hafa verið uppi um að minnka greiðslur til minni búa og svokölluðu „hobbý“ bænda en Sigurður segist blása á þær tillögur. „Þeir eru ekkert minna mikilvægir en hinir, það eru ekki svo margir í þessu að það munar um hvern og einn, alveg sama hvað hann er stór. Við finnum örugglega minna fyrir því ef stóru búin draga saman heldur en frá minni aðilum, því ef þeir gera það þá eru þeir í raun bara hættir. Það eru einstaklingarnir sem skipta máli í þessu.“ Hann segir að sauðfjárbændur ættu að hafna öllum hugmyndum sem lúta að því að mismuna sauðfjárbændum, þetta snúist líka um samfélagslegt mikilvægi einstaklinganna.

Sigurður segist hafa trú á því að á þessu svæði lifi menn af, það þurfi enginn að efast um það. Búskapur sé vel staddur og flestir munu komast í gegn þótt það verði ekkert endilega auðvelt. Aðspurður um skilgreiningu á búfjárræktarsvæðum og svæðisstuðning segir hann að það virðist vera pólitískur vilji fyrir því að lýsa sum svæði háð sauðfjárrækt og fái þá meiri stuðning, og þeir geti auðvitað ekki annað en verið hlynntir því sem sauðfjárræktarhérað.

Evrópa er full af kjöti

Í stóra samhenginu segir Sigurður að rót vandans liggi í því að Evrópa sé full af kjöti í kjölfar Rússabanns við innflutningi, þar hafi markaðir lokast fyrir milljónir tonna af kjöti. Þá hafi Norðmenn einnig hætt að kaupa, sem og Spánverjar, og lokun þessara markaða hafi mikil áhrif. Að vinna nýja markaði taki tíma, oftast einhver ár, og það sé vinna sem sé komin stutt á leið þótt sala á Bandaríkjamarkað sé að ganga ágætlega. Þá sé það einnig þannig að Ísland sé háverðsmarkaður, og með innflutning í kjöti frá öðrum löndum sé flott viðskiptalíkan í því að flytja ódýrt inn og selja á íslensku verði. Til dæmis sé mjög algengt að áleggstegundir séu ekki merktar með upprunalandi af kjöti og því erfitt að festa reiður á hversu mikið þetta sé.

Lifa á meðan bankinn leyfir

Þótt Sigurður sé bjartsýnn á að sauðfjárbú í sinni sveit haldi velli þá segir hann það vissulega áhyggjuefni hvaða áhrif þessar þrengingar hafi á skuldsett bú. Þau lifi í raun bara á meðan bankinn leyfi þeim að lifa, þar sem hagur bankans liggi sjaldnast í því að láta þetta velta yfir.

Hann segir að það hjálpi bændum á svæðinu að geta fengið uppgrip í vinnu þar sem sjávarútvegurinn er sterkur á Þórshöfn og menn verði auðvitað að nota sér það þegar hart sé í ári. Þá sé einnig urmull af tækifærum sem hægt sé að grípa en þar þurfi stuðning við í nýsköpun til að hugmyndir komist í framkvæmd.

Ljósleiðari er nýlega kominn í Svalbarðshrepp og þar liggi ákveðin tækifæri. Hann segir það í raun grimmilegast að verr stödd svæði fari illa út, sem séu fólkslega veik og þar sé hætta á keðjuverkun. Þar hjálpi ekki til að niðurskurður hjá stofnunum eins og Landbúnaðarháskólanum geri það að verkum að mennta- og fræðasamfélagið sé ekki í stakk búið til að byggja undir greinina og styðja þannig við þá nýsköpun og þjónustu sem strjálbýlið á að skila. */GBJ*

Búvörusamningurinn sneri öllu við

Benedikt Líndal Jóhannsson og Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir keyptu sauðfjárbúið Brúarland í Þistilfirði af foreldrum Ólínu árið 2012. Þá höfðu þau verið búsett í Mosfellsbæ, með fyrirtækjarekstur, en ákváðu að venda sínu kvæði í kross og gerast bændur. Þau vinna þó bæði nær fulla vinnu utan búsins.

Í sumar var góð spretta á Brúarlandi og aldrei verið heyjað jafn mikið. Þar munaði nokkuð um nýrækt sem gaf vel af sér. Benedikt segir að hann horfi því fram á að þurfa ekki að kaupa mikinn áburð og komist af með að slá minna næsta sumar.

Í ár eru þau að fara með um 300 lömb á sláturhús og eru með um 240 kindur á vetrarfóðrum. Ólína starfar við kennslu í Grunnskólanum á Þórshöfn og Benedikt er skólabílstjóri og með fyrirtæki í kringum það. Það er því nóg að gera. Benedikt segir að þær forsendur sem þau gáfu sér þegar þau keyptu búið séu algjörlega brostnar.

Til að byrja með hafi búvörusamningurinn snúið öllu við þar sem hann sjái fram á að velta af búinu minnki um 20–25%, og núna hafi þessi lækkun á afurðaverði málað yfir restina.



Benedikt og Ólína með börnum sínum, Kötlu Bríeti og Jóhannesi Líndal.



Eggert Stefánsson og Hjördís Matthilde Henrikssen, bændur í Laxárdal, ásamt börnum sínum, Friðgeiri, Kristínu og Arnari. Eggert tók við búi af foreldrum sínum og heldur við margra kynslóða búsetu og sauðfjárbúskap á jörðinni.



Vilborg Stefánsdóttir frá Laxárdal, búsett á Þórshöfn og Sigríður Jóhannesdóttir á Gunnarsstöðum, en þær fluttu báðar heim á æskuslóðir að námi loknu.



Nágrannabændur í Þistilfirði, Hildur Stefánsdóttir í Holti og Úlfhildur Ída Helgadóttir á Ytra-Álandi.

Legg ekki í að stækka búið

Þegar þau tóku við búi þurfti ýmislegt að gera, dytta að húsum og girðingum, kaupa ærgildi o.fl. þannig að það hefur í rauninni þurft að borga með rekstrinum. Benedikt segir þau heppin að því leyti að hafa komið nokkuð fjársterk inn í reksturinn með sölu á fyrirtækjarekstri sem þau áttu fyrir. Það hafi þó verið svoleiðis fyrstu árin að hann hafi unnið mikið, tekið vaktir eins og hann gat á loðnu og síldarvertíðum á Þórshöfn til að geta borgað inn á lánin og minnkað vaxtagreiðslur. Þannig hafi því reksturinn verið að komast í ágætt horf í fyrra áður en þessir skellir hafi orðið í greininni.

Hann segist ekki leggja í að stækka búið eins og hugsunin hafi verið í upphafi, það væri alveg í baklás eins og staðan er í dag. Sjálfur er hann alinn upp á sauðfjárbúinu Efri-Núpi í Miðfirði í Vestur-Húnaþingi og unir því hag sínum vel í sveitalífinu. Hann segist aðspurður ekki hafa miklar áhyggjur af sauðfjárbúskap í Þistilfirði í heild, þar séu sterk bú og rótgrónir heimamenn á flestum bæjum en auðvitað séu aðilar inn á milli sem séu lausari fyrir og það sé alltaf ógn við heildina ef þeir bregði búi.

Fjármagnið í greininni of dreift

Benedikt hefur áhyggjur af því að



Sigríður Ósk Indriðadóttir og Krzysztof Krawczyk, bændur í Miðfjarðarnesi í Bakkafirði, ásamt börnum sínum, Jódísi, Gabríel og Alexander. Þau tóku við búi af foreldrum Sigríðar en það er annað af tveimur sauðfjárbúum sem eftir eru í Bakkafirði, sem áður var blómlegt sauðfjárræktarsvæði.

Þess má geta að höfundur þessarar umfjöllunar um unga bændur í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir frá Gunnarsstöðum, er af þessari sömu kynslóð. Hún flutti líka heim eins og þessir æskufélagar hennar að loknu námi.



Það vantar ekki næstu kynslóðina til að taka við af ungu bændunum. Hér eru Ragnar Skúlason og Úlfhildur Ída Helgadóttir, bændur á Ytra-Álandi, með dætur sínar, Þóreyju og Láru.



Axel Jóhannesson og Vala Friðriksdóttir á Gunnarsstöðum græja pylsur fyrir gestina.

það verði engin nýliðun í greininni og segir að eitt af því sem þurfi að skoða sé dreifing á því fjármagni sem rennur til sauðfjárræktar. Það séu ansi margir bændur með mjög lítinn fjárstofn sem fái styrktargreiðslur, en séu að vinna fulla vinnu með og því í raun með þetta eingöngu sem áhugamál. Það þurfi frekar að styrkja betur við sauðfjárbændur sem hafa þetta sem aðalvinnu og eru að leggja fjárfestingar í sinn búrekstur.

Sjálfur segist hann hafa fjárfest lítið í tækjum, keypt eina sæmilega dráttarvél og viðhaldið öðrum tækjum sem fyrir voru, en þeir sem þurfi að fjárfesta í dýrum heyvinnutækjum séu oft að skuldsetja sig, sem komi sér afar illa núna. Benedikt segir að það sé ekki flókið reikningsdæmi að sjá það út, sama hvaða rekstur menn eru með eða sem launþegar, að tekjurnar eigi að aukast samhliða verðþróun, en í sauðfjárrækt stefnir þetta í þveröfuga átt. Það sé algjörlega órekstrarhæft á hreinni íslensku. Honum list illa á pólitíkina í þessu eins og hún er í dag, það sé verið að vinna stórskaða með stefnuleysi og það virðist vera sem ákveðnir aðilar vilji bara hreinlega ekki halda þessu úti. Það verði að grípa til aðgerða strax, sama hvað endurskoðunarákvæði búvörusamningsins árið 2019 líður, þar sem forsendur samningsins séu hvort sem er brostnar. Þar þurfi að koma með ákveðnar og skýrar aðgerðir, þannig að þeir sem séu tvístígandi með framhaldið geti tekið ákvörðun núna, og hinir vitað hvað framundan er.

/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir


Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

IS HURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR
www.ishurdir.is
✔ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
✔ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
✔ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
✔ ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
✔ HÁGÆÐA HRÁEFNI
✔ ÞOLA VEL ÍSLENSKT VEÐURFAR
✔ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
ÝMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR
YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

STÍLHREINAR FYRIR BÍLSKÚRINN BÍLSKÚRSHURÐIR

ÖFLUGAR FYRIR IÐNAÐINN IÐNAÐARHURÐIR

FÁÐU HEIMSÓKN
SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STAÐINN, VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERIR ÞÉR VERÐTILBOÐ.
VINSAMLEGAST ÓSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SÍMA 865-1237 EÐA Á logi@ishurdir.is
IS HURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is
HAFÐU SAMBAND
✔ IS Hurðir ehf.
✔ Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
✔ Sími: 564 0013
✔ logi@ishurdir.is / 865 1237
✔ www.ishurdir.is


plettac distribution
Plettac vinnupallar til sölu.
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.
VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Útvegum olíuverk og spíssa í flestar gerðir véla

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Nanna Rögnvaldardóttir leggur til atlögu við lambakjötsfjallið:

Möguleikarnir eru svo margir

– Fór í rúmlega mánaðar átak og eldaði nánast eingöngu úr kinda- og lambakjöti

Nanna Rögnvaldardóttir er áhugafólki um matreiðslu að góðu kunn, en hún er höfundur margra matreiðslubóka og svo skrifar hún af mikilli ástríðu um mat á bloggi sínu, nannarognvaldar.com. Nýliðinn septembermánuð – og rúmlega það – lagði hún nánast eingöngu undir uppskriftir sem innihalda hráefni úr lamba- og kindakjöti. Hún segist gera þetta stundum þematískt með þessum hætti; eldi til dæmis eingöngu fisk í febrúarmánuði og kallar það fiskbrúar.

„Svo þegar umræðan um kjötfjallið hófst, þá fannst mér að ég gæti nú kannski lagt eitthvað af mörkum til að hvetja fólk til að borða meira lamba- og kindakjöt og gera því það auðveldara líka. Ég hafði verið að tuða yfir því árum saman við ýmsa aðila, með litlum árangri að mér fannst, að það þyrfti að gera eitthvað til að færa framboð og markaðssetningu á lambakjöti nær nútímaneytendum og gera það að raunverulegum valkosti fyrir fólk sem stendur í búðinni klukkan hálfsex á þriðjudegi og vantar eitthvað í kvöldmatinn. Bjóða upp á ófrosna bita, ekki of dýra og ekki í of stórum skömmtum; eitthvað sem gæti keppt við kjúkling eða nautahakk eða svínagúllas og annað þess háttar. Ég er sjálf yfirleitt að elda fyrir einn eða tvo og fannst ég oft ekki finna neitt annað lambakjöt en lambafillet eða aðra fína og dýra bita – sem vissulega eru góðir – eða þá kryddlegið grillkjöt, sem ég kaupi ekki því ég vil krydda kjötið mitt sjálf og ekki láta bjóða mér eitthvað sem er löðrandi í rauðleitri maríneringu með óljósu innihaldi," segir Nanna um tilefnið að þessu átaki.

„Nú tek ég fram að búðir hafa staðið sig misvel í þessu og sums staðar hefur verið þokkalegt úrval, en auðvitað versnaði ástandið mikið þegar flestir hættu að vera með kjötborð og fóru að selja einungis forpakkað kjöt úr kæliborðum.

En svo rann upp fyrir mér að það er ekki nóg að tuða. Ef á að breyta einhverju þarf að koma til samhliða átaks. Afurðastöðvar og kjötvinnslur þurfa að bjóða upp á hentuga bita í aðlaðandi umbúðum, verslanir þurfa að hafa þá í sölu, neytendur þurfa að kaupa þá og svo þurfum við, matreiðslubóka- og uppskriftahöfundar, að setja fram uppskriftir sem fólki þykja spennandi. Það er ekki nóg að bjóða upp á kjötið ef fólk veit svo ekki hvað það á að gera við það. Og það var nú kannski aðalástæðan til þess að ég ákvað að elda ekkert kjöt nema lambakjöt í einn mánuð. Réttirnir urðu reyndar fleiri en ég hef þegar birt uppskriftir að, ég á nokkrar á lager. En ég einbeitti mér að uppskriftum af því tagi sem mér fannst helst vanta – engin heil læri eða hryggir og hvorki lambafillet né lundir. Það er nóg til af slíkum uppskriftum – til dæmis eldri uppskriftir á blogginu mínu," segir Nanna.

Hefur dálæti á lambahakki

Nanna er úr sveit og ólst að miklu leyti upp á lambakjöti. „Ég hef alltaf haldið mikið upp á það en hef kannski notað það minna en áður síðustu 10–15 árin vegna þess að mér hefur ekki þótt framboðið svara þörfum mínum. Það tengist því líka hvað kjötborðum í reykvískum verslunum hefur fækkað.

Ég hef alltaf haft dálæti á lambahakki en það hefur varla fengist nema frosið og þá oft bara í eins kílós pakkningum og það hentar mér ekki. Þannig að ég var



Nanna Rögnvaldardóttir.



Nýja bókin.

afskaplega glöð þegar það fór að sjást ófrosið í verslunum í haust; ég hef notað það í marga rétti síðan og vona að framhald verði á framboðinu. Það hentar svo vel í marga góða rétti, bollur, buff, kjöthleifa, bökur, allt mögulegt. Ég er líka mikið fyrir lambabóg og finnst gaman að hægelda hann í ofni. Og svo vil ég sjá boðið upp á lambagúllas í stærri bitum, svipað og nautagúllas – en reyndar í minni bitum líka því þeir henta vel í snöggsteikingu, til dæmis í austurlenska woksteikta rétti, karrírétti og fleira. Möguleikarnir eru svo margir. – Og ekki má gleyma kindakjötinu, það er oftast bragðmeira en lambakjötið og er besta kjötið í ýmsa rétti."

Grilluð svið

„Ég er mjög hrifin af tyrkneskri, miðausturlenskri, arabískri og norðurafrískri matargerð og í þessum heimshluta er mikil lambakjötshefð og margir frábærir réttir sem ástæða er til fyrir fólk að skoða betur. Ýmsar af uppskriftunum sem ég hef verið að birta hafa verið ættaðar þaðan og ég nota mikið kryddtegundir af þessu svæði sem mér finnst fara vel með lambi, til dæmis kóríanderfræ, kummin og dálítið af kanil eða engiferdufti, sem getur passað mjög vel í lambakjötsrétti," segir Nanna sem gefur uppskrift að slíkum rétti hér á síðunni.

„Hvítlaukur á líka oft vel við en það er svo sannarlega hægt að elda lamb án þess að hafa hvítlauk í réttinum – svona fyrir þá sem ekki kunna að meta hann. Og svo ýmsar kryddjurtir, eins og rósmarín, timjan og minta. En lambakjöt er bara svo skemmtilegt hráefni sem hægt er að gera svo ótalmargt við.

Svo er ég reyndar afskaplega hrifin af innmat og finnst gaman að prófa mig áfram með óvenjulega hluti þar. Snöggsteikja lambahjörtu, til dæmis, eða grilla svið."



Norður-afrískir og arabískir lambapottréttir eru í sérstöku uppáhaldi hjá Nönnu. Þessi réttur er í nýju bókinni.

Marokkóskur lambapottréttur

Fyrir 4

Marokkóskur og norður-afrískur matur nýtur vinsælda víða og ekki að ástæðulausu, hann er gjarna vel kryddaður, ilmríkur og auðvitað bragðgóður, og eldamennskan getur verið mjög einföld.

Í Marokkó væri réttur af þessu tagi líklega eldaður í tagínu, grunnum leirpotti með háu, keilulaga loki, en það er auðveldlega hægt að elda flesta tagínurétti með góðum árangri í venjulegum járnpotti.

- 700 g lambakjöt (meira ef það er á beini)
- pipar
- salt
- 2 msk. olía
- 2 laukar
- 2–3 gulrætur
- 100 g þurrrkaðar apríkósur
- 2 tsk. kummin
- 2 tsk. kóríanderduft
- 1 tsk. túrmerik
- ¾ tsk. kanell
- 100 ml tómat-chilisósa, harissa eða önnur sterk tómatsósa
- klípa af chiliflögum, eða eftir smekk
- 400 ml vatn
- 1 dós baunir, t.d. cannellini- eða kjúklingabaunir
- 50 g möndlur, heilar
- e.t.v. saxað kóríanderlauf

Hitaðu ofninn í 170 °C. Taktu svo kjötið (t.d. framhrygg eða bóg), þerraðu það með eldhúspappír, skerðu beinin frá ef einhver eru, skerðu það í litla munnbita og kryddaðu það með pipar og salti. Hitaðu 1 msk. af olíu í steypujárnspotti og brúnaðu kjötið, helminginn í senn, við góðan hita, taktu það upp með gataspaða og settu til hliðar.

Skerðu laukinn smátt og gulræturnar í sneiðar. Grófsaxaðu apríkósurnar. Bættu olíu í pottinn og steiktu laukinn við meðalhita í 5–6 mínútur, þar til hann er farinn að mýkjast. Stráðu kummini, kóríander, túrmeriki og kanel yfir og hrærðu saman. Hrærðu svo tómatsósunni saman við, ásamt chiliflögum (þeim má sleppa ef notuð er sterk chilisósa eins og harissa) og pipar og salti. Bættu gulrótunum í pottinn og síðan kjötinu og apríkósunum. Helltu vatni yfir, hitaðu að suðu, settu þétt lok á pottinn og settu hann í ofninn.

Taktu pottinn út eftir hálftíma, helltu leginum af baununum og hrærðu þeim saman við ásamt möndlunum. Bættu við svolitlu vatni ef vökvinn í pottinum hefur minnkað mikið. Settu pottinn aftur í ofninn og láttu malla í hálftíma í viðbót. Taktu pottinn þá út, smakkaðu og bragðbættu með pipar og salti eftir þörfum, stráðu e.t.v. kóríander yfir og berðu fram.

Pottur, panna og Nanna

Nanna er nýbúin að gefa út matreiðslubók sem heitir Pottur, panna og Nanna, þar sem hægeldaður matur í pottum, pönnum úr steypujárni er fyrirferðarmikill. „Ég er með uppskriftir að nokkrum hægeldaðum lambakjötsréttum í nýju bókinni minni; lambabóg og læri, pottréttir, lambaleggir – þeir henta einmitt sérlega vel til hægeldunar og ég hefði líklega getað gert heila matreiðslubók með eintómum hægelduðum lambaleggjum.

Svo lét ég kótelettuuppskrift fylgja, svona fyrir þá sem vilja grilla eða steikja en hafa ekki áhuga á einhverju forkrydduðu – það er nefnilega afskaplega lítil fyrirhöfn að marínera kjötið sjálfur og þarf ekki að taka langan tíma. Og svo er reyndar einn karabískur geitakjötsréttur, sem ég tek þó fram að megi alveg eins nota lamba- eða kindakjöt í," segir Nanna.

Fjórir ólíkir réttir úr einu læri

Mikið hefur verið rætt um hið svokallaða lambakjötsfjall í haust – og margir hafa velt því fyrir sér hvaða hlutar skrokksins séu í því aðallega – og meðal annars hefur Nanna spáð í það á blogginu sínu. Fram hefur komið hjá sláturleyfishöfum að „fjallið" sé að langmestu leyti samsett úr frampörtum og lærum.

„Ég byrjaði nú eiginlega þetta lambakjötsátak mitt á því að kaupa lambalæri, skera það niður og hafa það í matinn fjóra daga í röð – fjóra býsna ólíka rétti. Svo að ég held að kjötvinnslur ættu að geta gert eitthvað slíkt líka við stóru lærin sem mér skilst að seljist illa. Það sést reyndar á því sem Icelandic lamb er að gera með þessu átaki fyrir útlendinga að þetta er hægt – fín vara, passleg stærð, flott framsetning – nema allt á ensku. Ég skil alveg af hverju það er, en þetta er nákvæmlega það sem ég og aðrir hafa verið að kalla eftir.

Sama með frampartana, það hlýtur að vera hægt að gera fleira við þá. En það væri í sjálfu sér mikil framför ef eitthvað væri gert til að fólk hætti að líta á súpukjöt sem samansafn af frosnum, mjög misjöfnum bitum sem hent er ofan í plastpoka. Já, þetta er ódýrt, en ég veit um marga sem væru til í að borga töluvert hærra verð fyrir valda bita, beina- og fituminni, sem væri pakkað þannig að maður sæi alla bitana í pakkanum og vissi hvað maður væri að kaupa. Og ekki bara saga frampartinn eða lærið í þunnar sneiðar, maka þeim upp úr söltum kryddlegi fullum af aukaefnum, vakúmpakka og selja sem grillkjöt. Það er nóg af slíku nú þegar á markaðnum fyrir þá sem vilja," segir Nanna.

Verslanir hafa lært af Costco

Nanna telur að kannski hafi hún ákveðið að fara af stað með átakið eftir að hafa farið með syni sínum í Costco. „Hann ætlaði að elda miðausturlenskar kjötbollur fyrir matarboð þá um kvöldið og vantaði lambahakk. Ég sagði honum að líklega fengi hann það hvergi nema frosið og þá verður þú of seinn. Ég sagði honum að líklega þyrfti hann að nota blöndu af nauta- og svínahakki. Um leið og ég sleppti orðinu kom ég auga á lambahakk í 2,5 kg umbúðum í kjötkælinum og taldi þrjár slíkar pakkningar í næstu innkaupakerrum. Og þá fór ég að hugsa; ef Costco getur selt ófrosið lambahakk og það rennur út, hvers vegna hefur það þá verið nær ófáanlegt í íslenskum verslunum óralengi?

Costco er að gera ýmislegt gott, þeir koma að þessu á sínum forsendum og eru ekkert bundnir af því hvernig þetta hefur lengi tíðkast hér. Ég hef – og margir aðrir – lengi talað um að kótelettur séu of þunnt skornar en lítið orðið ágengt; allt í einu er fólk farið að tala um Costco-kótelettur. Gallinn er auðvitað að þetta er selt í stórum pakkningum. En þetta er sama kjötið og þess vegna ætti ekki að vera erfitt fyrir aðra að læra af þeim. Sem mér sýnist reyndar að sé byrjað að gerast."

/smh

Stöndum með íslenskum landbúnaði!

Enn á ný stendur þjóðin frammi fyrir alþingiskosningum og fjöldi frambjóðenda er að hefja snarpa kosningabaráttu. Bændasamtök Íslands vilja hvetja sína félagsmenn til þess að ræða við fulltrúa allra stjórnmálahreyfinga um málefni landbúnaðarins.

Síðustu mánuði hafa sauðfjárbændur leitað leiða með stjórnvöldum til þess að bregðast við tekjusamdrætti vegna verðlækkana á sauðfjárafurðum. Allt horfði í samkomulagsátt þegar ríkisstjórnin sprakk og þar með voru málefni sauðfjárbænda komin á ís. Það er forgangsmál að ný ríkisstjórn takist á við fordæmalausar aðstæður sem greinin stendur frammi fyrir í samvinnu við bændur.

Bændasamtökin leggja höfuðáherslu á að íslenskur landbúnaður eflist á komandi árum. Hann er hornsteinn byggðanna og hefur víðtæk margfeldisáhrif í atvinnusköpun um allt land.



Mál sem brenna á bændum

Bætum kjörin

Kjör bænda eru þeirra stærsta hagsmunamál. Að fá sanngjarnt endurgjald fyrir sínar vörur er lífsspursmál fyrir alla sem koma að matvælaframleiðslu. Íslenskir bændur keppa ekki við þjóðir þar sem áherslan er lögð á stórrekstur í landbúnaði. Okkar styrkleiki felst í gæðunum og því að geta framleitt búvörur við góð skilyrði.

Búvörusamningar

Markmið búvörusamninga eru að auka verðmætasköpun, treysta byggð og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Í núgildandi búvörusamningum eru endurskoðunarákvæði þar sem bændur og stjórnvöld geta uppfært markmið og efni samninganna. Endurskoðun verður árin 2019 og 2023.

Hvað þarf að metta marga munna?

Grunnspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir nærri 440 þúsund íbúum á Íslandi árið 2065. Því er spáð að árið 2065 komi um 5 milljónir ferðamanna til landsins. Þessar tölur sýna svart á hvítu að hér þarf að framleiða eða flytja inn meiri mat. Sterkur innlendur landbúnaður gegnir lykilhlutverki við að mæta aukinni þörf fyrir matvæli.

Fjárfestingar í landbúnaði

Bætt aðgengi að lánsfjármagni á hagstæðum kjörum er eitt mikilvægasta atriðið við nýliðun og uppbyggingu í landbúnaði. Framundan er veruleg endurnýjunarþörf á framleiðsluaðstöðu margra búa, samhliða aukinni eftirspurn eftir ýmsum framleiðsluvörum landbúnaðarins.

Nýsköpun og þróun

Þekking, reynsla, sérhæfing og fagmennska er lykillinn að blómlegum landbúnaði. Uppbygging landbúnaðarháskóla er bændum mikilvæg og grunnur að því að byggja atvinnugreinina upp til framtíðar. Nýjar búgreinar og fjölbreyttar áskoranir krefjast aukinnar þekkingar, rannsókna og þróunar. Góðar samgöngur, fjarskipti og raforka gegna mikilvægu hlutverki.

Aðbúnaður og velferð dýra

Á Íslandi er í gildi mjög framsækin löggjöf um aðbúnað og velferð dýra sem í sumum tilfellum gengur lengra en í samkeppnislöndunum. Bændur vilja standa undir því trausti sem neytendur hafa sýnt þeim og það þýðir að dýravelferð verður að vera í fyrsta sæti.

Hreinar vörur

Keppikefli íslenskra bænda er að framleiða gæðavörur. Sýklalyfjanotkun í íslenskum landbúnaði er ein sú minnsta í Evrópu. Við erum heppin að þurfa ekki að nota varnarefni í okkar ræktun í sama mæli og þjóðir sunnar í álfunni.

Upprunamerkingar á matvörum

Íslenskir neytendur eiga kröfu til þess að vita hvaðan matvörur koma og hvort þær eru framleiddar á heilnæman hátt í sátt við náttúru og samfélag. Sama á að gilda um innlendar og erlendar matvörur.

Áskoranir í matvælaframleiðslu og umhverfismálum

Nýjar áskoranir blasa við matvælaframleiðendum um allan heim sem þurfa að bregðast við aukinni eftirspurn eftir mat og breyttum umhverfisþáttum. Íslenskir bændur vilja nýta auðlindir landsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Umræðu um loftslagsmál þarf að efla á Íslandi og bregðast við þeim vandamálum sem steðja hratt að heimsbyggðinni í kjölfar hlýnunar jarðar.

Fylgstu með bændum á **Facebook**, á **bondi.is** og **bbl.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Verðmæti landbúnaðarframleiðslu

Heildarframleiðsluvirði búvöruframleiðslunnar árið 2016 var **65,9 milljarðar króna.**

10.375 tonn
af kinda- og lambakjöti

9.014 tonn
af alifuglakjöti

6.089 tonn
af svínakj0ti

4.386 tonn
af nautakjöti

982 tonn
af hrossakjöti

150 milljón lítrar
af mjólk

14.924 tonn
af grænmeti

Verðmæti útfluttra búvara

Hluti af búvöruframleiðslu íslenskra bænda er fluttur á erlenda markaði. Árið 2016 voru tekjur af útflutningi búvara rúmir **5 milljarðar króna.**

2.796 tonn
af kindakjöti

3.187 tonn
af mjólkurvörum

746 milljóna kr.
verðmæti af minkaskinnum

408 tonn
af hrossaafurðum

3,4 tonn
af æðardúni

Innflutningur á búvörum

Töluverður innflutningur er á búvörum til Íslands og hann hefur aukist hratt á síðustu misserum.

3.161 tonn
af erlendu kjöti, nær allt úrbeinað. Umreiknað með beini um 5.300 tonn.

812 tonn
af kartöflum

1.204 tonn
af tómötum

1.484 tonn
af papriku

795 tonn
af gulrótum

1.317 tonn
af jöklasalati

327 tonn
af ostum

Ríkisútgjöld til landbúnaðar

Útgjöld vegna stuðnings við landbúnað á Íslandi fara lækkandi. Fyrir rúmum 30 árum voru þau **5%** af landsframleiðslu en núna **0,6%**. Heildarútgjöld hins opinbera til landbúnaðar voru **14,9 milljarðar** króna árið 2016. Það eru **1,49%** af útgjöldum ríkisins.

Fjöldi lögbýla og bænda

6.700 lögbýli eru skráð á Íslandi

3.150 bú framleiða vörur af ýmsu tagi

3.900 manns starfa í landbúnaði eða **2%** fólks á vinnumarkaði.

9.000 störf tengjast landbúnaði

Heimildir: Hagstofa Íslands

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Bókin Svarfdælasýsl kemur út um miðjan október:

Kvöldgrúskið vatt upp á sig og varð að heilmikilli bók með svarfdælsku þema

„Þetta litla kvöldgrúsk mitt vatt heldur betur upp á sig," segir Óskar Þór Halldórsson, sem ásamt systkinum sínum, ættuðum frá Jarðbrú í Svarfaðardal, gefur út bókina Svarfdælasýsl nú um miðjan október.

Óskar Þór er höfundur bókarinnar að stórum hluta, en bróðir hans, Atli Rúnar, er einnig höfundur efnis í tveimur köflum. Félag í eigu systkinanna frá Jarðbrú, þeirra Atla Rúnars, Jóns Baldvins, Helga Más, Óskars Þórs, Jóhanns Ólafs og Ingu Dóru Ingibjargar- og Halldórsbarna gefur bókina út, en það hlaut nafnið Svarfdælasýsl forlag sf.

Bókin er 560 blaðsíður og ljósmyndir eru um 500 talsins, fæstar þeirra hafa áður sést opinberlega og margar raunar komið fyrir fárra manna augu þar til nú. Bókin verður kynnt á þremur stöðum í næstu og þarnæstu viku, á Dalvík, Akureyri og í Kópavogi.



„Við sem að útgáfunni stöndum lítum svo á að þetta sé samfélags- og menningarverkefni og erum stolt af því að hafa látið verða af þessu," segir Óskar Þór Halldórsson, sem að stórum hluta skrifaði bókina Svarfdælasýsl sem út kemur um miðjan október.



Þann 24. nóvember 2016 hittist samstarfsfólk úr Landi og sonum og fannst ekki leiðinlegt að rifja upp ýmislegt í tengslum við tökur á myndinni sumarið 1979. Frá vinstri: Ágúst Guðmundsson leikstjóri, Sigurður Sigurjónsson (Einar), Guðný Ragnarsdóttir (Margrét), Jón Sigurbjörnsson (Tómas), Friðrik Stefánsson hljóðmaður og Jón Baldvin Halldórsson, sem vann við gerð leikmyndar. Mynd: Atli Rúnar Halldórsson.

Sögur af Jonna á Sigurhæðum urðu kveikjan að bókinni

Óskar Þór segir að hann hafi fyrir fáum árum farið að safna saman sögum sem sagðar voru af ömmubróður sínum, Jóni Sigurðssyni, Jonna á Sigurhæðum eins og hann var iðulega kallaður. Hann var fæddur og uppalinn á Göngustöðum í Svarfaðardal, einn sjö systkina sem við bæinn eru kennd.

„Það eru margar sögur til af Jonna, hann var mikill húmoristi og ýmis tilsvör hans eru enn höfð á hraðbergi. Ég var farinn að heyra ýmsar útgáfur af þessum sögum og tilsvörum og fór að kanna hvaða útgáfa væri rétt í þeim tilgangi að skrá sögurnar réttar í skjal til varðveislu í tölvunni minni. Lengra átti þetta nú ekki að fara," segir Óskar Þór. Sögur bættust í sarpinn eftir því sem hringt var í fleira fólk og margar sem hann hafði aldrei áður heyrt. „Áður en ég vissi af sat ég löngum stundum á síðkvöldum og skráði sögur af öllum Göngustaðasystkinunum. Og var kominn með dágott safn af sögum af þeim öllum."

Sýndi kvölddundið og teningunum var kastað

Það var svo haustið 2015 sem efnt var til samkomu á Dalvík þar sem þess var minnst að 60 ár voru liðin frá tveimur mannskæðum snjóflóðum sem urðu í Skíðadal. Helgi Aðalsteinsson, bóndi á Másstöðum, fórst 3. nóvember 1955 og Sigtryggur Guðjón Steingrímsson, bóndi á Hjaltastöðum, fórst á Þorláksmessu sama ár. Báðir voru við leit að kindum er þeir urðu fyrir snjóflóðum sem kostuðu þá lífið.

Fátt eitt hafði verið ritað um þessi mannskæðu slys þar til Atli Rúnar tók sig til og skráði söguna en frásögn hans er að finna á vef hans; svarfdaelasysl.com.

„Í framhaldi af þessari minningarsamkomu greindi ég systkinum mínum frá því að ég hefði um skeið dundað mér við að skrá sögur af Göngustaðasystkinum og leyfði þeim að lesa þær. Það þótti öllum ástæða til að fleiri fengju að sjá, því þarna væri margt athyglisvert að finna og eigingirni að halda þessu bara fyrir mig.

Við veltum í sameiningu fyrir okkur næstu skrefum og úr varð að við myndum standa að því saman, Jarðbrúarsystkinin, að gefa sögurnar út á bók ásamt því að víkka verkefnið út og bæta við köflum. Við héldum okkur við heimaslóðirnar, Svarfaðardalinn, og niðurstaðan var sú að ég tók til við að skrifa sögu Húsabakkaskóla, með dyggri hjálp Atla, skólans sem var hjartað í hinu svarfdælska samfélagi þann tíma sem hann starfaði," segir Óskar Þór.

Þriðja kaflann skrifuðu Óskar Þór og Atli Rúnar en í honum er rakin sagan á bak við gerð kvikmyndarinnar Land og synir sem tekin var upp í Svarfaðardal sumarið 1979.



Horft heim til Göngustaða í Svarfaðardal. Málverk sem Jóhann Sigurðsson málaði, líklega í kringum 1930.

Göngustaðasystkinin sjö, goðsagnir í lifanda lífi

Göngustaðasystkinin sjö, sem sum urðu goðsagnir í lifanda lífi, eru í öndvegi í fyrsta kafla bókarinnar en Óskar Þór segir þau öll hafa verið mikla karaktera og af þeim séu enn sagðar sögur og vitnað í tilsvör sem enn lifa. Systkinin voru þau Nunna á Göngustöðum/í Dröfn á Dalvík, Jonni smiður á Sigurhæðum á Dalvík, Engilráð á Bakka, Rannveig á Jarðbrú, Davíð, smiður og harmonikuleikari á Dalvík, Páll málari í Laxamýri á Dalvík og Jóhann smiður á Akureyri.

„Ég hugsa að margt sem þarna er skrifað eigi eftir að koma á óvart. Þetta er saga um birtu og rökkur í



Göngustaðasystkinin sjö. Aftari röð frá vinstri: Ingibjörg Engilráð, Rannveig Anna og Steinunn Guðbjörg. Fremri röð frá vinstri: Davíð Skarphéðinn, Arngrímur Jóhann, Páll og Jón. Myndina tók Ingi Þór Jóhannsson á tröppunum á Göngustöðum.

tilverunni, gleði og sorgir, velgengni og basl, en kannski fyrst og fremst saga um áhugavert fólk sem setti sterkan svip á mannlífið og markaði spor í byggðarlaginu," segir hann.

Húsabakkaskóli í hálfa öld

Skóla- og menningarstarfið í kringum Húsabakkaskóla var nokkuð friðsælt og farsælt í þá hálfu öld sem skólinn starfaði, frá 1955 til 2005. Þó voru skiptar skoðanir í upphafi um staðsetningu hans, þ.e. hvort hann skyldi reistur á Húsabakka í landi Laugahlíðar og Tjarnar eða honum fundinn staður framar í dalnum, á Tungunum. Þá gekk sömuleiðis mikið á þegar ákveðið var að leggja skólastarfið niður á Húsabakka og urðu deilur á stundum harkalegar.

Sjónum er einnig beint að nemendalífinu, birt skrá yfir alla nemendur í Húsabakkaskóla á starfstíma hans, sem og starfsmanna og aðalfulltrúa í skólanefnd Svarfaðardalshrepps. Fjöldi mynda úr skólastarfinu prýðir þennan kafla.

Kvikmyndagerðin létti lundina á óþurrkasumri

Þriðja kafla bókarinnar skrifa Óskar Þór og Atli Rúnar og fjalla þar um kvikmyndina Land og syni, sem að mestu var tekin upp í Svarfaðardal sumarið og um haustið 1979. Rakin er sagan á bak við myndina, en í henni bregður fyrir mörgum leikurum og áhugaleikurum sem fallnir eru frá, auk þess sem myndin er ákveðin heimild um Þinghúsið Grund sem varð eldi að bráð.

„Það var gríðarleg lyftistöng fyrir okkur heimamenn að fá kvikmyndafólkið í dalinn okkar á þessu kalda og blauta sumri, lífið og fjörið í kringum kvikmyndagerðina má segja að hafi bjargað sálarheill okkar og létt lundina á sumri þegar aldrei kom þurrkur," segir Óskar Þór og bætir við að í íslenskri kvikmyndasögu sé myndin merkileg því oft sé talað um hana sem upphaf hins íslenska kvikmyndavors.

Fyrir tilviljun hefðu þeir bræður haft spurnir af dýrmætum ljósmyndum sem leikstjórinn Ágúst Guðmundsson og Sigurður Sverrir Pálsson kvikmyndatökumaður ættu í sínum fórum og margar ekki áður komið fyrir almannasjónir. Við vinnslu bókarinnar hafi síðan fjölmargar aðrar áhugaverðar myndir tengdar kvikmyndagerðinni komið í leitirnar.

Samfélags- og menningarverkefni

„Við sem að útgáfunni stöndum lítum svo á að þetta sé samfélags- og menningarverkefni og erum stolt af því að hafa látið verða af þessu. Við erum, ef svo má segja, að gefa okkar gamla byggðarlagi til baka, í Svarfaðardal ólumst við öll upp og eigum þaðan góðar minningar," segir Óskar Þór.

Vinnsla bókarinnar hefur staðið yfir undanfarin þrjú ár og er vandað til útgáfunnar, bókin er innbundin og á bókarkápu er ljósmynd af Svarfaðardalsmálverki eftir Kristin G. Jóhannsson, myndlistarmann af Göngustaðaætt. Þorleifur Rúnar Örnólfsson braut bókina um og bjó til prentunar.


Bókin verður kynnt og seld á þremur samkomum, í Bergi á Dalvík fimmtudaginn 12. október kl. 20.30, í Norðurslóðasetrinu á Akureyri föstudaginn 13. október kl. 17 og í Salnum (anddyri) í Kópavogi laugardaginn 21. október kl. 16. Einnig verður hægt að nálgast bókina hjá Jarðbrúarsystkinum og stefnt að því að hún verði síðar seld í bókabúðum, en eins verður hægt að panta bókina á vefnum svarfdaelasysl.com. */MÞÞ*

Salerni í Dyrhólaey tekin í notkun

Salerni fyrir ferðamenn hafa verið tekin í notkun í Lágey í Dyrhólaey.

Unnið er að frágangi í kringum salernið þar sem gert er ráð fyrir upplýsingaskiltum og áningasvæði. Aðgangseyrir er 200 krónur og bæði hægt að greiða með korti eða hundrað króna peningum.





Dyrhólaey með auknu fjármagni.

Ný bílastæði kláruð næsta vor

Einnig er unnið að framkvæmdum við ný bílastæði við salernin sem munu leysa af hólmi eldri bílastæði á Lágey. Eldra bílastæði verður fjarlægt og gerður göngustígur frá nýja bílastæðinu að útsýnisstöðum. Gert er ráð fyrir að göngustígurinn verði fær hjólastólum. Klárað verður að ganga frá nýja bílastæðinu næsta vor. Það verður malbikað og rútu- og fólksbílastæði merkt sérstaklega.

Heilsárs landvarsla

Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar sem fagnar því að nú stefni í heilsárs landvörslu í bæ, þar sem straumur ferðamanna á Suðurlandi er nokkuð jafn yfir allt árið," segir í frétt á vef stofnunarinnar. */MÞÞ*

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Skútustaðahreppur:
Biðstaða

Vel var mætt á almennan íbúafund um stöðu fráveitumála í Mývatnssveit en hann var haldinn í Reykjahlíðarskóla nýverið.

Þar var farið yfir umbótaáætlun sveitarfélagsins og rekstraraðila, hreinsistöð í Reykjahlíð, stöðuna á viðræðum við ríkisvaldið og fleira. Framsögumenn á fundinum voru Reynir Sævarsson frá verkfræðistofunni EFLU og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri. Fundarstjóri var Helgi Héðinsson. Fundurinn var hinn fróðlegasti og í lok hans svöruðu Reynir, Þorsteinn og Helgi fjölmörgum spurningum sem brunnu á íbúum vegna fráveitumálanna sem hafa sannarlega verið í brennidepli undanfarin misseri.

Biðstaða

Núna er staðan sú að samningaviðræður við ríkið um aðkomu þess varðandi fjármögnun er í biðstöðu í kjölfar þess að ríkisstjórnin sprakk, raunar sama kvöld og fráveitufundurinn fór fram. Sveitarstjórn átti bókaðan fund með umhverfisráðherra og fjármálaráðherra í síðustu viku en fundurinn var flautaður af. Engu að síður vinnur sveitarstjórn eftir þeirri umbótaáætlun sem lögð var fram í sumar þrátt fyrir að heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hafi hafnað henni á þeim forsendum að hún hafi ekki verið fjármögnuð. */MÞÞ*

www.n1.is facebook.com/enneinn



ENNEMM / SÍA / NM83526

Nú tekur að kólna í veðri



K2 kuldagalli
Vnr. 9616 K2 2001
Vattfóðraður kuldagalli með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hægt að fjarlægja hettuna. Litur: grár/svarur Stærðir: XS-5XL.



Buckler vetrarhanskar
Vnr. 7151 G005 K100
Hlýir, dýfðir nítrilhanskar fyrir veturinn. Henta vel fyrir iðnaðarmenn, verktaka og bændur. Stærðir: 9-11.



Dimex úlpa
Vnr. 9609 6691
Hlý, vattfóðruð úlpa úr polyester og bómull. Létt og lipur með brjóstvösum, m.a. fyrir farsíma. Litur: svartur. Stærðir: S-3XL.



Dimex Basic buxur
Vnr. 9609 620
Góðar vetrarbuxur með vatns- og blettavörn, styrktum saumum og hnjápúðavösum. Til í svörtum lit.



Mobil Delvac XHP ESP 10W-40, 4 l
Vnr. 3020 153122
Syntetísk olía fyrir flestar nýrri gerðir af dráttarvélum. Má einnig nota á eldri gerðir.



Mobilfluid 426, 20 l
Vnr. 706 472120
Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.




Akranes | Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkrókur | Selfoss

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni


Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



Afmyndun kvarna laxa í eldi er tengd vaxtarhraða þeirra og því hraðar sem laxarnir vaxa því líklegra er að þeir missi heyrn.

Heyrnarlausir eldisfiskar

Nýleg rannsókn bendir til að fiskar í eldi geti átt á hættu að missa heyrn vegna aðstæðnanna sem þeir eru aldir við.

Rannsókn á eyrum eldislaxa sem gerð var í Ástralíu sýnir greinilega afmyndun á kvörnum, sem getur leitt til að heyrn fiskanna verður minni og jafnvel að þeir verði með öllu heyrnarlausir. Samanburður á kvörnum villtra og eldislaxa sýna að afmyndunin er mun algengari í eldislaxi en villtu.

Afmyndun kvarnanna er tengd vaxtarhraða laxanna og því hraðar sem þeir vaxa því líklegra er að fiskarnir missi heyrn vegna hennar.

Vöxtur fiskeldis í heiminum er gríðarlegur og sá hluti matvælaframleiðslu sem er í örustum vexti og hátt í 50% af fiski á boðstólum kemur úr eldi.

Í mörg horn er að líta þegar kemur að velferð fiskanna, eldi í takmörkuðu rými, sjúkdómar og lús eru vandamál sem allir sem stunda fiskeldi kannast við. Heyrnarleysi eldisfiska er aftur á móti þáttur sem ekki hefur verið rannsakaður mikið og nauðsynlegt að gæta að honum í eldi. */VH*

Fiskistofa:

Aflahlutdeild stærstu útgerða

Fiskistofa hefur tekið saman yfirlit yfir stærstu útgerðir landsins fiskveiðiárið 2017/2018 hvað varðar úthlutað aflamark og krókaaflamark.

HB Grandi og Samherji eru stærstir með samanlagt 16,6% úthlutað aflamark. Grunnur í Hafnarfirði er stærstur þegar kemur að krókaaflamarki með 4,6%.

Miðað er við stöðu aflaheimilda þeirra útgerða sem ráða yfir mestum aflahlutdeildum 1. september síðastliðinn eftir úthlutun aflamarks við úthlutun á grundvelli hlutdeilda í upphafi fiskveiðiársins 2017/2018. Sambærilegar upplýsingar koma fram um útgerðir sem ráða yfir mestum krókaaflahlutdeildum.

Reiknað í þorskígildum

Úthlutað aflamark fyrirtækis er reiknað til þorskígilda. Þorskígildin sem þannig eru eignuð hverju fyrirtæki eru síðan lögð saman. Útreikningurinn til þorskígilda tekur til allra tegunda annarra en þeirra sem alfarið veiðast utan íslenskrar lögsögu en eru þó kvótabundnar eins og þorskur í Barentshafi og rækja á Flæmingjagrunni eru ekki talin með.

Litlar breytingar eru á hvaða fyrirtæki eru í efstu sætunum frá því sams konar upplýsingar voru birtar í mars síðastliðinn í kjölfar úthlutunar aflamarks í deilistofnum um áramótin og viðbótarúthlutunar á loðnu.

HB Grandi og Samherji stærstir

Eins og undanfarin ár eru HB Grandi og Samherji í tveimur efstu sætunum. HB Grandi er með um 10,4% af en Samherji með 6,2%. Samanlagt ráða þessi tvö stærstu útgerðarfyrirtæki landsins því yfir 16,6% af hlutdeildunum í kvótakerfinu. Í þriðja til fimmta sæti eru Síldarvinnslan í Neskaupstað, Þorbjörn í Grindavík og FISK-Seafood Sauðárkróki.



Úthlutað aflamark fyrirtækis er reiknað til þorskígilda. Þorskígildin sem þannig eru eignuð hverju fyrirtæki eru síðan lögð saman. Útreikningurinn til þorskígilda tekur til allra tegunda annarra en þeirra sem alfarið veiðast utan íslenskrar lögsögu. Mynd /VH

Þegar skoðuð er krókaaflahlutdeild útgerða er Grunnur í Hafnarfirði stærstur með 4,6%, Jakob Valgeir í Bolungarvík en síðan Einhamar Seafood með um 4,1% hvor útgerð.

Reglur og eftirlit með hámarkshlutdeildum


Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má heildaraflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki fara yfir 12% af samanlögðu heildarverðmæti aflahlutdeilda allra tegunda. Þá má aflahlutdeild í þorski ekki fara yfir 12%. Í ýsu, ufsa, grálúðu, steinbít, síld og loðnu má hún ekki fara yfir 20% og í karfa ekki yfir 35%.

Heildarkrókaaflahlutdeild einstakra eða tengdra aðila má ekki fara yfir 5% af samanlögðu heildarverðmæti krókaaflahlutdeilda. Þá má krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki fara yfir 4% í þorski og 5% í ýsu. */VH*

Útflutningsverðmæti þorsks frá 1981 til 2016 hefur stóraukist

Ef horft er til árangurs Íslendinga í aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi er hún mikil hvað varðar verðmætar tegundir eins og þorsks.

Árið 2016 var útflutningsverðmæti landaðs þorskafla Íslendinga 3,15 dollarar á kíló, 4,6 sinnum meira en árið 1981. Þorskaflinn 2016 skilaði 2,6 sinnum meiri verðmætum en 1981, þótt aflinn 2016 hafi einungis verið 57% af afla ársins 1981. Þetta kom fram í máli Önnu Kristínar Daníelsdóttur, sviðsstjóra rannsókna og nýsköpunar hjá Matís, á ráðherrafundi í tengslum við World Seafood Congress sem haldin var í Hörpu fyrir skömmu.



Gríðarleg aukning varð í útflutningsverðmæti þorsks frá 1981 til 2016. Mynd / Matís.

Verð fremur en magn

Árið 2016 öfluðu Íslendingar alls einnar milljón og 67 þúsund tonna, útfluttar sjávarafurðir námu 576 þúsund tonnum. Fyrir hvert útflutt kíló af sjávarafurðum fékkst 2,5 sinnum meira árið 2016 en árið 2003, en það ár var tekin ákvörðun um að auka verðmæti sjávarfangs með rannsóknum og þróun. Þá var ákveðið að huga fremur að verðmætum afurða en magni hráefna.

Þorskurinn verðmætur

Árangurinn er enn meiri sé litið sérstaklega til verðmætustu tegundarinnar, þorksins. Árið 2016 var útflutningsverðmæti landaðs þorskafla Islendinga 3,15 dollarar, 343,59 íslenskar krónur, á kíló sem er 4,6 sinnum meira en árið 1981.

Þorskaflinn 2016 skilaði 2,6 sinnum meiri verðmætum en 1981, þrátt fyrir að þorskaflinn 2016 hafi einungis verið 57% af þorskafla ársins 1981. */VH*

Íslensku sjávarútvegsverðlaunin:

Framúrskarandi fiskvinnsla og framúrskarandi skipstjóri

Verðlaun íslensku Sjávarútvegssýningarinnar 2017 voru veitt í sjöunda sinn í tengslum við Sjávarútvegssýninguna sem haldin var í Kópavogi fyrr í september.

Guðmundur Þ. Jónsson, skipstjóri á Vilhelm Þorsteinsyni EA, hlaut verðlaunin í flokkunum Framúrskarandi skipstjóri. Við afhendinguna kom fram að Guðmundur er einn af reyndustu og farsælustu skipstjórum íslenska flotans og skip undir hans stjórn hafa árum saman skilað mestu aflaverðmæti allra íslenskra fiskiskipa.

Guðmundur hefur stýrt Vilhelm Þorsteinssyni frá árinu 2001 og verið starfsmaður Samherja frá árinu 1986.

Auk þess hlaut Guðmundur Þ. Jónsson, skipstjóri á Vilhelm Þorsteinsyni EA, verðlaunin í flokkunum Framúrskarandi skipstjóri. Við afhendinguna kom fram að Guðmundur er einn af reyndustu og farsælustu skipstjórum íslenska flotans og skip undir hans stjórn hafa árum saman skilað mestu aflaverðmæti allra íslenskra fiskiskipa.

Guðmundur hefur stýrt Vilhelm Þorsteinssyni frá árinu 2001 og verið starfsmaður Samherja frá árinu 1986. */VH*



Guðmundur Þ. Jónsson, skipstjóri á Vilhelm Þorsteinsyni EA, hlaut verðlaunin í flokkunum Framúrskarandi skipstjóri á Sjávarútvegssýningunni 2017. Mynd / Skapti Hallgrímsson

Á FAGLEGUM NÓTUM

Upplýsingar um Bjargráðasjóð

Með XXI. Kafla laga nr. 126/2016 um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, var lögum nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð breytt á þann veg að innheimtu Búnaðargjalds var hætt.

B-deild Bjargráðasjóðs, sem var Búnaðardeild sjóðsins og hafði tekjur að búnaðargjaldi var lögð niður um síðustu áramót, en þar sem búnaðargjald var greitt vegna rekstrar ársins 2016 er litið svo á að rétthafar bóta úr B-deild Bjargráðasjóðs hafi tryggt rétt sinn vegna bóta sem urðu árið 2016. Samkvæmt 19.gr. reglugerðar nr.30/1998 sem gildir um sjóðinn er tekið fram að „Umsókn um aðstoð úr Bjargráðasjóði skal hafa borist sjóðnum innan eins árs frá því tjón varð“

A-deild Bjargráðasjóðs starfar áfram óbreytt fyrst um sinn.

Um hlutverk A-deildar segir svo í 8.gr laga nr. 46/2009 um Bjargráðsjóð, breyttum í XXI. Kafla laga nr. 126/2016

„Hlutverk Bjargráðasjóðs er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara:

a. á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga,sbr. lög um Fasteignaskrá Íslands, og girðingum, túnum og rafmagnslínum er tengjast landbúnaði,

b. á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu,

c. vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Ekki er bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki verið við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónshættu.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á stærri mannvirkjum, svo sem orku- og hafnarmannvirkjum, sjóvarnargörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.“

Anton Torfi Bergsson, *framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs.*

Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

Verið að velta vandanum yfir til næstu ára

„Skagafjörður er eitt öflugasta landbúnaðarhérað landsins og fyrir utan fjölmörg bein störf í héraðinu við landbúnað, þá skapar framleiðslan einnig mörg störf í úrvinnslu landbúnaðarafurða, þjónustu við landbúnað sem og við rannsóknir, þróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu,“ segir í bókun sem samþykkt var á fundi landbúnaðarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem haldinn var nýverið. Fundarefnið var staða sauðfjárbænda.



Skagafjörður. Mynd / HKr.

Nefndin hvetur þá sem hagsmuna eiga að gæta til að taka á hinni grafalvarlegu stöðu sem uppi er í sauðfjárrækt á Íslandi þegar allt að þriðjungslækkun á afurðaverði blasir við sauðfjárbændum.

Afleidd störf fylgja með

Fram kemur í bókun nefndarinnar að verði verðlækkanir að veruleika séu allar forsendur fyrir rekstri sauðfjárbúa brostnar og ljóst að margir sauðfjárbændur munu þurfa að bregða búi. Afleiðingarnar eru jafnframt þær að mun fleiri afleidd störf munu fylgja með þar sem margir byggja afkomu sína af vinnu við afurðastöðvar, matvælarannsóknir og ýmiss konar þjónustu við bændur. Að óbreyttu blasir því við hrun í greininni, fjöldagjaldþrot bænda og stórfelld byggðaröskun með tilheyrandi samfélagslegum áhrifum fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

„Boðaðar aðgerðir landbúnaðarráðherra leysa því miður ekki vanda sauðfjárbænda nema að litlu leyti og ljóst er að verið er að velta vandanum yfir til næstu ára. Nauðsynlegt er að taka á birgðavandanum sem komið hefur til vegna lokana erlendra markaða, m.a. vegna viðskiptabanns á Rússland, vegna Úkraínudeilunnar, sterks gengis krónunnar og tæknilegra hindrana á útflutningi.“

Raunhæfar aðgerðir sem taka heildstætt á vandanum

Að lokum skorar landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar á ríkisstjórn Íslands og sláturleyfishafa að koma til móts við hugmyndir Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands og hvetur til að sammælst verði um raunhæfar aðgerðir sem taki heildstætt á vanda greinarinnar þannig að komið verði í veg fyrir að ein af grunnstoðum byggðar í landinu bresti með tilheyrandi afleiðingum. */MÞÞ*



KYNNINGARTILBOÐ Í OKTÓBER 2017

Fronius TransSteel 2200 ásamt aukahlutapakka
- MIG / MAG, TIG og Pinnasuða
- Einfasa
- 3 ára ábyrgð

Fylgibúnaður í pakka:
- TransSteel 2200 ásamt MIG Barka
- Rafsuðukaplasett
- Vírrúlla 0,8 mm
- Argon/blandgas þrýstijafnari
- Sjálfdekkjandi rafsuðuhjálmur

Verð: 380.000 kr.



JAK RAFSUÐUVÖRUR
ALLT FYRIR MÁLMIÐNAÐINN
JAK ehf. | Dalshrauni 14, Hafnarfirði | 555 2035 | jak@jak.is | www.jak.is
Fronius

Gúmmíbelti frá Linser
til á lager á flestar gerðir minivéla.

Gæða vara á góðu verði!




VÉLAFL
Upplýsingar í síma 693 3210/sigvaldi@velafl.is. Heimasíða www.velafl.is

RAKAHELDIR
FLÚRLAMPAR



RAFVÖRUMARKAÐURINN
við Fellsmúla | 108 Reykjavík | OPIÐ ALLA DAGA

Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!
Trégluggar með eða án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími



Viking
VIKING WINDOW AS

Hafðu samband og fáðu tilboð
Buska ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ
Sími 480-0040 · www.buska.is · sala@buska.is
Buska

JCB skotbómulyftari
531/70



TIL SÖLU

JCB Skotbómulyftari 531/70
Árg. 2013, notkun 790 tímar.
Er með bakkmyndavél. Hægt að kaupa skóflu með.
Toppeintak sem hefur verið hugsað vel um.

Verð 6.900.000 + vsk.
Tilboð 5.900.000 + vsk.

Upplýsingar gefa: Kristján sími 898 5199 og Ásgeir sími 787 3313.

Gamli traktorinn



Þriggja hjóla Saunderson dráttarvél.

Saunderson fyrrum risi á markaðinum

Velgengni Saunderson dráttarvéla á öðrum áratug síðustu aldar var slík að um tíma var fyrirtækið stærsti dráttarvélaframleiðandi í heimi utan Bandaríkjanna.

Herbert Percy Saunderson fæddist á Englandi árið 1869. Hann lauk námi í járnsmíði og flutti til Kanada um skeið og starfaði við landbúnað og sem veiðimaður. Þegar Saunderson flutti aftur til Englands var hann með umboð fyrir kanadíska útgáfu af Massey-Harry dráttarvélum í vasanum.





Sjálfrennireið

Samhliða innflutningi á dráttarvélum frá Kanada hóf Saunderson framleiðslu á ýmiss konar landbúnaðartækjum, vindmyllum, dælum og illgresishreinsibúnaði. Árið 1890 hannaði hann sína fyrstu sjálfrennireið sem var lítill vörubíll með eins strokka vél sem gekk bæði fyrir dísil og bensíni. Afturbekkjunum var snúið með keðjuvélinni og græjan með tvo gíra áfram og einn aftur á bak.

Prufusýning farartækisins á sýningu Konunglegu bresku bændasamtakanna 1989 var heldur endasleppt þrátt fyrir góðan vilja þar sem upp kom vélarbilun í miðri sýningu. Ári seinna, aldamótaárið 1900, sneri Saunderson sér alfarið að hönnun og framleiðslu dráttarvéla.



Saunderson traktorinn

Fyrsta dráttarvélin undir heitinu Saunderson kom á markað 1903. Vélin var á tveimur járnhjólum og áttu vélarnar að koma í staðinn fyrir hesta við landbúnaðarstörf.

Fljótlega sendi fyrirtækið frá sér nýja týpu sem kallaðist Universal Motors og greinilegt á nafninu að Saunderson ætlaði sér stóra hluti. Universalinn var 40 til 50 hestöfl og með drif á öllum þremur hjólunum, tveimur að aftan en einu að framan. Traktorinn þótti vel heppnaður og með mikla dráttargetu og drif sem gat knúið meðalstóra kornmyllu.

Árið 1906 gekk betur hjá Saunders á sýningu Konunglegu bresku bændasamtakanna og Universalinn fékk silfur og 1907 hlaut sama týpa gullverðlaun ítölsku stjórnarinnar fyrir gæði.

Fjármagnstregða og uppsveifla

Eftirspurnin var góð og fljótlega komu fleiri útgáfur af Universal á markað. Þar á meðal voru tvær týpur á fjórum hjólum og með aldrifi. Fjögurra hjólatýpan var með stórum hleðslupalli sem auðvelt var að fjarlægja. Þessar vélar voru eftirsóttar og meðal annars fluttar út til Kanada og Nýja-Sjálands.

Árið 1910 var nafni fyrirtækisins breytt í Saunderson & Gifkins með aðkomu nýrra meðeigenda og fjármagns.



Framleiðslu á eldri týpum var haldið áfram og á sama tíma unnið að hönnun nýtískulegri traktora. Meðal þeirra var lítil týpa Model L, sem var með eins strokka og loftkældri vél og flutningsskúffu sem hægt var að fjarlægja, og stór Model V, 50 hestöfl og með fjögurra strokka vél.

Þrátt fyrir aukið fjármagn harðnaði enn á dalnum hjá fyrirtækinu. Árið 1912 bættist nýr eigandi í hópinn og nafni fyrirtækisins breytt í Saunderson & Mills.

Um svipað leyti var Model G markaðssett og reyndist það söluhæsta dráttarvél fyrirtækisins í langan tíma. Um það leyti sem fyrri heimsstyrjöldin braust út var Saunderson orðinn stærsti framleiðandi í heimi utan Bandaríkjanna. Fyrirtækið skipti aftur um nafn og varð Saunderson Tractor & Implement Co.

Framleiðslu hætt

Þrátt fyrir góðan árangur og mikla sölu á öðrum áratug síðustu aldar stóðust tækniframfarir og verð innreið Fordson dráttarvélanna á markað og framleiðslu Saunderson var hætt skömmu fyrir 1930. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

Ýmiss konar brak skolaði á haf út eftir jarðskjálftann mikla í Japan 2011:

Fjöldi lífvera ferðaðist með plasti og öðru drasli 4.350 mílna leið til Bandaríkjanna

– Vísindamenn óttast áhrif framandi tegunda á lífríkið á vesturströndinni

Ári eftir jarðskjálftann mikla sem varð í hafinu austan við Japan 2011 og skóp gríðarmikla flóðbylgju fór japanskt brak að reka á fjörur á vesturströnd Bandaríkjanna í 4.350 mílna fjarlægð.

Margvíslegt brak rak á haf út eftir flóðbylgjuna sem m.a. stórskemmdi kjarnorkuver í Fukushima. Þar skoluðust líka geislavirk efni í sjóinn og hafa menn því verið að skoða hvort ýmislegt brak sem berst upp í fjörur í Bandaríkjunum kunni að vera geislavirkt. Greint var frá þessu á vefsíðu Popular Science í síðustu viku.

Samkvæmt nýlegri úttekt Science er talið að plast sem skolaðist til sjávar nemi um 4,8 milljónum tonna auk annars braks eins og timburs sem eyðist með tímanum. Plastið rekur nú um Kyrrahafið ásamt öðru braki frá Japan í eins konar ruslaeyjum og á þeim og við þær þrífst lífríki sem á uppruna sinn í Japan.

Flotkví í braki í bandarískum fjörum


Meðal þess sem rekið hefur á fjörur undanfarin ár í Oregon og víðar í Bandaríkjunum er margvíslegt plastdrasl, og stór steinsteypt 188 tonna flotkví fyrir fiskibáta. Flotkvíar af þessari gerð eru mjög vel hannaðar og innihalda m.a. þanplast sem eykur flothæfni þeirra og eru þær sagðar ósökkvanlegar. Þá er plastið í þeim hannað til að endast lengi og þola vel áhrif sólarljóss.

Japönsk yfirvöld lögðu fram um 5 milljónir dollara til NOAA (National Oceanic and Atmospheric Administration) til að fjármagna hreinsun á braki af strönd Bandaríkjanna. Þar er þó aðeins um að ræða hreinsun á litlu broti af öllu því sem skolaðist til sjávar í Japan í flóðinu.

Áfast flotkvínni voru lífverur eins og skeljar, ormar, asískur fjörukrabbi og í henni og við hana voru ýmsar framandi fisktegundir. Óttast vísindamenn að þessar framandi tegundir geti ógnað og breytt lífríkinu við vesturströnd Bandaríkjanna og á strandsvæðum víðar við Kyrrahaf. Reynt hefur verið að hreinsa allt brak og lífverur sem finnast úr fjörum í Washington og Oregon jafnóðum, en eigi að síður sleppa fjölmörg sjávardýr. Haft er eftir James Charlton, sjávarlíffræðingi hjá Williams-Mystic, að um 300 aðkomnar tegundir hafi fundist á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna.



Vísindamaður skoðar japanska flotkví sem rak á land í Washingtonríki í Bandaríkjunum. Mynd / Washington State Fish and Wildlife Department



Fjölbreytt lífríki sem áfast var braki sem barst frá Japan til Bandaríkjanna. Mynd / Hatfield Marine Science Center Oregon State

Segist hann fullviss um að fjölmargar fleiri tegundir hafi komið án þess að hafa uppgötvast.

Dæmi um mikil áhrif aðfluttra lífvera

Charlton segir ómögulegt að segja til um hvort þessar lífverur muni hafa neikvæð áhrif á lífríkið á vesturströnd Bandaríkjanna. Menn hafi þó dæmi um slíkt. Í Oregon uppgötvuðu vísindamenn æta Wakame sjávarþörunga sem voru að yfirtaka lífkerfið í San Francisco-flóa fyrir nokkrum árum. Þessir þörungar eru mikið notaðir í matargerð í Japan og Kína. Voru kafarar fengnir til að uppræta þörungana í flóanum 2009.



Grjótkrabbi er meðal framandi ásækinna lífvera sem hreiðrað hafa um sig við Ísland.

Þá uppgötvuðu menn líka aðkomna litríka Norður-Kyrrahafs sæstjörnu (krossfisk) við strönd Tasmaníu. Þessi lífvera er mjög gráðug og þurftarfrek og er sögð hafa leitt til þess að fiskiðnaðurinn í Tasmaníu hafi tapað sem nemur einum milljarði dollara.

Dæmi um aðkomin sjávardýr í íslensku lífríki

Þess má geta að Íslendingar hafa orðið varir við slíkar innrásir framandi sjávarlífvera á undanförnum árum. Má þar t.d. nefna grjótkrabba sem á sér enga náttúrulega óvini hér við land og breiðist nú hratt út. Hann er sagður éta allt sem að kjafti kemur og þykir mjög góður til átu. Þessi krabbategund er ættuð frá Bandaríkjunum og telja sumir að hún hafi borist hingað með kjölvatni flutningaskipa. Þá má líka nefna Kyrrahafs-hnúðlax eða bleiklax sem mjög hefur orðið vart í íslenskum laxveiðiám um allt land í sumar, laxveiðimönnum til mikils ama.

/HKr.

Ráðstefna um framtíðarstefnu í baráttu gegn eyðimerkurmyndun

Nýlegar var haldið í Mongólíu á vegum Sameinuðu þjóðanna þing þar sem rætt var um framtíðarstefnu í baráttunni við eyðimerkurmyndun.

Stefna í starfi samningsins um varnir gegn myndun eyðimarka, til næstu tólf ára, var til umfjöllunar á þinginu. Meginþema þingsins var að leita leiða til að snúa að endurheimt landgæða og baráttu gegn eyðimerkurmyndun, að draga úr áhrifum þurrka og auka þanþol vistkerfa, að bæta lífsskilyrði samfélaga sem verða fyrir áhrifum eyðimerkurmyndunar og að virkja fjármagn betur í þágu þessara markmiða.

Eyðimerkursamningurinn, eins og samningurinn er oft nefndur, er einn af þremur lykilsamningum Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, sem gengið var frá á Ríó-ráðstefnunni 1992. Hinir eru Loftslagssamningur S.þ. og Samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.



Í öllum heimsálfum verði unnið að verkefnum sem snúa að stöðvun eyðimerkurmyndunar og endurheimt landgæða.

Í fréttá vef umhverfisráðuneytisins segir að í öllum heimsálfum sé unnið að verkefnum sem snúa að stöðvun eyðimerkurmyndunar og endurheimt landgæða og 110 þjóðir hafa nú þegar sett sér markmið um að ná jafnvægi á milli landhnignunar og endurheimtar landgæða árið 2030.

Ísland var með fulltrúa á þinginu sem lauk 16. september síðastliðinn en það var þrettánda aðildarríkjaþing samnings Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun. Þingið var haldið í borginni Ordos í Innri Mongólíu í Kína. */VH*

TRYGG
Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Hafðu samband og kynntu þér
vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

RAFRÆNAR UMSÓKNIR UM JARÐRÆKTARSTYRKI OG LANDGREIÐSLUR

Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur á Bændatorginu föstudaginn 6. október nk.

Í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016, III. KAFLA skulu umsóknum um jarðræktarstyrki og landgreiðslur skilað inn rafrænt eigi síðar en 20. október. **Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.**

Skilyrði fyrir veitingu stuðnings skv. III. KAFLA eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi skv. 12. gr. reglugerðarinnar.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300




Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



RAG - import export · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565-2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
bíður uppá alhliða lausn fyrir
hótelherbergið eða gistiheimilið.



Síðumúla 30 - Reykjavík
Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri
Sími 462 3504



HVAMMSHÓLAR
Sigurður V. Halldórsson, pípulagningameistari, sími 660 4085
NÁTTÚRULEGA VÆNT FYRIRTÆKI

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Fíkjur eru ræktaðar á um 500 þúsund hekturum lands í heiminum og mest er ræktunin í löndunum við Miðjarðarhaf.

Fíkjur – kóngaspörð með blómafyllingu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Búdda öðlaðist hugljómun undir fíkjutré. Adam og Eva notuðu lauf fíkjutrjáa sem klæðaskáp. Blóm fíkjutrjáa eru ósýnileg og frjóvgast inni í ummyndaðri grein af vespum sem nýskriðnar eru úr eggi.

Samkvæmt tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAOSTAD, var heimsframleiðsla á fíkjum árið 2015 um 1,14 milljón tonn og hefur framleiðslan verið stígandi undanfarinn áratug. Fíkjur eru ræktaðar á um 500 þúsund hekturum lands í heiminum og mest er ræktunin í löndunum við Miðjarðarhaf.

Tyrkland framleiðir allra þjóða mest af fíkjum, eða rúm 300 þúsund tonn á ári. Næst á eftir kemur Egyptaland með framleiðslu upp á tæp 180 þúsund tonn, í þriðja sæti er Alsír með tæp 130 þúsund tonn, Marokkó í því fjórða og framleiðir um 128 tonn. Í kjölfarið kom Íran, Sýrland, Spánn, Brasilía og Túnis sem framleiða frá 70 þúsund og niður í um 27 þúsund tonn á ári.

Tyrkland er stærsti útflytjandi á ferskum og þurrkuðum fíkjum í heiminum og var útflutningurinn árið 2014 til 2015 um 75 þúsund tonn. Önnur lönd sem flytja mikið út af fíkjum eru Bandaríkin Norður-Ameríka, Spánn, Sýrland og Grikkland auk þess sem, útflutningur á fíkjum frá Kína hefur aukist mikið síðustu ár. Stærstu innflytjendur fíkja eru Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bandaríkin Norður-Ameríka.

Árið 2016 voru flutt inn tæplega 71 tonn af fersku og þurrkuðum fíkjum til Íslands og fyrstu sjö mánuði ársins 2017 nemur innflutninginn rétt rúmum 10 tonnum. Mest er flutt inn af fíkju til Íslands frá Tyrklandi, Þýskalandi, Hollandi og Brasilíu.

Ætt og uppruni

Ættkvíslin Ficus er af mórberjaætt og telur hátt í 800 tegundir af trjám, runnum og klifurjurtum sem vaxa í hita- og tempraðabeltinu umhverfis Jörðina. Flestar tegundir í hitabeltinu eru sígrænar laufplöntur og dæmi um slíkar eru stofuplöntur eins og benjamífíkus F. benjamina, gúmmítré F.elastica, og fiðlufíkus F. lyrata.

Tegundir sem vaxa í tempraða beltinu eru yfirleitt lauffellandi. Þar á meðal er fíkjutré eða fíkjuviðartré, F. carica, sem ber ávöxt sem kallaður er fíkja.

Uppruni fíkjutrjáa er í Suðvestur-Asíu frá Afganistan til Grikklands. Í dag eru fíkjutré ræktuð í löndunum allt í kringum Miðjarðarhafið, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku, Suður-Afríku, Asíu og Ástralíu.

Aldin án blóma

Að vera ósýnilegur eins og blóm fíkustrésins er orðatiltæki á Indlandi og Kínverjar kalla fíkjur aldin án blóma. Fíkjur myndast beint frá stofni fíkjutrjáa án þess að trén myndi sjáanleg blóm. Í raun eru fíkjur ekki aldin heldur ummynduð og hol grein og kjötmikið innihaldið er samsett úr hundruðum lítilla blóma sem við frjóvgun mynda hundruð fræja inni í belg eða fölsku aldini. Blómin vaxa í þéttum hnapp inni í belgnum og sjást ekki nema fíkjan sé opnuð. Þrátt fyrir þetta eru blómin frjóvguð með litlum vespum og það sem meira er þá frjóvgar sérstök vesputegund hverja einstaka tegund fíkusa.

Við enda fíkja er lítið gat þar sem smávaxnar vespur fara inn um, líkt og geitungar í bú, til að finna hentugan stað til að verpa eggjum. Blóm fíkja eru þrenns konar, löng eða stutt blóm með frævum og blóm með fræflum. Vespurnar geta einungis verpt í stutt blóm með frævum. Eftir að eggin klekjast út skríða ungvespurnar milli blómana og nærast á blómasafa og bera frjó milli þeirra á sama tíma áður en þær yfir gefa fíkjuna. Án vespnanna mynda fíkjurnar ekki frjó fræ. Deyi vespur inni í aldininu leysast þær upp og nýtast trénu sem næringarefni.

Þetta einstaka samlífi fíkja og vespa hefur þróast í meira en 80 milljón ár og er lýsing á því næstum nóg ástæða til að höfundur þessarar greinar hættir að lesa vísindaskáldsögur.

Fíkjutrjám til framleiðslu á fíkjum til neyslu í dag er nánast undantekningarlaust fjölgað með græðlingum, sem ræta sig auðveldlega. Vespur koma því ekki við sögu við myndun aldinanna og fræin yfirleitt ófrjó.

Fíkjutré og aldin

Fíkjutré F. carica eru lauffellandi tré eða runnar 3 til 10 metrar að hæð og með öfluga trefjarót sem leitar djúpt eftir vatni. Börkurinn er sléttur og gráleitur. Laufið fingrað og stakstætt, 12 til 25 sentímetrar langt, 10 til 18 breitt og með þremur til fimm stórum flipum. Ávöxturinn hnöttóttur eða tárlaga og samsettur úr mörgum blómum innan í hjúp, 3 til 5 sentímetrar á lengd, grænt til að byrja en bleikt eða dökkt við þroska. Aldinkjötið er ljósrautt og með mörgum litlum blómum og fræjum. Tréð gefur frá sér grænan safa eða kvoðu sem getur getur valdið útbrotum á húð.



Við enda fíkja er lítið gat þar sem smávaxnar vespur fara inn um og finna hentugan stað til að verpa eggjum.



Talið er að tekið hafi meira en 80 milljón ár að þróa einstaka samlífi fíkja og vespa og er lýsing á því næstum nóg ástæða til að höfundur þessarar greinar hættir að lesa vísindaskáldsögur.

Yrki, ræktunarafbrigði og staðbrigði af fíkjum skipta þúsundum og hafa orðið til í gegnum aldir vegna fólksflutninga og aðlögunar.

Algengustu fíkjur á markaði kallast 'Black Mission' sem koma frá Baleareyjum út af ströndum Spánar í Miðjarðarhafi. Fransikumunkar fluttu yrkið vestur um haf til Mexíkó á sautjándu öld þar sem það dafnaði vel og breiddist út um heiminn. 'Black Mission' fíkjur eru fremur smáar, safaríkar og með bleikt hold. Yrkið 'Brown Turkey' sem einnig nýtur mikilla vinsælda gefur af sér fremur stórar fíkjur og er upphaflega frá Ítalíu en er ræktað víða um heim í dag. 'Calimyrna' er frá Tyrklandi og er stór, safarík fíkja með hunangskeim. Þau þykja góð grilluð. Yrkið 'Sierra' kom á markað árið 2006 og líkis 'Calimyrna' og gefur af sér stórar hnöttóttar fíkjur með græna húð. 'King' er kuldaþolið yrki og getur lifað af frostavetur. Aldinið er grænt, tárlaga og aldinkjötið er bleik. 'Kadota' er þúsund ára gamalt ræktunaryrki sem rómverski sagnaritarinn Pliny gamli minnist á í einu rit og kallar Dottatto. Að utan er aldinið gullgrænt og þykir kjötið silkimjúkt við átu.

Auk þess að vera ólík að stærð, lögun og lit eru ólík yrki af fíkjum ólík á bragðið og til eru fíkjur sem líkjast hindberjum, hlynsýrópi, karamellu og hnetum á bragðið.

Samkvæmt Heimsmetabók Guinness vó stærsta fíkja sem vitað er um 295 grömm og var ræktuð í Sussex á Bretlandseyjum árið 2015 og kallaðist yrkið 'Brown Turkey'.

Kjörlendi

Fíkjutré þrífast best í þurru loftslagi og í mikilli sól. Þau kjósa djúpan, grýttan og þurran jarðveg og geta vaxið frá fjöru og upp í 1700 metra yfir sjávarmáli.

Nafnafræði

Íslenska heitið fíkja svipar til heitisins fikon á sænsku og fig á

ensku sem er dregið af latneska heitinu ficus en á grísku nefnast þær sykon. Fíkjur eru stundum kallaðar kóngaspörð á íslensku og gráfíkjur séu þær þurrkaðar.

Fíkjur sem fæða

Fíkjur hafa um aldir alda verið hluti af fæðu manna á upprunasvæðum fíkjutrjáa. Þær eru með elstu ræktunarplöntum mannsins og talið er að ræktun þeirra nái að minnsta kosti níu aldir aftur í tímann. Fornleifarannsóknir í dalnum Jórdan, sem liggur frá Sýrlandi og niður að Rauðahafinu, og skammt frá hinni fornu borg Jeríkó hafa fundist leifar af ræktuðum fíkjum sem taldar eru vera milli 9.400 og 9.200 ára gamlar.

Fíkja má neyta ferskra, þurrkaðra og sultaðra. Ferskar fíkjur geymast stutt og því eru þurrkaðar fíkjur algengastar á markaði. Þurrkaðar fíkjur eru ríkar af trefjum, kalsíumi, járni, fosfór og andoxunarefnum og í Mið-Asíu þykja þær góðar gegn alls kyns hjartasjúkdómum.

Grikkir og Rómverjar til forna átu fíkjur með bestu lyst og þóttu þær allt í senn góðar til að bæta ástarlífið, losandi við harðlífi og líknandi við þvagsýrugigt.

Cato gamli nefnir nokkur yrki af fíkjum í riti sínu De Agri Cultura.

Úr fíkjum er bruggaður bjór. Í Túnis er framleitt fíkjubrandý sem kallast búka og í Tyrklandi er hægt að fá rakí úr fíkjum. Auk þess sem á boðstólum eru fíkjubragðbættir líkjörar, arak og vodka.

Greinarnar fíkjutrjáa má brenna sem reykelsi.

Apar eiga það til að éta mikið af fíkjum á tímabilum og er talið að þeir geri það í lækningaskyni þar sem fíkjur innihalda bakteríudrepandi efni.

Klæðaskápur Evu

Í fyrstu Mósebók 3:7 Biblíunnar segir um Adam og Evu eftir að þau neyttu ávaxta skilningstrésins, sem líklega voru fíkjur en ekki epli. „Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjuviðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur.“

Eftir að siðsemi og tepruskapur kristni náði að bægja burt siðleysi og strípihneigð Grikkja og Rómverja í daglegu lífi og listum var fíkjublað iðulega notað til að skýla nekt í myndlist. Adam og Eva eru máluð með fíkjublaði í stað kynfæra og í stað tittlinga hafa höggmyndir af karlmönnum fíkjublað milli fótanna.

Árið 1541 koma fram hugmyndir um nauðsyn þess að hylja getnaðarlim höggmyndar Michelangelos af Davíð, hinum örvhenta, með fíkjublaði. Af siðferðisástæðum er slíkt hið sama talið brýnt nokkrum áratugum síðar til að hylja nekt veggmyndar hans af dómsdegi í Sistínsku kapellunni í Vatíkaninu.

Páfarnir Páll fjórði, Innosentus tíundi og fleiri á sextándu og sautjándu öld gengu reyndar lengra og létu sér ekki nægja fíkjublað til að hylja nektina heldu létu meitla karlmannsstoltið af fjölda höggmynda.

Ficus religiosa

Ýmiss konar mismunandi fíkjutegundir njóta helgi í ólíkum trúarbrögðum heimsins og trén koma fyrir í goðsögnum allra stóru trúarbragðanna. Ein tegund er svo tengd trúarbrögðum að hún kallast F. religiosa eða helgifíkus.

Samkvæmt sköpunarsögu frumbyggja í Indónesíu tálguðu guðirnir fyrstu mannverurnar, mann og konu, úr rót fíkjutrés af ógreindri tegund og Masaíar í Afríku segja að rót fíkjutrés hafi verið notuð til að flytja fyrstu nautgripina frá himnum til jarðar.

Egyptar til forna töldu að Hador gyðja, himinsins, ástarinnar, gleðinnar, tónlistarinnar, frjóseminnar og verðandi mæðra, hafi stigið fullsköpuð úr fíkjutré og að fíkjur séu uppáhalds fæða guða. Mikið af fíkjum hafa fundist í egypskum grafhýsum sem líklega voru ætlaðar sem nesti eða snakk fyrir hina látnu. Í Egyptalandi þjálfuðu bændur litla apa til að tína fíkjur af trjánum og auðvelduðu sér þannig uppskeruna.

Grikkir sögðu fíkjur gjöf gyðjunnar Demetis til manna og tengdu þær einnig guðinum Apolló. Rómverjar tengdu fíkjur lukku og lífsláni og helguðu þær guðunum Satúnusi og Mars og gyðjunni Venus. Tvíburarnir, Romulus og Remus, sem eiga að hafa stofnað Rómaborg eru sagðir hafa fundist undir fíkjutré í umsjón úlfynju.

Fylgjendur frjósemis- og gleðiguðsins Bakkusar eða Díónisíusar höfðu mikið dálæti á fíkjum og sagt er að þær hafi verið nátengdar svallveislum helguðum honum. Enda fíkjur sem búið er að skera í tvennt stundum líkt við persónulegasta hluta kvenlíkamans. Fíkjur voru eins konar Viagra síns tíma og í Ljóðaljóð Biblíunnar, sem eignuð eru Salómoni konungi, segir: „Ávextir fíkjutrésins eru þegar farnir að þroskast, og ilminn leggur af blómstrandi vínviðnum. Stattu upp, vina mín, fríða mín, æ kom þú.“

Samkvæmt Tóra, helgibók gyðinga, var fíkjan fyrsta fæða mannkynsins. Fíkjur koma oft fram í Kóraninum og flestir kannast við missögnina um að hvers múslímskur karlmaður sem deyr píslavættisdauða í nafni trúar sinnar bíði sjötíu hreinar meyjar í paradís. Hér er um misskilning að ræða og það rétta er að hans bíða sjötíu fíkjur.

Fíkjur eru oft nefndar í Biblíunni og tákna lýð Guðs og á kraftaverkatímum bera trén ávöxt í hverjum mánuði. Í Matteusarguðspjall 7:15 segir að menn eigi að gæta sín á falsspámönnum: „Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá. Hvort lesa menn vínber af þyrnum eða fíkjur af þistlum?“

Í Markúsarguðspjalli 11:12-14 segir um Jesús þegar svengd var að pirra hann: „Á leiðinni frá Betaníu morguninn eftir kenndi Jesús hungurs. Þá sá hann álengdar laufgað fíkjutré og fór að gá hvort hann fyndi nokkuð á því. En þegar hann kom að því fann hann ekkert nema blöð enda var ekki fíkjutíð. Jesús sagði þá við tréð: „Enginn neyti framar ávaxtar af þér að eilífu.“

Sagt er að Búdda hafi öðlast hugljómun eftir að hafa fastað í fjörutíu daga undir fíkjutré. Samkvæmt hindúisma fæddist guðinn Visnú undir fíkjutré.

Í Þúsund og einni nótt segir: „Það er ekki allt hnot, sem er hnöttótt og ekki allt langt, sem er fíkja.“ og í gríska gamanleiknum Lýsiströtu frá því á fjórðu fyrir Krist segir frá fullorðinsvíxlu ungrar konu sem ber hálsfesti úr gráfíkjum.

Fíkjur í Slæpingjalandi

Í Nýju félagsriti frá 1843 er minnst á fíkjur í varningsskrá um innflutning sem unnin er af Herra kaupmanni Hemmerts. Eins og búast má við er ekki um mikið magn að ræða enda á þeim tíma um fáséðan ávöxt að ræða bæði hér og í Danmörku, þaðan sem mest af nýlenduvöru var flutt inn.

Í Almanaki fyrir hvern mann frá 1884 er að finna smásögu sem kallast Slæpingjaland. Þar í landi fljúga steiktir fuglar um loftin og beint í munninn. Þegar rignir í því gæðalandi þá „rignir þar eintómu hunangi í sætum dropum, sem ánægja er að sleikja, og þegar að snjóar, þá snjóar hvítasykri, og þegar heglir, þá heglir ekki öðru en sykurkúlum og brjóstsykrinum ljúfa saman við fíkjur, rúsínur og möndlur.“

Þrátt fyrir að ekki fari mikið fyrir fíkjum í ræktun hér á landi minnist ég þess að þær uxu í Bananahúsi Garðyrkjuskólans á Reykjum í eina tíð. Auk þess sem má rækta harðgerðar fíkjutegundir í gróðurskálum og líklega einnig í köldum gróðurhúsum hér á landi.



Fíkjur eru ekki aldin heldur ummynduð og hol grein og kjötmikið innihaldið samsett úr hundruðum lítilla blóma sem við frjóvgun mynda hundruð fræja inni í fölsku aldini.



Yrki, ræktunarafbrigði og staðbrigði af fíkjum skipta þúsundum og hafa orðið til á þúsundum ára vegna fólksflutninga og aðlögunar.



Brottvikning Adam og Evu úr Paradís með og án fíkjublaða.



Sagt er að Búdda hafi öðlast hugljómun eftir að hafa fastað í fjörutíu daga undir fíkjutré.



Fylgjendur frjósemis- og gleðiguðsins Bakkusar eða Díónisíusar höfðu mikið dálæti á fíkjum og sagt er að þær hafi verið nátengdar svallveislum helguðum honum.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Skógarumhirða



Aukatoppur fjarlægður á lerki. Mynd / Valgerður Jónsdóttir

Til að hámarka nýtingu og verðmæti skóganna þarf að hirða um þá á framleiðslutímanum. Sérstaklega er mikilvægt að vanda til verka fyrstu árin. Fyrsta grisjun, þegar skógurinn er ungur, skilar t.d. litlum afurðum en er grundvöllurinn að hagkvæmri vinnslu síðar. Hér á eftir fylgja dæmi um skógarumhirðu og tæki sem henta á hverjum tíma.

Klipping tvítoppa: Í uppvaxandi ungskógi á berangri geta einstök tré orðið fyrir skakkaföllum sem veldur toppkali og tveir eða fleiri toppar myndast. Þannig tré ná ekki að mynda beinan stofn og verða erfið í nýtingu síðar. Þetta er sérstaklega algengt í lerkiskógi. Úr þessu má bæta með handklippum þar sem gengið er á skemmd tré og allir aukatoppar klipptir þannig að einn toppsproti verður eftir. Við þessa einföldu aðgerð eykst framtíðarverðmæti skógarins til muna.

Notkun keðjusagar

Allir sem nota keðjusög ættu að sækja námskeið um meðferð slíkra tækja. Gott viðhald og rétt notkun tryggir betri endingu sagarinnar. Keðjusög er öflugt verkfæri sem krefst öryggisbúnaðar og réttrar beitingar til að ekki hljótist slys af. Lágmarks öryggisbúnaður er hlífðarbuxur fyrir keðjusög, góður skóbúnaður og sérstakur hjálmur.

Grisjun ungskógar

Til að hámarka verðmæti skógarins er nauðsynlegt að hefja grisjun á réttum tíma eða u.þ.b. þegar greinar trjánna eru byrjaðar að vaxa saman. Með grisjuninni fjarlægjum við skökk og skemmd tré með keðjusög og gefum beinum og þróttmiklum trjám rými til að vaxa hraðar. Stofnar sem falla til við fyrstu grisjun geta t.d. nýst sem eldiviður, girðingastaurar, kurl og jafnvel veggflísar sem nota má í klæðningar. Toppar, greinar og barr er skilið eftir á skógarbotninum og nýtist sem næring fyrir trén sem eftir standa.

Grisjun eldri skóga

Sértækar skógarhöggsvélar eru oftast notaðar við grisjun eldri skóga þar sem þeim verður við komið. Vélarnar henta sérstaklega vel þar sem vönduð fyrstagrisjun hefur verið gerð, t.d. með keðjusög. Þar er lítið um smátré og rusl sem getur tafið vélgrisjun vegna þess að slík tré hafa verið fjarlægð í umhirðuferlinu. Þessi skógarhöggstæki eru til af ýmsum stærðum og mikilvægt að hæfilega stórar vélar séu notaðar miðað við trjástærð og grisjunarmarkmið viðkomandi skógar.

Útkeyrsla timburs

Vagnar fyrir timburflutninga útúr skóginum eru til í öllum stærðum og gerðum. Fyrir smátt efni má nota vagna fyrir öflug fjórhjól. Í eldri skógi henta betur timburvagnar aftan í traktora. Þegar komið er að lokahöggi og í brattlendi getur þurft sérhannaðar útkeyrsluvélar til að ráða við verkefnið. Fyrir einstaka skógarbændur getur spil hentað til að draga timbrið að næsta vegi en hefur þann ókost að timbrið óhreinkast og verður erfiðara til úrvinnslu.

Brynjar Skúlason



Vel útbúnir skógarhöggsmenn að störfum. Mynd / Pétur Halldórsson



Fyrsta grisjun í ungum lerkiskógi. Mynd / Brynjar Skúlason

Snyrtilega grisjaður ungskógur með stafafuru. Mynd / Pétur Halldórsson



Timburvagn aftan í fjórhjóli. Mynd / Benjamín Davíðsson



Sérhæfð skógarhöggsvél að störfum, ætluð fyrir lokahögg og grisjun í eldri skógum. Mynd / Rúnar Ísleifsson



Timburvagn aftan í landbúnaðar-traktor. Mynd / Farma

Skógardagur Norðurlands í 70 ára gömlum Kjarnaskógi

– Nýtt grill- og útivistarsvæði, Birkivöllur, tekið í notkun

Á Skógardegi Norðurlands var því fagnað að sjötíu ár eru liðin á þessu ári frá því að ræktunarstörf hófust í Kjarna með stofnun gróðrarstöðvar og fyrstu gróðursetningum á því svæði sem nú kallast Kjarnaskógur. Stóðu Skógræktarfélag Eyfirðinga, Skógræktin, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Sólskógar og Akureyrarbær saman að Skógardegi Norðurlands í Kjarnaskógi af þessu tilefni í sumar. Var þar vígt nýtt grill- og útivistarsvæði á Birkivelli.

Fjöldi manns kom og naut veðurblíðunnar, þess sem á dagskránni var og alls þess sem Birkivöllur í Kjarnaskógi og nágrenni hans hefur að bjóða.

Ólafur Thoroddsen, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, hélt ávarp, einnig Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Tryggvi Marinósson, ræktunarmaður og skátahöfðingi, sem minnti á þau tengsl sem ávallt hafa verið milli skátastarfs og skógræktar í Kjarnaskógi. Skátar hafa unnið mörg handtök í skóginum í áranna rás og í tilefni af því söng hópur skáta á öllum aldri sameiginlegan söng skáta og skógræktarfólks, Vertu til er vorið kallar á þig, ljóð Tryggva Þorsteinssonar skátahöfðingja sem segja má að sé sprottið upp í tengslum við skógræktarstarfið í Kjarna.

Rækta Yndisgarð í Kjarnaskógi

Á hátíðinni var einnig skrifað undir samning milli Akureyrarbæjar, Skógræktarfélags Eyfirðinga og Yndisgróðurs LBHÍ um ræktun nýs Yndisgarðs í Kjarnaskógi.



Gestum bauðst að bragða á nýbökuðum funheitum lummum.

Undir samninginn rituðu Eiríkur Björn Björgvinsson, Ingólfur Jóhannsson og Samson Bjarnar Harðarson sem flutti síðan erindi með glærum úti í skógi í nýjum „útifundarsal“ í sitkagreniskógi sunnan við grillhúsið á Birkivelli.



Nýjasta svæðið í Kjarnaskógi, Birkivöllur var tekin í notkun á Skógardeginum.



Skógræktarfélag Eyfirðinga, Skógræktin, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Sólskógar og Akureyrarbær stóðu saman að Skógardegi Norðurlands í Kjarnaskógi og tók fjölmenni þátt í dagskrá sem í boði var og naut veðurblíðunnar.

Lummur og sveppasúpa

Á dagskránni var gönguferð um framkvæmdasvæðið á Birkivelli og nágrenni, ratleikur, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur sýndi sveppi sem vaxa í skóginum, poppað var yfir eldi, steiktar lummur og eldað ketilkaffi. Ólafur Oddsson, fræðslustjóri Skógræktarinnar, leiðbeindi um tálgun fersks viðar með aðstoð konu sinnar, Eyglóar Rúnarsdóttur. Þá bauð Félag skógarbænda á Norðurlandi upp á gómsæta skógarsveppasúpu sem sló í gegn. Svo naut fólk einfaldlega veðurblíðunnar, félagsskaparins við aðra viðstadda og auðvitað skógarins með öllu sem hann hefur að bjóða.

/MÞÞ



Vinnuþjarkar til sölu

Við kynnum lítið ekna vinnuþjarka frá AKA sem komnir eru í sölu hjá okkur.
Hringdu og fáðu nánari upplýsingar eða komdu og skoðaðu þá nánar.

Ford Transit
- vinnuflokkabílar
- vinnuljós
- dráttarbeisli
- dráttargeta 2800 kg
- árg. 2006-2012

Isuzu D-Max
- heithúðaður pallur
- dráttarbeisli
- dráttargeta 3500 kg
- árg. 2015-2016

Toyota Hilux
- heithúðaður pallur
- dráttarbeisli
- dráttargeta 2800 kg
- árg. 2015-2016

BÍLASALA ÍSLANDS
s: 510 4900
Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík
www.bilasalaislands.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
s: 567 2277
Breiðhöfða, 110 Reykjavík
www.nyja.is

LESENDABÁS

Siðleg opinber innkaup

Þótt nú gefi á bátinn í útflutningi á lambakjöti er víða að finna ljós í myrkrinu. Útlit er fyrir að sala til Whole Foods nái nýjum hæðum í ár og nýtt verkefni í Japan gengur vonum framar. Eins er í undirbúningi sókn inn á Þýskalandsmarkað. Öll þessi verkefni eiga það sameiginlegt að byggt er á hreinleika, gæðum og sögu íslenska lambakjötsins.

Þau eiga það líka sameiginlegt að geta skilað viðunandi verði þrátt fyrir hátt gengi íslensku krónunnar. Markaðir þar sem ekki er lögð áhersla á upprunann hafa hins vegar gefið verulega eftir og sú eftirgjöf birtist bændum nú í lækkuðu afurðaverði.



Svavar Halldórsson.

Hrein náttúra skilar sér í budduna

Velgengni íslensks atvinnulífs á undanförnum árum og áratugum byggir að stórum hluta á því að okkur hefur lánast að gera hreinleika lands og sjávar að verðmætum sem neytendur eru tilbúnir að borga fyrir. Hluti af því verði sem við fáum fyrir fisk eða aðrar matvörur í útflutningi er tilkominn vegna þess að þetta eru vörur frá einu hreinasta landi heims. Að sama skapi skiptir náttúran sköpum við markaðssetningu á landinu til erlendra ferðamanna.

Þessi rök eiga líka við um íslenskar matvörur sem seldar eru innanlands. Íslenskir neytendur vita að sýklalyfjanotkun í landbúnaði hér er ein sú allra minnsta í heimi. Hér er bannað að nota erfðabreytt fóður í sauðfjárrækt, hormóna eða vaxtarhvetjandi lyf. Áburðarnotkun er lítil og eiturefnanotkun hverfandi. Við notum að mestu græna orku, dýravelferð er á háu stigi og umgengni um náttúruauðlindir með ábyrgum hætti bæði til sjávar og sveita.

Íslensk náttúra, hreinleiki og sérstaða skila þannig beinum tekjum fyrir fjölmörg fyrirtæki og eru grundvöllur verðmætasköpunar og starfa um allt land. Það njóta því allir Íslendingar þess sem vel er gert í umhverfismálum. Það er óháð því hvort þeir leggja eitthvað af mörkum eða ekki. Því er eðlilegt að ríkið taki að sér ákveðið forystuhlutverk, setji reglur og gangi á undan með góðu fordæmi til að standa vörð um þau verðmæti sem felast í hreinu umhverfi og ímynd Íslands.

Hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda í vor var samþykkt stefna þar sem greinin gerir að eigin frumkvæði stórauknar kröfur varðandi rekjanleika, umhverfisfótspor og fleiri þætti. Bændur vilja að hið opinbera taki þátt í þessari vegferð. Gerð verði skýlaus krafa um að fyrir liggi upplýsingar um uppruna, dýravelferð, umhverfisfótspor, hormóna-, lyfja- og eiturefnainnihald við öll opinber innkaup.

Hið opinbera er stærsti kaupandi matvöru á Íslandi. Áætlað er að ríki og sveitarfélög fæði um 100 þúsund manns á dag í mötuneytum skóla, vinnustaða, sjúkrastofnana og víðar. Þar þarf hið opinbera að ganga á undan með góðu fordæmi. Eðlilegt er að gerð sé krafa um lágmarks umhverfisfótspor við opinber innkaup. Þetta er einfalt að gera með því að setja í lög um opinber innkaup að ávallt skuli velja þá vöru sem er með minnsta umhverfisfótsporið.

Með slíkri breytingu má draga verulega úr umhverfisfótspori Íslands á stuttum tíma. Almenn regla af þessu tagi mismunar ekki og stenst þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Siðleg innkaupastefna fyrir ríkið, sveitarfélög, sjúkrastofnanir, skóla og opinber fyrirtæki vegur þungt í þeirri viðleitni að standa vörð um hreinleika íslenskrar náttúru og ímynd landsins. Með þessu getur hið opinbera lagt bændum, sjómönnum, ferðaþjónustunni og fleirum lið við að verja og efla þau verðmæti sem landið og miðin eru.

Svavar Halldórsson
framkvæmdastjóri
Markaðsráðs kindakjöts

RML

Skýrsluhald í jarðrækt í Jörð.is

Borgar Páll Bragason
Fagstjóri í nytjaplöntum
bpb@rml.is



Eins og áður hefur komið fram er nú í fyrsta skipti gerð sú krafa að bændur skili skýrsluhaldi í jarðrækt til að fá jarðræktarstyrki. Þá er það einnig nýtt fyrir bændum að greiddir eru styrkir vegna þeirra túna sem eru uppskorin. Í stuttu máli sagt þurfa bændur að skrá eða fá RML til að skrá upplýsingar um ræktun og uppskeru í Jörð.is og skila skýrsluhaldinu í kjölfarið. Þá fyrst geta þeir sótt um jarðræktarstyrki og landgreiðslur í Bændatorginu.

Umsóknarfrestur um jarðræktarstyrki og landgreiðslur er 20. október samkvæmt reglugerð og því þurfa bændur að hafa skilað skýrsluhaldi í jarðrækt fyrir þann tíma. Mikilvægt er að hafa í huga að allar spildur þurfa að vera hnitsettar til að komast á jarðræktarskýrslu.

RML tekur að sér að skrá skýrsluhaldið fyrir þá sem þess óska og aðstoða við þá skráningu eftir því sem þarf. Innheimt er fyrir þá þjónustu samkvæmt tímaskráningu og gildandi gjaldskrá. Þeir sem óska eftir þjónustu RML í þessum efnum ættu að huga að því fyrr en seinna svo raunhæft verði að sækja um jarðræktarstyrki og landgreiðslur innan tilsetts tíma.

Verðfall – hvað gerist?

– Hin mörgu andlit sauðfjárbúskapar

Menn setur hljóða. Það er líklega raunsannasta lýsingin sem ég hef heyrt á því hvað er að gerast í sveitum landsins í dag. Afurðastöðvar okkar neyðast til að bregðast við taprekstri með því að lækka verð á lambakjöti til okkar bænda og það ekkert smá.

Nú er svo að sauðfjárbændur eru fráleitt einsleit stétt, ætla ég að segja hér frá nokkrum dæmum um hve fjölbreytt þessi stétt er, bið hlutaðeigandi strax afsökunar ef þeir þekkja sjálfan sig eða aðra af lýsingum.

Á bæ í litlu dalverpi býr kona rétt um sextugt með manni sínum með tæp tvö hundruð fjár, afurðir góðar. Lítið bú og vel rekið, til fyrirmyndar. Skuldir líklega engar og sparlega farið með alla hluti. Maðurinn sinnir flestum þeim störfum af bæ sem hann kemst í eða langar að sækja, á milli þess sem hann veiðir silung í vatni ásamt konu sinni sem hún síðan flakar, reykir og selur eða hugar að æðavarpi. Hver þriðjungur tekna kemur af silungi og dún, sauðfé og útseldri vinnu.

Stórbýli við heiðarsporð, tæpt þúsund kinda, tvær fjölskyldur búa. Yngri konan sækir vinnu af bæ, hin stunda búskapinn, laxveiðitekjur einhverjar. Skuldir einhverjar, rekstur í ágætu horfi. Tekjur af sauðfé 70%, Utan bús tekjur 20% og veiðitekjur 10%.

Gnægtarjörð í afskekktum dal í grónum firði. Þar hafa í áratug búið par á milli fertugs og fimmtugs ásamt dætrum tveim. Áttu sjóð þegar þau hófu búskap og ákváðu að byggja upp jörðina sem var orðin hrörleg. Langt að sækja aðra vinnu og vilja það ekki, hafa ekki þurft þess. Skulda nokkuð. Einungis tekjur af sauðfé.

Í sama firði býr garðyrkjufræðingur nokkuð utar. Á hundrað kindur. Keypti jörðina fyrir 8 árum. Skuldar nokkuð. Starfar að mestu utan bús, sinnir fénu utan vinnutíma. Tekjur af sauðfé 20%. Lykilmaður í smalamennskum.

Í þorpi norður við haf er karl með um 60 kindur. Starfar annars í góðu fyrirtæki. Tekur sumarfríið í september til að geta sinnt smalamennskum með sveitungum sínum. Tekjur af sauðfé 10%. Lykilmaður í sínu héraði.

Kannski kemst það ekki til skila, það sem ég vildi sagt hafa, en sauðfjárbændur eru gríðarlega fjölbreytt stétt og mikilvægi afurðatekna hvers þeirra er gríðarlega misjafnt fyrir afkomu þeirra. En höggið mun koma verst við þá sem reiða sig eingöngu á tekjur af sauðfé, hafa byggt upp og keypt jarðir og skulda því þess vegna. Duglega fólkið sem oft myndar kjarnann í hverju samfélagi. En síðan höfum við stoðkerfið, karlinn í þorpinu sem sér til þess að smalað verði vel, þekkir heiðina og miðlar reynslunni, kann söguna. Konuna í dalverpinu sem leggur til silunginn á flatbrauðið.

Allir þessir sauðfjárbændur eru mikilvægir og því getum við ekki leyft okkur þá hugsun að ætla okkur að fara að gera upp á milli þeirra í þeim efnahagslegu harðindum sem framundan eru. Við sauðfjárbændur stöndum saman því við erum dreifbýlisfólkið og vitum að sundrung hefur aldrei skilað okkur neinu.

Hagræðing

En það er ljóst að það verður að hagræða! Þegar tekjurnar hrökkva ekki til, þá verður að skera niður útgjöldin. Það er auðvelt að æpa út í loftið að þessi og hinn maki krókinn á því að nenna ekki að vinna sína vinnu. Það er auðvelt að kenna afurðastöðvunum um að vilja arðræna okkur. En trúum við því virkilega að Sigurgeir á Hríshóli, Þórarinn í Keldudal, Merete á Hrauni, Gunnar á Þóroddstöðum, Björn Víkingur í Sandfellshaga, Skúli á Refstað eða Sverrir á Kirkjubæjarklaustri vilji gera bændum illt? Eða getur staðan verið að þau séu jafn ráðalaus og við hin. Því sé hin eina raunhæfa leið að draga saman, lækka verðið til að minnka framboðið og vona að bændur dragi þannig saman framleiðsluna. Því ekki viljum við bændur setja þessi fyrirtæki okkar á hausinn, þá fyrst yrði tjónið stórt.

Smásöluverð kindakjöts		
Bóndi	370	30,8%
Afurðarstöð	400	33,3%
Afurðarlánsveitandi	50	4,2%
Flutningar	20	1,7%
Greiðslumiðlun	18	1,5%
Verslun	342	28,5%
Samtals kr./kg	**1.200**	**100,0%**

Smásöluverð

Smásöluverð kindakjöts, eða það verð sem neytendur eru tilbúnir að greiða fyrir kjötið okkar, er hinn endanlegi verðmiði sem settur er á afurðir okkar. Það verð skiptist á milli verslunar, banka, greiðslumiðlunarfyrirtækja, flutningsaðila, afurðastöðva og bænda. Mig grunar að skiptingin sé ekki fjarri því að bóndinn fái tæpan þriðjung, aðrir hina tvo. Þessi skipting er mín ágiskun, byggð á einhverju meðalverði. Kannski ekki fjarri lagi?

Þannig ef bóndinn á að fá hærra verð þá þarf að hagræða alla leiðina. Ef þessi ágiskun mín er rétt þá fá bankarnir um 400 milljónir á ári í afurðalánsvexti, Það kostar verslunina um 2,7 milljarða að selja fyrir okkur kjötið. Það kostar afurðastöðvarnar um 3,2 milljarða að breyta afurð okkar í mat. Verðfallið til okkar á síðustu tveim árum er ríflega 1,7 milljarðar.

Þannig að afurðageirinn þarf að hagræða, bændur þurfa að hagræða. Verslunin þarf að hagræða því hvernig stendur á því að hún þarf svona hátt hlutfall smásöluverðsins. Bankarnir þurfa að hagræða. En kannski er það ekki hægt? Ég vildi að ég vissi svarið. En trúi því þó að ávallt leynast tækifæri. Það þarf bara að koma auga á þau og vilja notfæra sér þau.

Byggðirnar okkar

Við viljum ekki gefast upp, við ætlum ekki að fara.

Ef þetta væru náttúruhamfarir þá væri engin spurning, við myndum berjast. En þetta eru mannanna verk. Alþingi Íslendinga í umboði skattgreiðenda leggur greininni til um 4,9 milljarða á þessu ári og nánast allur hluti þess fjár rennur til bænda. Þannig að vilji þess er skýr; haldið áfram að búa þetta land og hef ég engan þingmann segja að hann sé á móti því, þótt menn deili um leiðir og aðferðir.

En nú er hin stoð þessarar framleiðslu brostin, afurðatekjurnar verða lægri en ríkisstuðningurinn. Það er gríðarlega vont mál, út frá svo mörgum hliðum.

Landbúnaðarráðherrann skildi ekki málið eða var sama og gerði ekki neitt fyrr en alltof seint, aðrir þingmenn brugðust. Sauðfjárbændur vilja skýrar leikreglur og vilja hafa vægi á móti stóru fjármagnsöflunum sem vita að Ísland er hávöruverðs markaður. Þeirra sem vilja kaupa matinn okkar ódýrt í láglauna löndum og flytja hann inn til að selja okkur hann dýrt og græða vel. Af hverju halda menn annars að Costco hafi komið?! Þessir aðilar tala í hundruðum milljarða, við sauðfjárbændur tölum bara í milljónum eða hundrað þúsundum.

Þetta vildum við að stjórnvöld hjálpuðu okkur við. En nei, við erum skilin eftir ein með vandann. Kannski hafa þingmenn bara gefist upp. Kannski eru bara engin ráð. Kannski á verslun og fjármagnsöfl að ráða hér öllu og við hin bara að vera bláeygðir neytendur sem sjáum þeim fyrir gróðanum. Frekar en skipta gæðum og kostum á milli okkar, heildinni til hagsbóta.

Hvað er þá til ráða?

Ég óttast að fyrir um 1/6 sauðfjárbænda séu fáir valkostir, þeir munu nudda áfram, lengja í skuldaklafanum þar til þeir komast ekki lengur áfram og uppgjöfin verður algjör. Þetta eru um 400 bændur, líklega ríflega 1000-1500 manns sem búa núna við algjöra óvissu um framtíðina. Einhverjir dalir fara í eyði, einhver sveitin fer í eyði, verður það Árneshreppur, Barðaströnd, Suður-Firðirnir, Skaftárhreppur, Melrakkaslétta, Reykhólaströnd eða hver?

Sem betur fer trúi ég því að hinir 2000 bændurnir muni þrauka og bíða betri tíma, finna sér aukatekjur, spara og ganga á eignir, að þeim standa líklega aðrar 6000 manneskjur.

Byggðamál – Menningin

Málið er svo miklu stærra en að það snúist eingöngu um landbúnað og framleiðslu á kindakjöti. Það snýst um grundvöll byggðar innstu dala og ystu nesja. Það snýst um hvers konar Ísland við ætlum að sýna gestum okkar, ferðamönnunum sem nú eru orðinm undurstöðuatvinnuvegur. Það snýst um að viðhalda þúsund ára menningu. Það snýst um það hvernig menn hafa búið hér á landi í þúsund ár. Það snýst um að vita hvað hóllinn þarna heitir og af hverju hann heitir það.

Ef dugur væri í stjórnmálamönnum okkar, væru nú þegar komin í gang öflug verkefni sem lúta að því að fjölga atvinnumöguleikum í dreifbýli. Hjálpa fólki að finna sín tækifæri, finna hina fjölina sem má byggja með. Þau tækifæri eru ófá og mörg ábatasöm. En það hefur verið svo duglega molað niður alla innviði sem snúa að ráðgjöf og fræðslu til landbúnaðarbyggðanna.

Landbúnaðarháskólinn og rannsóknarstofnanir s.s. skógræktin skornar niður í trog. Leiðbeiningarmiðstöðvarnar látnar sérhæfa sig í einhæfum búgreinum. Og fjölbreytileikinn sem þó einkennir sveitirnar fær helst ekki að dafna, en er hann þó líklega það sem mun verða helsta bjargráðið í dag.

Til hvers er ljósleiðaravæðingin ef það á síðan ekki að gefa sveitafólkinu tækifæri til að búa til möguleikana sem hún gefur?

Holti Þistilfirði
28. september 2017

Sigurður Þór Guðmundsson
bóndi, oddviti og formaður
Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga

Á FAGLEGUM NÓTUM

Framleiðnisjóður landbúnaðarins:

Stuðningur við nýsköpun og þróun

Í hálfa öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunarsjóður landbúnaðarins. Mörg störf hafa orðið til í sveitum fyrir tilstuðlan fjárfestingastuðnings frá sjóðnum og ný tækifæri skapast vegna afraksturs rannsóknastarfs sem notið hefur stuðnings sjóðsins.

Framleiðnisjóður starfar eftir Lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins nr. 89 frá 1966 með síðari breytingum. Samkvæmt fyrstu grein laganna er hlutverk sjóðsins „að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum ... styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana“. Eins og starfi sjóðsins er háttað í dag hefur verið horfið frá lánveitingum, en veittir eru styrkir til margvíslegra verkefna sem eiga það sammerkt að stuðla að nýsköpun og þróun í greininni og þannig styrkja búsetu í sveitum landsins til framtíðar.



Þórhildur Þorsteinsdóttir er framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Grunnurinn lagður í Búnaðarlagasamningi

Í Búnaðarlagasamningi eru markaðar áherslur fyrir starf sjóðsins á hverju samningstímabili. Grunnur fjárframlaga og áherslur sjóðsins eru því hluti af samningi bænda við hið opinbera. Í rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins fyrir 2017-2026 er gert ráð fyrir að endurskoðun laga um sjóðinn og að samhliða því verði starfsáherslur endurskoðaðar. Þessi vinna er ekki hafin og hefur því starf sjóðsins á árinu 2017 í stórum dráttum tekið mið af áherslum fyrri ára og er stefnt að því að starf sjóðsins 2018 muni einnig taka mið af þeim áherslum.

Fyrirkomulag næstu úthlutana

Undirbúningur úthlutana ársins 2018 er nú þegar hafinn. Líkt og fyrri ár verður aðeins ein úthlutun á árinu í hverjum málaflokki og hafa stjórnendur sjóðsins tekið ákvörðun um að að skipta úthlutunarferlinu í tvennt. Nú í októberbyrjun er auglýst eftir styrkumsóknum frá aðilum innan rannsókna- og þróunargeirans, sem og frá félögum bænda, þ.e. umsóknir í A-flokki (sjá auglýsingu í þessu blaði). Umsóknarfrestur fyrir þennan flokk umsókna er til og með 17. nóvember. Styrkir til atvinnuuppbyggingar á lögbýlum á vegum einstakra bænda (B-flokkur), sem og námsstyrkir, verða auglýstir síðar í haust og verður umsóknarfrestur til 29. Janúar 2018. Stefnt er að afgreiðslu úthlutana í A flokki snemma árs 2018, en að afgreiðslu B umsókna og námsstyrkjaumsókna í aprílmánuði. Með þessu fyrirkomulagi er vonast til að umsóknir fái skjótari afgreiðslu og að umsýsla sjóðsins verði skilvirkari. Vert er að geta þess að styrkir Framleiðnisjóðs fyrir árið 2018 eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2018.

Umsóknir og ráðgjöf

Umsóknareyðublöð Framleiðnisjóðs hafa verið uppfærð og einfölduð og munu ný umsóknareyðublöð taka gildi nú þegar. Umsækjendur eru hvattir til að sækja ný eyðublöð inn á heimasíðu sjóðsins (www.fl.is), en ekki verður tekið við umsóknum á eldri eyðublöðunum vegna ársins 2018. Frekari upplýsingar um gerð umsókna má einnig nálgast á heimasíðu sjóðsins, sem og í gegnum síma til skrifstofu sjóðsins. Umsækjendur eru hvattir til að leita sér aðstoðar hjá til þess bærum ráðgjöfum varðandi umsóknavinnuna, sem og áætlanagerð henni tengdri, s.s. hjá ráðunautum RML og atvinnuráðgjöfum.



Rannsóknir á sviði byggkynbóta eru eitt þeirra sviða sem FL hefur stutt við.
Mynd / BJ



LESENDABÁS

Öflugur landbúnaður er allra hagur



Katrín Jakobsdóttir.

Fyrir tveimur árum samþykkti Vinstrihreyfingin - grænt framboð metnaðarfulla landbúnaðarstefnu. Hún byggist á því að innlendur landbúnaður sé grunnþáttur í því að byggja sjálfbært samfélag á Íslandi, að þjóðin verði sjálfri sér næg um matvæli eins og aðstæður leyfa og að Íslendingar verði áfram í fararbroddi þegar kemur að matvælaframleiðslu.

Innlendur landbúnaður snýst um að auka lífsgæði allra landsmanna og tryggja fjölbreytt búsetuskilyrði fyrir alla enda myndu fæstir vilja vera án íslenskra landbúnaðarafurða. Besta leiðin til að efla byggðahlutverk landbúnaðarins er að styrkja nýsköpun og skapa ný verðmæti og fjölbreytt störf um land allt. Þar skipta menntun og rannsóknir lykilmáli.

Mikilvægt er að landbúnaðurinn og önnur landnýting þróist í sátt við umhverfið á grundvelli sjálfbærrar þróunar í búskaparháttum og góður aðbúnaður búfjár verði ávallt í öndvegi. Meðal annars þess vegan höfum við Vinstri-græn lýst stuðningi við þau markmið sem t.d. sauðfjárbændur hafa sett fram um að stefna að kolefnishlutleysi.

Að undanförnu hafa málefni sauðfjárbænda verið til umræðu en staðan þar er slík að hún kallar á tafarlausar aðgerðir. Þar verður að hafa í huga að sá vandi snýr ekki einungis að sauðfjárbændum eða afurðastöðvunum heldur beinist hann einnig að samfélaginu sem heild og getur haft bæði slæm félagsleg áhrif og byggðaröskun í för með sér. Kjaraskerðingin sem nú blasir við sauðfjárbændum getur haft víðtækar neikvæðar afleiðingar og vandséð að þær aðgerðir sem kynntar voru af fráfarandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra myndu verða til að renna hér stoðum undir stöðugan og sjálfbæran landbúnað. Þannig miðast aðgerðirnar einkum við fækkun sauðfjárbænda sem væntanlega munu hafa áhrif fyrst og fremst á unga bændur. Aðgerðirnar miðast ekki við að ná markmiðum í umhverfismálum og áhrif þeirra á hinar dreifðu byggðir hafa ekki verið greind með fullnægjandi hætti.

Við Vinstri-græn höfum kynnt okkur þær tillögur sem forysta sauðfjárbænda hefur lagt fram til lausnar vandanum sem og þau markmið að stefna bera að kolefnishlutleysi sauðfjárræktar. Þar má finna ágætan grundvöll fyrir aðgerðum. Þannig viljum við horfa á innlendan landbúnað: Sóknartækifæri fyrir innlenda matvælaframleiðslu, byggðir landsins og árangur í umhverfismálum. Þar fer hagur alls almennings og bænda saman.

Katrín Jakobsdóttir
Höfundur er formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna 2018 (A-flokkur)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði hagnýtra rannsókna, þróunar og þekkingarsköpunar.

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem líkleg eru til að leiða af sér þekkingu, tækni eða aðrar afurðir sem hægt er að hagnýta í náinni framtíð í íslenskum landbúnaði.

Styrkir til atvinnuuppbyggingar á lögbýlum á vegum einstakra bænda (B-flokkur) sem og námsstyrkir verða auglýstir síðar í haust.

Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, ***www.fl.is.*** Umsóknareyðublöð sjóðsins hafa nýlega verið uppfærð og ekki verður tekið við umsóknum á eldri eyðublöðum. **Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.**

Umsóknarfrestur er til 17. nóvember (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri. **Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.**

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2018.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

UTAN ÚR HEIMI

Uppljóstrun á slæmri meðferð á svínabúi í Lettlandi

Svínabúið SIA Baltic Pork í Lettlandi, sem er í eigu norskra aðila, hefur ratað á síður lettneskra dagblaða eftir að dýraverndunarsinni sem vann á búinu í fimm vikur á fölskum forsendum birti myndir og myndbönd frá svínaframleiðslunni.

Nú hefur málið einnig ratað í norska fjölmiðla, en fyrirtækið SIA Baltic Pork er 100 prósent í eigu Norðmanna, og það sem meira er það hefur fengið hátt í 150 milljónir íslenskra í styrk frá Nýsköpunarsjóði í Noregi (Innovasjon Norge). Birtingarnar sýna fordæmalausa og átakanlega meðhöndlun á svínum. Innovasjon Norge er sjóður í eigu ríkis og sveitarfélaga og eru margir á því að það sé ekki forsvaranlegt að þeir hafi stutt reksturinn.

„Við höfum séð myndina og ég viðurkenni að hún hafði áhrif á okkur. Það er aldrei hægt að réttlæta illa meðferð á dýrum og myndin sýnir aðstæður sem við verðum að fá útskýringar á. Við höfum eigin meginreglu fyrir góða viðskiptahætti sem gildir fyrir alla viðskiptavini okkar og samstarfsaðila. Þar að auki erum við mjög upptekin af því að viðskiptavinir okkar haldi sig innan ramma laga og reglna," segir Kristin Well-Strand hjá Innovasjon Norge.

Í samtali við sjónvarpsstöðina Stöð 2 í Noregi sagði framkvæmdastjóri IPI, sem eiga SIA Baltic Pork, Ove Henrik Mørk Eek, að fyrirtæki þeirra í Lettlandi væri rekið eftir þarlendum lögum og eftir regluverki Evrópusambandsins.

/ehg - Bondebladet



Þessi smávaxna leðurblökutegund sem bundin var við Jólaeyjar er nýlega útdauð.

Umhverfismál:

Askur og antilópur komin á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu

Stofnun sem kallast International Union for Conservation of Nature (IUCN) og heldur utan um stöðu plöntu- og dýrategunda hefur meðal annarra bætt asktrjám og antilópum við lista yfir lífverur sem taldar eru vera í útrýmingarhættu.

IUCN listinn telur nú þegar rúmlega 25.000 tegundir lífvera sem taldar eru vera í útrýningarhættu og í hverjum mánuði bætast nýjar tegundir á lista. Asktegundin sem nýlega bættist við er amerísk tegund, Fraxinus americana, og er ástæða fækkunar asksins vera bjöllutegund frá Asíu sem nýlega er farin að leggjast á ask í Bandaríkjunum og Norður-Evrópu.

Leðurblökur og snjóhlébarðar

Fimm afrískar antilóputegundir, þar sem stofnstærð hefur verið talin í þokkalegu lagi til þessa, hefur nú verið bætt á listann enda einstaklingum af tegundunum fimm fækkað ört undanfarið.

IUCN heldur einnig saman lista yfir dýra- og plöntutegundir sem þegar eru útdauðar og nýjasta lífveran til að heiðra þann sorglega lista er smávaxin leðurblökutegund sem bundin var við Jólaeyjar.

Góðu fréttirnar eru að samkvæmt gögnum IUCN eru stofnar snjóhlébarða og leðurblakna á eyjunni Máritíus í vexti þrátt fyrir að dýrin teljist enn í útrýmingarhættu.

Grafalvarlegt ástand

Dýra- og grasafræðingar segja ástand gríðarmargra dýra- og plöntutegunda í heiminum vera grafalvarlegt. Á það jafnt við lífverur sem lifa á landi og í sjó og ef ekkert verður að gert mun helmingur þeirra deyja út á næstu fjörutíu til fimmtíu árum. Ástæða þessa er sögð vera eyðing búsvæða, ofveiðar, mengun og fjölgun manna.

/VH



Líkt og mannfólkið eru maurar misvinnusamir og ný rannsókn á atferli þeirra sýnir að 40% vinnumaura gera ekkert allan daginn og láta hina um að vinna vinnuna fyrir sig.

Undur náttúrunnar:

40% vinnumaura gera ekkert

Í huga flestra eru maurar táknmynd vinnusemi og atorku en svo virðist sem sumir maurar séu vinnusamari en aðrir.

Ný rannsókn á atferli vinnumaura sýnir að 40% vinnumaura gera ekkert allan daginn og láta hina um að vinna vinnuna fyrir sig.

Tilgáta vísindamannanna sem skoðuðu atferli lötu mauranna er að atferli þeirra stafi að hluta til af erfðum og að hluta séu þeir varavinnuafl ef harðnar á dalnum og það fækkar í liði hinna 60% vinnusamra vinnumaura. Auk þess sem þeir eru varafæða, þar sem þekkt er að maurar snúa sér að kannibalisma minnki fæðuframboð umfram það sem þeir geta aflað utan maurabúsins.

Letimaurarnir eyða mestum hluta ævi sinnar í að ráfa um maurabúið án þess að taka þátt í uppbyggingu þess.

/VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Snorri Páll Harðarson að undirbúa mjólkun í Hvammi í Eyjafirði. Myndir úr safni / HKr.

Hagkvæmar mjaltir – fimm skref í rétta átt

Mikilvægasta, verðmætasta og kostnaðarsamasta verkið á hverju kúabúi eru mjaltirnar og skiptir þar engu hvort mjaltaþjónn er notaður eða mjólkað með hefðbundnum hætti.

Á öllum kúabúum er notaður mikill tími í vinnuna sem tengjast mjöltum og þrátt fyrir að þetta sé mikilvægasta verk hvers kúabónda, þá er hægt að spara vinnuna og kostnaðinn við mjaltir án þess að það gangi út yfir gæði mjaltanna eða bitni á júgurheilbrigði. Eins og greint var frá í síðasta Bændablaði þá geta þau kúabú sem nota mjaltaþjóna ekki framleitt mjólk jafn hagkvæmt og bú sem nota hefbundna mjaltatækni, en þau geta þó nálgast framleiðslukostnað hinna kúabúanna, sé rétt staðið að nýtingu mjaltaþjónanna og vel staðið að öðrum verkum svo sem fjósverkum og bústjórn. Að sama skapi geta þeir sem mjólka með hefðbundnum mjaltatækjum náð enn betri árangri og aukinni hagkvæmni með því að yfirfara mjaltirnar á búum sínum.

Farðu yfir stöðuna á þínu búi

Til þess að geta bent á leiðir til hagræðingar við mjaltir þarf fyrst að skoða vel hver staðan er í dag á viðkomandi búi. Hér þarf að bera saman við önnur bú mismunandi verkþætti og lykiltölur og má þar t.d. nefna fjölda mjólkaðra kúa á hverja klukkustund, fjölda mjólkaðra kúa á hvert mjaltatæki/mjaltaþjón á klukkustund, hve margar kýr hver starfsmaður getur mjólkað á klukkustund, mjaltatíma á hverja kú, meðal mjólkurflæði, mesta mjólkurflæði og fleira mætti nefna. Eitt af því sem gefur ekki rétta mynd við samanburð mjalta, ef viðkomandi er með mjaltaþjón, er fjöldi mjalta pr. kú pr. dag. Það er afar algengur misskilningur að sú tala segi mikið um nýtingu mjaltaþjóns, en mun meira máli skiptir að horfa á framleiðslugetu mjaltaþjónsins innan sólarhringsins í lítrum talið. Það sem etv. mestu máli skiptir, þegar verið er að skoða leiðir til þess að draga úr kostnaði við mjaltirnar, er að geta stuðst við tölur um mjaltirnar innan hvers bús og etv. síður á milli búa. Samanburður við aðra er alltaf góður en þar sem aðstæður eru svo gríðarlega ólíkar á milli búa er best að geta stuðst við eigin gögn og eigin tölur.

Skrefin fimm

Til þess að auðvelda kúabændum að skoða eigin tölur og skoða eigin aðstæður með bætta hagræðingu í huga má nota eftirfarandi fimm skref til þess að meta eigin aðstæður.

1. Kýrnar sjálfar

Allra mikilvægasti þátturinn til þess að geta mjólkað með góðum hætti er að hafa hreinar kýr. Það er útilokað að geta mjólkað með hagkvæmum hætti ef kýrnar koma óhreinar til mjalta og á þetta bæði við um hefðbundnar mjaltir og mjaltaþjóna.

Aukatíma við þrif, óhreinir spenaendar með tilheyrandi smithættu fyrir kýrnar og ótal fleiri atriði mætti nefna sem tengjast óhreinum spenum. Ef fleiri en 5% af kúnum eru með spena og spenaenda sem eru óhreinir þá er eitthvað að legusvæðum eða gangsvæðum kúnna eða umönnun kúnna er ábótavant s.s. varðandi klippingu, notkun á undirburði, hreinsun legusvæða o.þ.h. Hér geta verið margar skýringar sem valda því að kýrnar koma ekki hreinar til mjalta og því þarf hver og einn að meta stöðuna á sínu búi og finna sína leið.

Séu margar kýr mjólkaðar er mikill kostur að geta skipt þeim niður í hópa eftir því hvort þær þurfi sérstaka athygli og tíma eða ekki. Þeir sem nota mjaltaþjóna þekkja vel velferðarsvæðin sem nýtast fyrir þær kýr sem þurfa sérstaka athygli en þar sem notuð er hefðbundin mjaltatækni er kostur t.d. að mjólka sérstaklega kýr sem fara í fötu, seigmjólkandi eða eru „vandræðagripir". Séu þessar kýr hafðar saman í hóp, þá ganga mjaltirnar á hinum kúnum miklu betur og fyrr fyrir sig.

2. Góð mjaltatæki

Á mörgum kúabúum má vafalaust finna tæknilegar stillingar mjaltatækjanna sem má bæta svo mjaltirnar gangi vel fyrir sig. Þetta geta verið atriði eins og hvenær tækin fara af kúnum eftir mjaltir, soghæð, stillingar sogskipta og margt fleira mætti nefna.

Það skiptir auðvitað höfuðmáli að mjaltatæknin virki rétt á hverjum tíma og sé rétt stillt. Þess utan er mikilvægt að nota rétt spenagúmmí fyrir þá hjörð sem er verið að mjólka og miðað við þær kröfur og óskir sem gerðar eru til mjalta á viðkomandi kúabúi. Þetta á auðvitað við bæði á kúabúum með hefðbundna mjaltatækni og þar sem mjaltaþjónar eru notaðir.

3. Eins mjaltir

Ef það er eitthvað sem kúm líkar vel við þá er það reglusemi í kringum mjaltirnar. Eins framkvæmdar mjaltir, óháð því hver mjólkar, er nokkuð sem fellur kúm best. Þessa „kröfu" kúnna er auðvitað auðveldara að uppfylla með mjaltaþjóni en þar sem mjólkað er með hefðbundnum hætti enda vinna mjaltaþjónar alltaf eins.

Á hinum búunum þarf á móti að setja sér fastar reglur varðandi mjaltirnar og sérstaklega varðandi undirbúning kúnna og hvernig tækin eru sett á kýrnar, en þessir þættir eru oftast breytilegir á milli einstaklinga þar sem ekki er nógu gott skipulag á mjöltunum. Rétt er að taka skýrt fram að maður nær ekki hagkvæmari mjöltum bara með því að vera fljótur að setja tækin á kúna heldur með því að vera með gott skipulag á mjöltunum og gott verklag við mjaltirnar.

Það er með öðrum orðum gríðarlega mikilvægt að staðla vinnubrögðin við mjaltirnar og það er langeinfaldast að gera með því að skrifa niður lýsingu á því hvernig á að mjólka. „Hér mjólkum við svona" gæti leiðbeiningin kallast og svo er þar skrifað niður hvernig á að standa að mjöltum og það niður í minnstu smáatriði eins og t.d. hve oft og hvernig hver speni og spenaendi er þrifinn, hve langan tíma á að nota í að örva kýrnar fyrir mjaltir, í hvaða röð spenahylkin eru sett á kýrnar osfrv. Sumum kann að finnast þetta hálf undarlegt, en tilfellið er að sé þetta gert þá skilar það árangri og stöðugleika við mjaltirnar. Hér skiptir t.d. miklu máli að kýrnar upplifi undirbúning mjaltanna eins, óháð þeim sem mjólkar og að það líði alltaf sami tími frá upphafi undirbúnings kúnna fyrir mjaltir og til þess tíma er tækin eru sett á.

Ef til stendur að gera svona skriflega lýsingu hefur okkur reynst

best að taka myndir af verkferlunum og prenta svo út með skriflegum leiðbeiningum með. Þetta gerir lýsinguna á vinnunni við mjaltirnar skýrari.

4. Umferð kúnna

Kúm á að líða vel þegar þær eru mjólkaðar og þær eiga að geta treyst því að þegar þær mjólkast þá geti þær verið öruggar og afslappaðar og á þetta að sjálfsögðu við um allar gerðir mjaltatækni. Til þess að ná þessari ró kúnna er mikilvægt að öll ytri aðstaða sé í góðu lagi. Þannig séu t.d. bæði inngangar og útgangar frá mjaltaaðstöðunni rúmgóðir, kúnum sé ekki ætlað að ganga á hálu gólfi. Þeim sé ekki ætlað að ganga um mishæðir eða tröppur, göngusvæðin séu björt og vel upplýst. Að það sé hljóðlátt við mjaltirnar og að hróp og köll séu ekki viðhöfð á mjaltasvæði. Að þeim sé ekki ætlað að taka krappar beygjur og ekki ganga um mörg ólík hlið til þess að komast til eða frá mjöltunum. Rólegar kýr selja betur og bæta hagkvæmni mjaltanna umfram hinar sem eru stressaðar vegna illa hannaðs umhverfis.

Það getur verið góð aðferð að bóndinn gangi sjálfur sömu leið og hann ætlar kúm sínum að ganga til og frá mjöltum. Skoðaðu leiðina og settu þig í spor þunglamalegs dýrs sem sér auk þess ekki sérlega vel. Er eitthvað á leiðinni sem gæti truflað ferðina og ef svo er, er hægt að bæta úr?


5. Lykiltölur hagkvæmra mjalta

Síðast en ekki síst þarf hver kúabóndi að meta eigin mjaltir og skoða eigin gögn til þess að geta lært af eigin reynslu og bætt hagkvæmnina.

Flest mjaltakerfi eru nú til dags með einhverskonar tölvubúnað sem geta gefið margskonar upplýsingar um mjaltirnar.

Skrifaðu hjá þér nokkrar lykiltölur þinna mjalta og settu á tússtöflu upp á vegg.

Skoðaðu svo sömu tölur einu sinni í viku og notaðu reynsluna til þess að bæta árangur þinn og þinna kúa. Þetta skiptir verulegu máli og sér í lagi ef gerðar eru einhverjar breytingar t.d. á tæknilegum stillingum, skipt um spenagúmmí, breytt einhverju í umhverfi kúnna o.s.frv.



Hver kúabóndi þarf að meta eigin mjaltir og skoða eigin gögn til þess að geta lært af eigin reynslu og bætt hagkvæmnina.

Eigi að meta raunveruleg áhrif þess að gerðar séu breytingar, þá þarf að hafa eitthvað viðmið til þess að bera niðurstöðurnar við. Eins og áður segir er ekki auðvelt að bera saman tölur á milli búa þar sem breytileikinn er svo mikill og þess vegna er best að skoða eigin tölur.

Framansögðu til viðbótar má benda á greinina „Aukin afköst við mjaltir“ sem birtist í 4. tbl. Bændablaðsins á þessu ári en í þeirri grein er einnig bent á ýmsar leiðir til þess að auka hagkvæmni mjaltanna.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk

Grænt og vænt í eyðimörkinni

Í jórdönsku eyðimörkinni eru nú gróðurhús á stærð við fjóra fótboltavelli sem fyrirtækið Sahara Forest Project stýrir. Þar áætla þeir að framleiða um 10 þúsund lítra af ferskvatni á hverjum degi og uppskera um 130 þúsund kíló af grænmeti á ári.

Verkefnið, sem Sahara Forest Project, stýrir byrjaði sem tilraunaverkefni í Katar árið 2012. Hér er grunnhugsunin einföld: Taktu eitthvað sem er meira en nóg af eins og eyðimörk og saltvatn og notaðu það til að framleiða eitthvað sem er not fyrir, eins og orku, mat og ferskvatn. Hin stóru gróðurhús í eyðimörkinni og reksturinn í kringum þau eru drifin áfram af sólarorku og flutningur á saltvatni inn í eyðimörkina er grundvöllur til þess að starfrækja verkefnið.

Saltvatnið lykillinn að framleiðslunni

Saltvatnið er notað til að nýta sólarorkuna á sem árangursríkastan hátt. Það er notað til að kæla niður gróðurhúsin á þeim tímum sem er mjög hátt hitastig utandyra og þá þarf að vökva helmingi minna. Saltvatnið nýtist einnig til að framleiða ferskvatn fyrir vökvunarkerfin og til drykkjarvatns og saltið sem verður eftir er útbúið til notkunar. Fyrir utan gróðurhúsin er ræktaður matur og fóður með hjálp af sömu tækni fyrir niðurkælingu og áveitur.

Reynsluverkefnið í Katar leiddi af sér góðar niðurstöður með góðri uppskeru, umframorku og salt sem hægt var að selja. Markmiðið er að koma á fót fleiri sambærilegum verkefnum á öðrum þurrum svæðum sem eru ekki nýtt í dag og gera eyðimörkina græna að nýju. Það er meðal annars gert með nýja verkefninu í Jórdaníu.

Landgræðsla og uppgufunarstöð

Aðalskrifstofur Sahara Forest Project eru í Noregi en utanríkisráðuneytið þar í landi, loftslags- og umhverfisráðuneytið og Yara styrkja verkefnið ásamt fleiri erlendum fjárfestum.

Þegar verkefnið var vígt kom Hákon krónpins Noregs á staðinn ásamt konungnum af Jórdaníu, Abdullah II.

„Það er mjög áhrifamikið að sjá að þeir ná að framleiða bæði mat, drykkjarvatn og orku í þessu eyðimerkurlandslagi. Þetta er svæði sem áður var ekki nýtt til neins. Ef maður hugsar um áhrif verkefnisins þá getur það verið innlegg í baráttunni við loftslagsbreytingarnar, það getur búið til græna vinnustaði og leyst mikilvægar áskoranir fyrir komandi kynslóðir,“ sagði Hákon krónprins við opnunina.



Loftslags- og umhverfisráðherra Noregs, Vidar Helgesen, Hákon krónprins, norski sendiherrann Tone Allers og forstjóri Sahara Forest Project, Joakim Hauge, smakka á fyrstu agúrkuuppskerunni í nýju gróðurhúsunum í eyðimörkinni í Jórdaníu. Myndir / Anders Nybø og Sahara Forest Project



Svæðið í heild er á við fjóra knattspyrnuvelli að stærð.



Hér má sjá inn í eitt af gróðurhúsunum og lítur vel út í eyðimörkinni.

Aqaba í byrjun september, samanstendur af tveimur gróðurhúsum sem geta niðurkælt saltvatn, þar eru landgræðslusvæði í kring og uppgufunarstöð fyrir salt. Í verkefninu verða framleiddir 10 þúsund lítrar af ferskvatni á hverjum degi með notkun á sólarorku og áætlað er að hægt verði að framleiða um 130 þúsund kíló af grænmeti árlega. Einnig verður rannsóknarsetur á svæðinu fyrir frekari þróun á umhverfistækni.

/ehg – Det norske kongehuset

LESENDABÁS

Stóru línurnar eru skýrar

Málefni landbúnaðarins fara varla framhjá mörgum. Núna ber stöðu sauðfjárbænda hátt en heildarmyndin er miklu stærri og víðtækari.

Hún felur í sér eina af grunnstefnum samfélagsins á tímum þegar umhverfis- og loftslagsbreytingar hafa áhrif á hvert mannsbarn veraldar.


Ari Trausti Guðmundsson.

Skjót viðbrögð

Næsta ríkisstjórn, eða Alþingi ef stjórnarmyndun dregst úr hófi, verður að bregðast hratt við vanda sauðfjárbúa í stað þess að teygja lopann eins og gerst hefur, því miður. Ég ætla þó ekki að fjölyrða um lausnir í þeim efnum en lít svo á, líkt og margir þingmenn fyrrum stjórnarandstöðu, að taka eigi í meginatriðum mið af tillögum bænda í þessum efnum. Það hefur komið fram hjá Katrínu Jakobsdóttur og Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, meðal annars í fjölmiðlum og á Alþingi. Í stað þess nokkur orð til ykkar um mikilvæg stefnumál við mótun framsækinnar landbúnaðarstefnu hér á landi.

Landbúnaður á grænni grein

Stefnumálin eru í takt við stefnu FAO hjá Sameinuðu þjóðunum, heimsmarkmið samktakanna og þá sjálfbærni og það andóf gegn loftslagsbreytingum sem er skylda okkar að vinna ötullega að. Þau eru meðal annarra þessi:

- Öflug en misstór fjölskyldubú og samvinna á milli þeirra í nábýli.
- Nýting jarðvegs og annarra auðlinda í öllum landshlutum þar sem fólk vill búa.
- Aukin áhersla á innlenda matvælaframleiðslu í öllum geirum hennar og þá meðal annars á öfluga ylrækt.
- Aukin nýsköpun og styrkari hliðargreinar við hefðbundinn landbúnað, svo sem betri nýting hráefna og jurta til fjölbreyttrar framleiðslu.
- Áhersla á framþróun ferðaþjónustu í dreifðum byggðum.
- Stytting flutningsleiða, jafnt til slátur- og afurðastöðva sem neytenda.
- Rafvæðing bíla og véla eftir því sem unnt er og aukin notkun innlends eldsneytis, svo sem metans og metanóls, sem framleiða má staðbundið í auknum mæli.
- Stýrð beit samfara elfdri uppgræðslu þar sem illa farið land eða auðnir á láglendi blasa við, með beinum tilstyrk ríkisins.
- Aukin skógrækt og endurheiumt votlendis þar sem það á við.
- Bættar samgöngur, ljósleiðaravæðing og aukið orkuöryggi, ásamt tengingum við þrífasa rafmagn.

Fjárfesting sem borgar sig

Lausnir í hverjum lið eru safn aðgerða sem ákvarða verður í samvinnu samfélagshópa og kjörinna fulltrúa. Verkefnin verða ekki leyst á örfáum árum, heldur í skjóli meirihlutastjórnar sem fylgir fyrrgreindum stefnumiðum og með öflugum sveitarstjórnum. Sjálfbær og fjölbreyttur landbúnaður á heimsvísu, samkvæmt þörfum fólks en ekki stórfyrirtækja og sem andæfir loftslagsbreytingunum, er ein helsta stoðin undir viðleitni til að tryggja vænlega framtíð. Fjárfesting í sjálfbærum landbúnaði er fjárfesting til góðs fyrir Íslendinga jafnt sem aðra – ekki aðeins í peningum heldur og vegna umhverfisins.

Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður VG

Ísland allt blómstri

Við þurfum að hafa þekkingu og innsýn, skilning og kjark til að leggja fram róttækar hugmyndir um hvernig við styrkjum landbúnaðinn og skjótum þannig sterkari stoðum undir byggð í sveitum. En við þurfum einnig að hlusta á gagnrýni, móttaka aðrar hugmyndir og vera tilbúin til rökræðna til að hægt sé að móta sameiginlega sýn á framtíðina.

Á síðustu mánuðum hef ég, ásamt nokkrum félögum mínum, unnið að því að móta hugmyndir og tillögur um nýja byggðastefnu og nýja hugsun í skipulagi landbúnaðarins. Þar byggi ég á reynslu og þekkingu sem ég hef öðlast á síðustu fjórum árum við að starfa á alþingi, en ekki síður á því sem ég hef lært sem bóndi og sem formaður Bændasamtaka Íslands í tæpan áratug.

Ætlunin var að halda á fund bænda um allt land nú í haust. Efna til umræðu um hugmyndir og aðferðir. Svo sprakk ríkisstjórnin, eins og allir vita og kosningar eru handan við hornið. En óháð kosningum þá er margt og ekki léttvægt sem þarf að ræða við bændur og þess vegna höldum við okkar striki. Við ætlum ekki að leggja fram bunka af kosningaloforðum eða kynna hinar endanlegu lausnir. Við ætlum að kynna hugmyndir um hvernig hægt er að leggja grunn að blómstrandi byggð í sveitum. Og við viljum skapa umræðu og fá bændur og íbúa sveitanna til að móta stefnu til framtíðar.

Í níu ár fór ég í bænafundaferðir um landið og hélt ríflega 100 bændafundi. Þar voru umræður fjögurar, menn óhræddir við að lýsa skoðunum sínum og það án


Haraldur Benediktsson.

tæpitungu. En fyrst og síðast voru bændur alltaf tilbúnir til að ræða nýjar hugmyndir, nýjar aðferðir og tillögur. Líklega hefur aldrei verið meiri nauðsyn fyrir bændur og íbúa landsbyggðarinnar að láta til sín taka, þegar vá er fyrir dyrum – það blasir við byggðaröskun, afkomuhrun. Fráfarandi landbúnaðarráðherra bar ekki gæfu til að leiða fram viðunandi aðgerðir til að bregðast við. Í viðtali við Bændablaðið hef ég lýst áliti mínu á tillögum hennar. Við það er engu að bæta.

Formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, Jón Gunnarsson byggðamálaráðherra og ég sem formaður fjárlaganefndar alþingis, höfum sett saman tillögu um neyðaraðgerð til aðstoðar sauðfjárbændum. Þegar þetta er ritað er ekki komin niðurstaða um hvort sú aðgerð sem við höfum sett saman, ekki síst á grundvelli skýrslu Byggðastofnunar, nær fram að ganga. Til þess þarf atbeina fleiri ráðherra starfsstjórnarinnar. Tillaga okkar kallar ekki á lagabreytingar eða upptöku á samningum við bændur. En hún er heldur ekki fullnægjandi til lengri tíma. Það er ljóst að í mun meiri aðgerðir þarf að ráðast og þá fyrst og fremst í fullu samkomulagi við bændur. Það munu aldrei verða með mínum stuðningi aðgerðir sem ganga gegn því gegn áratuga samstarfi bænda og stjórnvalda um samstarf á mótun á starfsumhverfi landbúnaðarins.

Pólitískar aðstæður eru fordæmalausar. Ríkisstjórnin sem nú fer frá var ekki óskaríkisstjórn mín. Hún var stjórn sem mynduð var af skyldurækni við það hlutverk alþingismanna að rísa undir þeirri að hér starfi ríkisstjórn. En hún hrökklast frá þegar ábyrgðarlausir stjórnmálamenn brugðust. Það er mikilvægt að kosningar 28. október nk. leiði til meiri festu í stjórnmálum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill með fundum með bændum leggja fram nýjar og kannski óvæntar hugmyndir að því hvernig má á næsta áratug, sækja fram á nýjum sviðum. Sýn okkar verður að mótast með bændum. En grundvallaratriði er að skapa hér aðstæður til að efla byggð í sveitum á ný og afkomu bænda. Það er einfaldlega afstaða Sjálfstæðisflokksins að Ísland verði sterkara með traustri byggð í sveitum og bæjum um land allt.

Okkur gengur einfaldlega best þegar byggð um land allt er sterk. Látum Ísland allt blómstra.

Haraldur Benediktsson

Kolefnisjafnað Ísland

Flest íslensk fyrirtæki sem flytja út vörur eða þjónustu byggja ímynd sína að verulegu leyti á því að vera frá Íslandi. Hreinleiki landsins er því grundvallaratriði í verðmætasköpun í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, landbúnaði og öðrum greinum. Að jafnaði aukast verðmætin eftir því sem tengingin við upprunalandið Ísland er meiri.

Fá ríki í heiminum eru jafn græn og Ísland. Nánast öll okkar orka kemur frá jarðhita eða fallvötnum sem er einstakt. Hafið í kringum landið er hreint og náttúran að stórum hluta ósnortin. Hér notum við hvorki vaxtarhvetjandi hormóna né sýklalyf í landbúnaði og eiturefnanotkun er lítil. Okkur hefur lánast að nýta fiskistofnana með sjálfbærum hætti. Samkvæmt umhverfisvísitölu sem Yale háskóli gefur út erum við í öðru sæti yfir umhverfisvænstu þjóðir heims.

Ímynd hreinleika skilar tekjum

Einföld greining á styrkleikum og tækifærum sýnir okkur að skynsamlegt er að vinna áfram með þessa stöðu og verða ennþá umhverfisvænni. Út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar er því skynsamlegt að allir Íslendingar og öll íslensk fyrirtæki stefni að því að verða eins græn og mögulegt er. Það mun einfaldlega skila fleiri krónum í kassann og fleiri störfum um allt land. Á okkar dögum eru


Svavar Halldórsson.

umhverfismál því efnahags- og atvinnumál.

Það njóta allir Íslendingar þess sem vel er gert í umhverfismálum í formi betri árangurs í útflutningi og meiri verðmætasköpunar. Við slíkar aðstæður er hins vegar alltaf hætta á því að til verði fríþegavandamál. Einstaka aðilar reyni að spara sér vinnu og útgjöld í umhverfismálum en njóti ávaxtanna á við alla aðra. Flestir eru sammála um að hið opinbera grípi inn í við slíkar aðstæður.

Fordæmi grannþjóðanna

Auðvelt er að færa rök fyrir því að hinu opinbera beri að standa vörð um þau verðmæti sem felast í hreinni náttúru og jákvæðri ímynd Íslands. Þetta gera nágrannaþjóðir okkar og bæði Svíar og Norðmenn lýst því yfir að ríkin verði kolefnishlutlaus fyrir 2050. Hið sama eigum við Íslendingar að gera.

Líklega er ekkert vestrænt ríki sem þarf að taka jafn fá og lítil skref til að verða kolefnishlutlaust ríki eins og Ísland. Við getum bæði dregið úr losun og aukið bindingu. Yfirlýsing og raunsæ áætlun um kolefnishlutleysi myndi styrkja ímynd lands og þjóðar og vekja mikla athygli um allan heim. Við eigum ennþá möguleika á því að verða á undan nágrönnum okkar til að ná þessu takmarki.

Allt bendir til þess að mikill vilji sé hjá atvinnulífinu til að taka þátt í þessu verkefni. Að geta selt sjálfbæran fisk eða kjöt frá kolefnishlutlausu landi mun skila sér í beinhörðum peningum til okkar allra. Að ekki sé nú talað um öll þau tækifæri sem þetta opnar ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum. Kolefnisjafnað Ísland á að vera eitt helsta forgangsmál okkar allra.

Svavar Halldórsson
Framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts og Icelandic lamb.



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 19. október

Sauðfjárrækt – Aðgerðir til eflingar

Í nokkra mánuði hefur mikil tímabundin verðlækkun sauðfjárafurða legið fyrir. Ástæða lækkunarinnar er einkum vegna gengisþróunar og tímabundinnar lokunar á mörkuðum erlendis.

Samtök bænda hafa átt í viðræðum við stjórnvöld um lausnir og í því sambandi lagt fram margvíslegar hugmyndir. Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar með landbúnaðarráðherra í fararbroddi hefur því miður dregið lappirnar og ítrekað kemur í ljós skilningsleysi gagnvart stöðu landsbyggðarinnar. Tillögurnar sem stjórnvöld kynntu virtust einungis snúast um að fækka bændum og koma til móts við þá sem ætla að bregða búi en lítill vilji virtist vera til að styrkja stöðu þeirra sem ætla að halda áfram. Þetta er röng hugsun og er til þess fallin að veikja landsbyggðina til lengri tíma litið.

Það hefur komið vel fram hversu mikilvægt er að ráðherra landbúnaðarmála hafi skilning á byggðamálum. Hvernig stóð á því að Viðreisn fékk ráðuneyti landbúnaðarmála? Var það vegna mikils skilnings á byggðamálum eða var það vegna pólitísks samkomulags um að landbúnaðinum skyldi fórnað fyrir ráðherrastóla? Ef sú er raunin þá er það mikið ábyrgðarleysi gangvart bændum, fjölskyldum þeirra og einstökum byggðalögum sem byggja á sauðfjárrækt. Þeirri óvissu sem þessi ríkisstjórn hefur boðað er sem betur fer að ljúka og mikilvægt að við taki stöðugleiki og festa fyrir þau byggðalög sem byggja afkomu sína á landbúnaði.

Framsókn leggur áherslu á að



Ásmundur Einar Daðason.

ráðist verði strax í aðgerðir fyrir sauðfjárbændur að afloknum kosningum. Þar verði lögð sérstök áhersla á að horfa til framtíðar í stað þess að brjóta niður greinina. Helstu áherslur eiga að vera eftirfarandi:

- Framsókn vill hætta við að greiða bændum sérstaklega fyrir að bregða búi eða slátra fullorðnu fé. Það á ekki að vera meginmarkmið stjórnvalda að fækka bændum um 20%.
- Framsókn vill að samþykkt verði aukafjárveiting til að vega upp tímabundna tekjuskerðingu bænda vegna sláturstíðar í haust.
- Framsókn vill styðja með beinum hætti við áætlanir bænda um sameiginlega markaðssetningu dilkakjöts á erlendum mörkuðum undir merkinu „Icelandic lamb“.
- Framsókn vill að unnið verði að lagabreytingum til að ná fram sveiflujöfnun birgða á innanlandsmarkaði.
- Framsókn vill að Byggðastofnun verði falið að fara yfir lánamál sauðfjárbænda til að koma í veg fyrir brottfall vegna tímabundinna skuldavandræða.

Atriðin sem talin eru hér að ofan eru ekki tæmandi en eru forgangsmál til að leysa stöðu sauðfjárbænda. Íslendingar vilja öfluga sauðfjárrækt og stuðningur við bændur er mikill í íslensku samfélagi eins og fram hefur komið síðustu mánuði. Nærri 30 sveitarfélög hafa sent frá sér ályktanir vegna stöðu sauðfjárbænda og margir aðrir hafa tjáð áhyggjur sínar af stöðunni. Sauðfjárræktin gegnir ekki einungis því hlutverki að framleiða matvæli heldur er hún víða undirstaða byggðar. Öflug sauðfjárrækt er því öflugasta byggðaaðgerðin á mörgum svæðum.

Það er ljóst að sauðfjárrækt sem og önnur innlend matvælaframleiðsla á mikil sóknarfæri og það er mikilvægt að tímabundin vandræði komi ekki í veg fyrir að menn horfi til framtíðar. Framsóknarflokkurinn mun standa með landbúnaði og innlendri matvælaframleiðslu að afloknum næstu alþingiskosningum.

Ásmundur Einar Daðason
sækist eftir 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í N- kjördæmi

LSB

Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Öllum greiðandi sjóðfélögum hefur verið sent yfirlit um skráð iðgjöld hjá Lífeyrissjóði bænda fyrir tímabilið janúar til ágúst 2017.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
s. 563 1300 - lsb@lsb.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir fjárfestingastyrki til eflingar innlendrar eldsneytisframleiðslu

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis

Styrkirnir eru auglýstir á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð.

Styrkir þessir eru einungis ætlaðir fyrirtækum, sem þegar framleiða innlent eldsneyti og vilja ráðast í kaup á tækjabúnaði í þeim tilgangi að auka gæði og/eða umfang framleiðslunnar.

Eingöngu er um að ræða fjárfestingarstyrki. Styrkupphæðin getur hæst numið 50% af verði keypts búnaðar, **þó að hámarki 5 m.kr.**

Við mat á umsóknum verður sérstaklega horft til:

- Aukinna gæða eldsneytisins.
- Aukinnar afkastagetu.
- Reynslu umsækjenda
- Almennra gæða umsóknar og þeirra áætlana sem henni fylgja.

Umsóknarfrestur er til 27. október 2017

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 20. desember 2017


Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda Rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyrií síma 569 6083 – Netgang Orkusjóðs er jbj@os.is - Orkusjóður á www.os.is

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS



Almanak
Háskóla Íslands 2018

komið í helstu bókaverslanir um land allt.

Fæst einnig á: www.almanak.is

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

VÉLABÁSINN

Út að leika á 182 hestafla Honda Civic



Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.334 kg
Hæð	1.421 mm
Breidd	1.800 mm
Lengd	4.497 mm

Honda Civic Prestige. Myndir / HLJ

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Honda Civic kom fyrst á markað 1972, þá þótti það nýjung að vera með framhjóladrifna bíla og var þessum litla Honda Civic líkt við Breska Austin Mini bílinn, en vélin var eitthvað kraftmeiri en í Mini.

Nú 45 árum seinna er enn einn nýr Civic kominn og nú með 182 hestöfl. Ég tók skemmtilegan hring á bílnum fyrir stuttu.

Framandi útlit og hönnun

Að keyra bílinn frá Bernhard í Bústaðahverfið þar sem ég bý fannst mér eins og að ég sæti á götunni því svo lágt situr maður í bílnum. Eftir aðeins nokkur hundruð metra var mér farið að líða vel í bílnum, þægilegur í akstri og krafturinn var bara skemmtilegur, þessi prufuakstur lofaði góðu. Að horfa á bílinn í innkeyrslunni hjá mér út um eldhúsgluggann og virða fyrir mér framandi útlit bílsins var það fyrsta sem mér datt í hug brot úr Batman-mynd þar sem skot myndavélarinnar var yfir bílaflota Batmans og í huganum fannst mér að bæði litur og útlit Honda Civic hefði fallið vel inn í þetta faratækjasafn Batmans.

Prufuaksturinn miðaðist að mestu við malbik

Út frá hönnun bílsins er greinilegt að þessi bíll er ekki sá besti til aksturs á holóttum malarvegum, en eins og alltaf prófaði ég bílinn á möl. Á tiltölulega góðum malarvegi með lausu yfirborði kom það mér á óvart að mjög lítið malarvegahljóð kom upp undir bílinn og fjöðrunin var góð, bíllinn liggur vel á lausu yfirborði, en hæð undir framendann á bílnum gerir það að verkum að ekki mega vera miklar holur á veginum svo að steinar, sem oft myndast á miðju malarvega, nái ekki upp undir lægsta punkt.

Á malbiki er Honda Civic hreint draumur, liggur vel í öllum beygjum og hreint ótrúlegt hvað bíllinn er skemmtilegur inn og út úr beygjum. Þrátt fyrir að ég hafi nánast alfarið haldið mig á malbiki náði ég að rispa undir lægsta punkt á malbikuðum veginum heim að Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd þar sem kantarnir eru svo signir undan umferð að á miðju vegarins er hryggur.

Kostir og gallar

Séu kostirnir teknir fyrst þá er akreinalesarinn og blindhornsvarinn þeir hlutir sem ég var hrifnastur af.

Þráðlaust hleðslukerfi fyrir farsíma er í bílnum (setti síma í hleðslu sem var með 75% hleðslu og um 30 mín. síðar var síminn kominn í 100%), einnig eru tenglar fyrir hleðslutæki með snúrum og hitari í aftursætum.

Bakkmyndavélin sýnir vel aftur fyrir bílinn og á sama skjá er leiðsögukerfi og útvarpið og fyrir mig, tölvuheftan manninn, fannst mér þægilegt að nota þetta og breyta.

Eyðslan er ekki mikil, en uppgefin eyðsla á hverja 100 km í blönduðum akstri er á bilinu 5,8–6,1 lítri. Mín eyðsla í blönduðum akstri var 7,7 lítrar, sem er að mínu mati mjög gott þar sem mér leiddist ekki að gefa bílnum vel inn út úr hverri einustu beygju.

Ljósatakkinn er þannig að maður kveikir ljósin þegar maður kaupir bílinn og slekkur aldrei aftur (vegna laga um ljósaskyldu allan hringinn alltaf). Bíllinn slekkur öll ljós þegar honum er læst og því hægt að vera alltaf með ljósarofann stilltan á full ljós.

Ókostir eru hvað lágt er undir bílinn að framan (12,9 cm) og í honum er ekkert varadekk.

Verð ekki hátt miðað við gæði

Bíllinn sem ég prófaði heitir Honda Civic Prestige og kostar 4.390.000, en ódýrasti Civic er frá 3.920.000, en sá dýrasti á 4.790.000. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um Honda-bíla á vefsíðunni www.honda.is.



Einn flottasti afturendi á fólksbíl er á Honda Civic.



Fín bakkmyndavél með góðum útskýringum á skjánum.



12,9 sentimetrar undir lægsta punkt er ekki mikið, náði að reka niður bílinn á malbikuðum veginum að Kálfa.



Blindhornsvari er kominn í marga bíla og ætti að vera í öllum bílum. Hann virkar vel í Honda Civic.



Muna þarf á flestum Honda-bílum að kveikja ljósin þegar ekið er af stað til að vera löglegur í akstri.



Tók ekki nema um 30 mín. að hlaða þau 25% sem vantaði á hleðslu símans í þráðlausu hleðslukerfinu.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Þó að ekki sé nema örlítill sjáanlegur árangur er það skref í rétta átt:

Fleiri hjálmar sjást í smalamennskum á fjórhjólum og hestum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Í rúm fimm ár hefur pistill þessi, sem nefnist Öryggi-Heilsa-Umhverfi, verið skrifaður í hvert blað.

Í fyrstu fannst mér sem þetta ritar það ósköp tilgangslaus skrif og tímaeyðsla þar sem enginn lesi þessa pistla og hvað þá að nokkur færi eftir ábendingum sem fram hafa komið í þessum pistlum. Það var því nokkur ánægja og gleði að taka eftir því að þegar verið var að skoða myndir sem voru eldri en fimm ára úr smalamennskum að þar voru ótrúlega margir smalar bæði á hestum og fjórhjólum hjálmlausir. Nú í haust sem svo oft áður fór ég í smalamennsku og nánast undantekningarlaust voru allir með hjálma og það sem meira var að sumir fjórhjólamenn voru komnir í brynju undir úlpuna.


Var lastaður fyrir grófa myndbirtingu í einum pistli

Ég er ekki einn um að finnast að umbætur og öryggismál gangi hægt.

Á haustdögum erlendis er vika sem nefnist öryggisvika tileinkuð landbúnaði í nokkrum löndum, en í kynningarefni og auglýsingum er stefnt á að tileinka sem svo oft áður þessa viku börnum vegna tíðra slysa á börnum í bandarískum landbúnaði.

Í Bandaríkjunum er mikið unnið í forvörnum tengdum landbúnaði af mörgum félagasamtökum og opinberum stofnunum.

Í nýlegri greinargerð frá Cultivate Safety, sem hugsar aðallega um öryggi barna í landbúnaðarhéröðum Wisconsin í Bandaríkjunum, fannst þeim ekki ganga nægilega vel að ná til fólks í forvarnarfræðslu um hættuna sem er á býlum í Bandaríkjunum, en



Sjálfur var ég lastaður fyrir myndbirtingu í einum pistli hér þar sem mynd með lesefni um tryggingar á börnum var af unglingi með heykvísl fasta í óæðri endanum. Fannst mörgum ég fara þar yfir strikið. Nú vilja samtökin National Children's Center for Rural and Agricultural fara svipaða leið með ítarlegri myndbirtingum til að ná betur athygli fólks varðandi forvarnir.

í öllum Bandaríkjunum deyr barn undir 15 ára aldri þriðja hvern dag á bændabýlum. Í þessari greinargerð var nefnt að alltaf þyrfti ógeðfelldari myndir og umsagnir til að ná til lesenda. Sjálfur var ég lastaður fyrir myndbirtingu í einum pistli hér þar sem mynd með lesefni um tryggingar á börnum var af unglingi með heykvísl fasta í óæðri endanum. Fannst mörgum ég fara þar yfir strikið.

Ýmislegt gert til að ná athygli lesanda í forvarnarskyni

Fleiri en Cultivate Safety kvarta undan að illa gangi að ná til fólks með öryggismál, en UMASH (Upper Midwest Agricultural Safety and Health Center) hafa kvartað undan að lítið gangi að fækka slysum.

Í Bandaríkjunum starfa samtök sem nefnast National Children's Center for Rural and Agricultural og hafa verið starfrækt síðan 1997. Þessi samtök voru nýlega að auglýsa öryggisviku sem var 17.-23 september. Í auglýsingunni var nefnt að yfir 30 börn slasist daglega og þriðja hvern dag verði banaslys barna í bandarískum landbúnaði. Við stutta yfirferð á því sem kom fram á þessari öryggisviku var meðal annars hugmynd um að fara nánar og ýtarlegar í að skýra frá slysum og sýna verri myndir til að ná athygli fólksins sem forvarnirnar eru ætlaðar. Sem dæmi um það var nefnt sérstaklega



Fyrir 5-10 árum var algeng sjón að sjá smala á fjórhjólum og hestum hjálmlausa, en í dag er það undantekning.

slys sem er búið að fjalla mikið um í Bandaríkjunum þegar fimm ára drengur ók yfir 13 mánaða gamla systur sína á dráttarvél.

Einstök slys og lýsingar af þeim er eitthvað sem enginn vill vera upphafsmaður að í að setja á prent, svo að ekki komi til þess er bara ein leið, að fara eftir leiðbeiningum til að forðast slysin.

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Vinnu- og dráttarvéladekk
Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
20% afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk
MOTUL Smurþjónusta
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: ALASTAIR RAE (CC BY-SA 2.0)

	↓	NÆGILEGA	RJÚKA / ÓLÆTI				GÆFA / ERLENDIS			AÐ / HÆKKA	
GLEÐI						RUNNI / ANDI					KAST	ANGAR	
KVITTUN					EINING / SKÓA				DÁLÍTIÐ / FELL				
TVEIR EINS			SLÁTTAR-TÆKI / FRÆÐA					AFSAGNAR / ALDRAÐUR					
Í VIÐBÓT				STREITA / ÞEKKJA					KVARTANIR / AGNÚI				TÓFT
		MÆLI-EINING / VEGUR					TEMJA / FORSÖGN			SAMSTÆÐA / SKYNFÆRI			
HÓTUN						SAFNA SAMAN					ÓREIÐA / FARVEGUR		
ELDUNAR-ÁHALD						LOFTSKÖR / Í RÖÐ						TVEIR EINS	
ÁN					SLEIPUR					GÆTT			
KLIPPARI							MÝKJAST						

70	LEIÐUR	DETTA	UMRÓT	HVORT	LYKT		VIÐSKIPTI	EFTIRRIT	FJÁR-HIRÐIR	LÖGG
KÁMAST										
GLEFSA						ÞURRKA ÚT / HÓFDÝR				
ÓÐAGOT					SKORDÝR / SLÆMA					
TRÉ / ÆTTAR-SETUR						TOGVINDA / FUGL				LANDS

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

69	MYNDA-MÓT	VAGGA	GUFA	TVEIR EINS	RÉTT		UPP-HRÓPUN	ÞREPA	FYRIR	ÓNÁÐA
YRKINGAR	K	V	E	Ð	S	K	A	P	U	R
TEYMA	L	E	I	Ð	A	ÞESSA / BEINN	H	A	N	A
LYKT	I	L	M	SKÝLIS / ÚRRÆÐI	T	J	A	L	D	S
STIKLA / ÞUS	S	T	U	L	T	A	DRAUP / BLANDAR	L	A	K
↓	GRANDI	SJÁVAR-MÁL / Í RÖÐ	F	J	A	R	A	ANA / ÁTT	F	L	A	N	A
SMÍÐA	S	E	M	J	A	SÆGUR	ELSKA / REIÐAR-SLAG	U	N	N	A	ELDS-NEYTI	DRABB	TVEIR
VINKONA	V	I	N	A	DÆSA / LOKKAR	M	Á	S	A	SPIL / URMULL	G	O	S	I
SPRIKL	I	Ð	BOLUR / TÆTA	S	T	O	F	N	KRAUMI / NIRFILL	M	A	L	L	I
ÖGN	F	I	S	HEIÐUR / ROTNA	Æ	R	A	LÁRVIÐAR-RÖS / JAFNOKI	N	E	R	Í	A	MAUK
	B	ERFIÐI / MÆLA	P	Ú	L	SLÁTTAR-TÆKI	L	J	Á	R	STRUNS / ELDHÚS-ÁHALD	A	R	K
ÁTÖLUR	Á	M	Æ	L	I	VILJA / SPENDÝR	L	A	N	G	A	BÓK-STAFUR / ALDUR	K	Á
KVEIKJA	T	E	N	D	R	A	PABBA / INNAN	F	Ö	Ð	U	R	TVEIR EINS	S
ÁN	U	T	A	N	DRYKKUR	P	Ú	N	S	ÞÓFTA	S	E	S	S
MÆLITÆKI	R	A	K	A	R	I	T	I	STRITA	B	A	K	S	A

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar



Skiphylur



Í janúar 2009 tóku Sigfús og Kristjana við búi af foreldrum Kristjönu, þeim Guðmundi Þorgilssyni og Lilju Jóhannsdóttur.

Þau hófu fljótlega að stækka fjósið úr 26 básum í 50 bása, settu upp mjaltarbás ásamt því að stækka geldneytisaðstöðuna. Einnig hefur kindunum fjölgað eitthvað.

Sama ættin hefur verið á Skiphyl síðan 1883.

Býli: Skiphylur.

Staðsett í sveit: Á Mýrum í Borgarbyggð.

Ábúendur: Sigfús Helgi Guðjónsson og Kristjana Guðmundsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Sigfús Helgi og Kristjana. Sigfús á svo Guðríði Hlíf, 24 ára, sem er í sambúð með Sölva Gylfasyni, og Ísak 20 ára, sem er í sambúð með Helgu Guðrúnu Jómundsdóttur.

Smalahundurinn Vala og verðandi smalahundur Eik. Kötturinn Gulli.

Stærð jarðar? Um 900 ha. Af því eru ræktaðir um 60 ha.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 42 mjólkurkýr og 70 geldneyti, 170 sauðfé, 6 hross, 14 hænur og 3 svín.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar á morgunfjósi um kl. 7.30, morgungjöf í fjárhúsunum strax á eftir. Kvöldgjöf í fjárhúsunum og svo farið í kvöldfjós kl. 18.00. Fjósið búið um kl. 19.30. Önnur verk eru misjöfn eftir árstíðum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Kristjönu finnst sauðburðurinn og að sjá lömbin koma heim af fjalli skemmtilegust en það leiðinlegasta vera rigningatíð í heyskap.

Sigfúsi finnst skemmtilegast að vera í jarðrækt og sjá lömbin koma heim af fjalli. Leiðinlegast eru bilaðar vélar í heyskap.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðum hætti og í dag.





Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Í ágætis horfum en alltaf má brýna klærnar.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel, með áfamhaldandi sveiflum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Tækifærin eru óendanleg með viljann af vopni, en þá er að hitta á þau.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, kokteilsósa og bjór.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Wellington-nautasteik með bearnaisessósu, bökuðum kartöflum og hvítlaukssteiktum sveppum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við stækkuðum fjósið og tókum mjaltarbásinn í notkun seint árið 2010.



Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Tveir góðir laxaréttir

Hér leikur laxinn aðaðlhlutverkið í tveimur gómsætum haustréttum.

Hrár marineraður lax með ponzu-sósu

- 4 fallegir laxabitar eða 1 laxflak roðlaust.
- 1 teskeið sjávarsalt
- 2 matskeiðar jurtaolía

Ponzu-sósa

- 1 greipaldin
- 1 appelsína
- 1 lime
- 1/4 bolli sykur
- 1/4 bolli sojasósa
- 1/4 bolli hrísgrjónaedik

Fyrir sósu:

Notið rifjárn til að fjarlægja litríkan börkinn af greipaldinu, appelsínum og lime, geymið börkinn.

Kreistið safann úr ávöxtunum.

Setjið sykurinn á þurra pönnu yfir miðlungsháan hita og hrærið á pönnunni þar til sykurinn byrjar að leysast upp og tekur á sig karamellulit.

Hellið ávaxtasafa saman við sykurinn og passið ykkur að brenna ykkur ekki því að blandan mun sjóða og gufa hratt upp áður en jafnvægi næst á sírópið.

Sjóðið í um 2 mínútur og hrærið til að leysa upp karamelluna.

Þegar karamellusykurinn hefur verið leystur upp, bætið þá sojasósu og ediki við.

Setjið helminginn af sítrusberkinum í pottinn og látið sjóða í tvær eða þrjár mínútur, eða þar til blandan hefur örlítið þykknað.

Það má sigta hana eða hafa börkinn í sem skraut.

Berið sósuna fram heita eða við stofuhita.

Fyrir laxinn:

Skolið laxabitana, stráið sjávarsaltinu yfir.

Hitið stóra pönnu að meðalhita, í um eina mínútu.

Setjið olíuna á pönnuna og hún ætti að verða næstum sjóðandi heit.

Setjið laxinn á pönnuna og steikið í fjórar til fimm mínútur, eða þar til skorpa hefur myndast á hlið fisksins.

Snúðu flökunum við og eldið í tvær mínútur til viðbótar, eða þar til fiskurinn er ekki alveg eldaður í gegn. Hann ætti að vera hálf hrár eins og sushi.

Framreiðið ásamt nokkrum sneiðum og börk af sítrúsávöxtunum ofan á. Ásamt sósunni til hliðar er gott að hafa ferskt salat og jafnvel ristað brauð með.

Graflax ...

... er sælkeramatur sem auðvelt er að búa til.

- 1 stk. beinlaust flak með roði
- 1 tsk. kúmen- eða fennel fræ
- 1 tsk. kóríanderfræ
- 40 grömm af góðu salti (um það bil 4 matskeiðar) svo auka salt fyrir saltpækil
- 25 g af sykri (um það bil 1 matskeið)
- 1/2 tsk. nýmalaður svartur pipar
- 2 stór dill búnt

Fyrir sósu:

- 3 matskeiðar hvítvínsedik
- Um tvær matskeiðar hakkað dill
- 5 msk. Dijon sinnep
- 1 matskeið sykur
- 1/4 bolli af jurtaolíu
- salt og nýmalaður svartur pipar
- gott rúgbrauð eða ristað samlokubrauð

Leiðbeiningar:

1. Fylltu stóra skál með köldu vatni og bættu við nægu af salti til að gera vatnið eins salt og hafið. Setjið laxinn út í og látið standa í 10 mínútur.

2. Ristið kúmen-/fennelfræ og kóríanderfræ á heitri pönnu, hrærið stöðugt þar til þau eru farin að ilma í um eina mínútu. Setjið í matvinnsluvél eða mortél og merjið í fínt duft.

3. Í skál, hrærið saman salti, sykri, og kryddi og blandið vel saman.

4. Fjarlægðu lax úr saltbaðinu og þurrkaðu með pappír. Snúðu laxinum upp, roðinu niður og setjið um helming saltblöndunnar yfir allt. Nuddið henni með fingrum í laxinn.

5. Setjið helminginn af dillinu yfir og hyljið með plasti. Setjið þungan bakka þar ofan á og geymið í kæli í einn dag.

6. Takið laxinn og snúið upp. Setjið meira af söxuðu dilli á laxinn og hyljið svo með plasti. Setjið þyngdina aftur ofan á og kælið þar til laxinn er nægilega grafinn, í einn til tvo daga.

Fyrir sósu:

1. Gerið sósuna áður en laxinn er framreiddur. Blandið ediki saman við dill, sinnep og sykur í blandara, þar til dillið er mjög fínt hakkað. Bætið við olíu og blandið saman þar til sósan er orðin mjúk. Kryddið með salti og pipar.

2. Takið laxinn og skafið dillið af – og setjið á skurðarbretti. Skerið graflaxinn í þunnar sneiðar með beittum hnífi. Raðið honum á brauðsneiðar að eigin vali, dreifið sósu yfir og framreiðið.

Graflax má geyma í kæli í góðum umbúðum í um fimm daga.

HANNYRÐAHORNIÐ

Kósý tími



Fallegt heklað teppi fyrir litlu krílin í vetur.

Kósý tími frá DROPS Design:

Barnateppi með gatamynstri.

Heklað teppi.

DROPS Design: Mynstur e-077-by

Garnflokkur A sem er meðal annars Baby Merino, Flora, Nord sem er mjög skemmtilegt í teppi.

Mál: Breidd: ca 65 cm. Lengd: ca 81 cm.

Efni:

DROPS SAFRAN frá Garnstudio (tilheyrir garnflokki A)

350 g litur 50, ísblár

Einnig er hægt að hekla stykkið með garni frá: "Garnmöguleiki (Garnflokkur A)" – sjá tengil að neðan.

DROPS HEKLUNÁL NR 3,5 – eða þá stærð sem þarf til að 21 stuðlar og 12 umferðir verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

UPPLÝSINGAR FYRIR MYNSTUR:

MYNSTUR:


Sjá mynsturteikningu A.1 til A.4.

HEKLLEIÐBEININGAR:

